ÞÓRA KATRÍN KOLBEINS

*Alltaf gaman að vera í fallegum fötum*

tíska heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



EUROVISION

*Áfram Ísland!*

Sérblað um Eurovision fylgir Fréttablaðinu í dag








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. maí 2008 — 137. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR


**Nýtt og framsækið á grónum grunni**

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, tekur til starfa.

TÍMAMÓT 38



**Skynjun rannsökuð**

Húbert Nói málar landslag út frá mælingum og minni.

MENNING 42

**Frábær Indy**

Fjórða myndin um Indiana Jones er frábær að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

KVIKMYNDIR 54



**Þrjú landslið tilkynnt**



Landsliðsþjálfarar í knattspyrnu karla og kvenna og í handbolta karla völdu hópa sína í gær.

ÍÞRÓTTIR 56


## VEÐRIÐ Í DAG




**KÖFLÓTT NYRÐRA** Í dag verður austan strekkingur allra syðst, annars hægari. Skýjað með köflum norðan til og austan annars skýjað og sumstaðar dálítil væta. Hiti 8-16 stig, mildast til landsins nyrðra.

VEÐUR 4

# Vaxandi neyð barna vímuefnaneytenda

**Starfsfólki Landspítalans blöskrar djúpstæður vandi barna fíkniefnaneytenda að sögn yfirlæknis. Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur segir um tuttugu mæður hafa látist vegna fíkniefnaneyslu frá því í fyrra í Reykjavík einni.**

**BARNAVERNDARMÁL** Daglega berast barnaverndaryfirvöldum tilkynningar frá Landspítalanum sem tengjast vímuefnanotkun foreldra.

Ófeigur T. Þorgeirsson, yfirlæknir slysa- og bráðadeildar, segir að ekki hafi enn gefist tími til að vinna úr tölum frá spítalanum en það eigi að gera fljótlega. Starfsfólki spítalans blöskri sú fjölgun sem virðist hafa orðið á málum vegna vímuefnanotkunar foreldra sem bitni á börnum. Samkvæmt gögnum Barnaverndarstofu bárust 542 tilkynningar úr heilbrigðiskerfinu í fyrra. „Allt sem heitir ofbeldi, áfengi og eiturlyf í tengslum við börn tilkynnum við,“ segir Ófeigur og segir dæmi um slíkt vera „þegar tveggja ára barn finnst í eiturlyfjaveislu föður síns“.

Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, segir að á einu ári hafi um tuttugu ungar mæður í Reykjavík einni dáið frá börnum sínum vegna fíkniefnaneyslu. Heilbrigðisstarfsmenn finni oft börn á heimilum fíkniefnaneytenda eftir að einhver af þeim fullorðnu hafi tekið of stóran skammt.

„Þessi þunga neysla er komin hingað til lands og fólk er að deyja af völdum hennar. Þetta hefur gerst mjög hratt og vandi barna þessa fólks aukist samhliða því. Staðan er orðin sú að við hjá Barnavernd og heilbrigðisyfirvöld þurfum að fara að bregðast við með einhverju móti,“ segir hún. Halldóra segir að ekki hafi staðið til að halda þessum tölum um lát fíkla sérstaklega saman en mikil fjölgun dauðsfalla foreldra vegna neyslu hafi orðið til þess að byrjað var á því fyrir skömmu.

Í tölum frá Barnavernd Reykjavíkur kemur fram að á síðasta ári var 228 börnum komið í fóstur í Reykjavík í fyrra. Þar af voru 128 börn sett í varanlegt fóstur.

- kdk/ sjá síðu 6



**ÓTTI** Yngstu nemendur Snælandsskóla urðu sumir óttaslegnir þegar þeir urðu varir við lögreglu og sprengjusveit Landhelgisgæslunnar í gær. Mikill viðbúnaður var viðhafður þegar sprengja fannst á byggingarsvæði nærri skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Rýma þurfti skóla eftir að fimmtíu kílóa sprengja fannst í Kópavogi í gær:

# Ótti meðal yngstu barnanna

**LÖGREGLUMÁL** Talsverður viðbúnaður var viðhafður í Kópavogi í gærdag þegar sprengja fannst á byggingarsvæði nýja HK heimilisins. 200 metra radíus í kringum skólann var girtur af og meðal annars þurfti að rýma Snælandsskóla sem er staðsettur skammt frá svæðinu.

Talið er víst að sprengjan sé frá tímum síðari heimsstyrjaldar. Ekki er vitað hvernig sprengjan komst í dalinn.

Ólíklegt er talið að sprengjan hafi verið virk, en kveikibúnaður hennar var gerður óvirkur af sprengideild Landhelgisgæslunnar og hún síðan flutt á brott.

Hanna Hjartardóttir, skólastjóri Snælandsskóla, sagði flesta nemendur skólans hafa tekið fréttunum af sprengjunni með ró. Eitthvað var þó um að yngstu börnin yrðu óttaslegin þegar þau urðu viðbúnaðarins vör.

- kg / sjá síðu. 8



**TVENNAN Í HÖFN** Ryan Giggs og Rio Ferdinand tóku við Evrópubikarnum í leikslok. NORDICPHOTOS/AFP

Meistaradeildin í fótbolta:

# United vann í vítakeppni

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Manchester United unnu í gær Evrópukeppni Meistaraliða í þriðja sinn í sögu félagsins eftir dramatískan sigur á Chelsea í framlengdri vítakeppni á Luzhniki-vellinum í Moskvu.

Það var hollenski markvörðurinn Edwin Van der Sar sem tryggði sínu liði titilinn með því að verja vítaspyrnu Nicholas Anelka. Áður hafði John Terry, fyrirliði Chelsea, fengið tækifæri til þess að vinna vítakeppnina en skaut í stöng.

- óój / sjá Íþróttir bls 28

Geiri hrósar sigri:

# Má strippa

**DÓMSMÁL Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er gert, samkvæmt tilskipun frá dómsmálaráðuneyti, að draga til baka umsögn sína um rekstur Ásgeirs Þórs Davíðssonar – Geira – á Goldfinger.**

**Sýslumaður ákvað í haust að veita Ásgeiri ekki rekstrarleyfi vegna umsagnar Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra og hans manna. Brynjar Níelsson, lögmaður Ásgeirs, kærði niðurstöðu sýslumanns vegna þess að hann taldi sjónarmið Stefáns ólögmæt og byggja á huglægu mati fremur en lögum.**

- jbg / sjá síðu 52


the PIER

Með blaðinu á morgun kemur nýji sumarbæklingurinn okkar, fullur af spennandi tilboðum á smávöru og húsgögnum!



MAX AUKABLAÐ

Eurovision glaðningur

Opið til kl. 21 í Holtagörðum í kvöld!

fylgir öllum grillum og sjónvörpum!

MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

## SPURNING DAGSINS



*Sverrir, hefði Stefán ekki frekar átt að fá úthlutað úr fýlupokasjóði?*

„Jú, hjartanlega sammála. Og ruslapokasjóði líka. Og ælupokasjóði, ef hann er þá til.“

Útgáfa nótna- og söngbókar vinsælustu laga Sálarinnar hans Jóns míns fékk styrk úr Pokasjóði verslunarinnar á mánudag. Stefán Hilmarsson, söngvari sveitarinnar, og Sverrir Stormsker tónlistarmaður hafa átt í harðvítugum ritdeilum upp á síðkastið.

Mótmæli Akurnesinga valda flóttamannanefnd miklum áhyggjum:

# Flóttafólkið ekki endilega á Akranes

**FÉLAGSMÁL** Flóttamannanefnd hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort sextíu palestínskir flóttamenn, sem væntanlegir eru til landsins í haust, muni setjast að á Akranesi eins og til hefur staðið. Guðrún Ögmundsdóttir, formaður nefndarinnar, segir að það verði ekki ákveðið fyrr en að loknum kynningarfundi með íbúum á mánudaginn. Viðbrögð Akurnesinga valdi nefndinni miklum áhyggjum og erfitt verði að bjóða flóttafólkinu upp á að setjast að í bænum verði ekki breyting þar á.

Mótmælaraddir hafa heyrst í bænum vegna áformanna eftir að Magnús Þór Hafsteinsson, varaborgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, lýsti sig andsnúinn því að bærinn tæki á móti þeim. Meðal annars hafa verið hengdir upp undirskriftarlistar á fjölförnum stöðum í mótmælaskyni.



GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

„Mér finnst þetta ömurleg staða,“ segir Guðrún. „Viðbrögðin valda okkur bæði sárum vonbrigðum og miklum áhyggjum.“ Breytist viðhorf bæjarbúa ekki verði vart hægt að bjóða flóttafólkinu upp á að flytja þangað. „En ég vona sannarlega að til þess komi ekki. Við ætlum að bíða eftir fundinum á mánudag.“ Hún segir að ekki sé hafin leit að öðrum úrræðum fyrir fólkið. „En við vitum að það eru önnur sveitarfélög tilbúin ef á þarf að halda,“ segir Guðrún.

- sh

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Í fangelsi fyrir súpuát í 10-11

**DÓMSMÁL** Tæplega fimmtugur maður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir að hafa stolið vörum fyrir samtals þúsund krónur í tveimur verslunum í borginni. Maðurinn neytti súpu í 10-11 í Austurstræti að verðmæti 250 krónur án þess að greiða fyrir hana. Þá stal hann koníakslíki að verðmæti 769 krónur í Hagkaupum í Kringlunni.

Maðurinn játaði brot sín en með brotunum rauf hann skilorð fjögurra mánaða dóms sem hann hlaut árið 2005. Auk þess ber manninum að greiða 185 þúsund krónur í sakarkostnað.

- kh



**FRIÐRIK ÓMAR OG REGÍNA** Íslensku Eurovisionfararnir eru tilbúnir í slaginn og stíga fyrstir allra á svið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eurobandið á svið í kvöld:

# Leggja sig 200 prósent fram

**FÓLK** Loksins er stóra stundin runnin upp. Laust eftir klukkan sjö í kvöld reyna Regína Ósk og Friðrik Ómar að syngja sig inn í aðalkeppnina á laugardaginn. „Þetta er búið að vera 150 prósent á æfingum og svo gefum við 200 í þetta í kvöld,“ segir Friðrik Ómar. „En samt gerum við bara það sem við erum vön. Breytum ekkert mikið út af vananum. Þetta er bara eins og hver önnur árshátíð í Reykjavík.“

Búast má við að fáir verði á götum úti í kvöld þegar Eurobandið stígur á svið í kvöld en það er fyrst í röðinni.

- glh / sjá Eurovisionblað í miðju blaðsins

## NOREGUR

### Komast ekki á sjúkrahús

Tólf flugvellir í Noregi hafi verið lokaðir síðustu daga vegna verkfalls flugvallarstarfsmanna. Tugir þúsunda farþega hafa ekki komist leiðar sinnar og hefur neyðarástand skapast, ekki síst vegna þess að sjúklingar í afskekktari byggðum komast ekki á sjúkrahús, að sögn Verdens Gang.

# Kveðst á hrakhólum með einkaþotu sína

**Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, er á hrakhólum á Reykjavíkurflugvelli með einkaþotu fjárfestingarfélags síns. Ósk Róberts um byggingu tvö þúsund fermetra flugskýlis er óafgreidd. Fleiri eru í sömu sporum með einkaþotur sínar.**

**SKIPULAGSMÁL** Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, vill fá að byggja tvö þúsund fermetra flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Segist hann þurfa aðstöðu fyrir tvær einkaþotur fjárfestingarfélags síns, Salt Investments.

Bæði flugmálayfirvöldum og borgaryfirvöldum hefur borist formleg beiðni um flugskýlið frá Salt Investments. Einnig hafa fulltrúar félagsins rætt málið við embættismenn.

„Eins og kom fram á fundi með flugvallarstjóra hefur Salt Investments haft Hawker-einkaþotu á Reykjavíkurflugvelli í talsverðan tíma en er nú að undirbúa komu annarrar einkaþotu til viðbótar,“ segir Róbert Wessmann í bréfi til Flugstoða ohf. þar sem óskin um flugskýlið er sett fram og óskað eftir skjótri afgreiðslu.

Þá hefur Salt Investments einnig sent skipulagsyfirvöldum í Reykjavík erindi. „Við hjá Salt Investments höfum verið á hrakhólum með að koma flugvél okkar í skjól seinustu árin og höfum verið í sambandi við flugvallaryfirvöld um lausn okkar mála,“ segir í bréfi sem Matthías Friðriksson skrifar undir fyrir hönd Salt Investments.

Í samtali við Fréttablaðið segir Matthías að í raun eigi Salt Investments enga flugvél. Hins vegar leigi félagið stundum vélar sem hópur manna, sem tengdir séu félaginu viðskiptaböndum, hafi aðgang að. Matthías segir að þessar vélar þurfi að þjónusta og til þess þurfi aðstöðu. Í því skyni hafi verið stofnað félagið Salt Aviation sem annist þessa þjónustu fyrir ýmsa aðila. Hann segir marga fleiri á hrakhólum með flugvélar sínar á Reykjavíkurflugvelli.

Á fundi sem Jón Baldvin Pálsson flugvallarstjóri átti með fulltrúum Salt Investments benti hann að þeirra sögn á að í skipulagi Reykjavíkurflugvallar er gert ráð fyrir þremur nýjum flugskýlum við sunnanverðan völlinn, austan íbúabyggðarinnar í Skerjafirði. Í umsögn embættis skipulagsfulltrúans í Reykjavík um umsókn félagsins segir að ekki sé tekin afstaða til hvaða fyrirtæki fái úthlutað byggingarrétti á flugvallarsvæðinu.

gar@frettabladid.is



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Við suðurenda flugvallarins hefur verið gert ráð fyrir þremur nýjum flugskýlum á svæði sem hér er afmarkað með rauðum lit og er austan íbúabyggðarinnar í Skerjafirði. MYND/LOFTMYNDIR EHF.



**RÓBERT WESSMANN** Eigandi Salt Investments.



**HAWKER-EINKAÞOTA** Rúmt er um farþega í einkaþotum af Hawker-gerð.

Formenn stjórnmálaflokkanna:

# Ræddu eftirlaunamálið

**STJÓRNMÁL Hugsanlegar breytingar á lögum um eftirlaun æðstu ráðamanna voru ræddar á sérstökum fundi formanna stjórnmálaflokkanna í Stjórnarráðshúsinu á þriðjudag.**

**Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins viðruðu Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hugmyndir sínar um breytingar á lögunum og leituðu sjónarmiða formanna stjórnarandstöðuflokkanna.**

**Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endurskoðuð og meira samræmi komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.**

- bþs



**SKÁKAKADEMÍA** Ólafur F. Magnússon var fremstur í flokki við undirritun stofnsamningsins.

Skákakademía Reykjavíkur:

# Byggir upp skák í borginni

**SKÁK** Skákakademía Reykjavíkur var stofnuð í gær. Hlutverk akademíunnar verður að byggja upp skákíþróttina í höfuðborginni með sérstakri áherslu á skóla borgarinnar. Auk þess mun hún standa árlega að Skákhátíð Reykjavíkur þar sem hápunktur vikunnar verður Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið sem héðan í frá verður haldið árlega en ekki á tveggja ári fresti eins og verið hefur.

Það voru Reykjavíkurborg, Landsbankinn, Mjólkursamsalan og Orkuveita Reykjavíkur sem undirrituðu stofnsamning Skákakademíunnar í gær. Stofnhlutafé er 20 milljónir króna.

- kg





DYNAMO REYKJAVÍK

Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


Ráðuneyti gefur upp kostnað við embætti setts ríkissaksóknara í Baugsmálinu:

# Kostnaður nálgast 67 milljónir

**BAUGSMÁL** Kostnaður dómsmálaráðuneytisins við embætti setts ríkissaksóknara í Baugsmálinu nálgast nú 67 milljónir króna. Málinu lýkur með dómi Hæstaréttar á næstunni, vísi hann því ekki aftur í héraðsdóm.

Dómsmálaráðherra skipaði Sigurð Tómas Magnússon settan saksóknara í málinu eftir að saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra sagði sig frá því í október 2005.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um kostnað sem fallið hefur til hjá embættinu. Í upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu kemur fram að kostnaðurinn er kominn í 66,9 milljónir króna.

Mestur hluti kostnaðarins er fyrir launagreiðslur saksóknara og aðstoðarmanna, alls um 56,9 milljónir króna. Kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu nam um 7,2 milljónum króna.

Kostnaður við prentun, póst, auglýsingar og flutninga nam alls um 1,4 milljónum króna. Símakostnaður nam 781 þúsund krónu, og keyptar voru skrifstofuvörur og önnur áhöld fyrir 350 þúsund krónur.

Eftir því sem næst verður komist hefur ríkið til þessa verið dæmt til að greiða í það minnsta um 107 milljónir króna fyrir málskostnað ákærðu í málinu.

Í svari dómsmálaráðherra á Alþingi í mars 2007 kom fram að um fimmtungur af starfsemi efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra hefði farið í Baugsmálið frá ágúst 2002 til ársloka 2006.

- bj




**SIGURÐUR TÓMAS** Málskostnaður sem dómstólar hafa dæmt á ríkið í Baugsmálinu öllu nemur í það minnsta 107 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Fiton/SÍA
LITIR, LÍF &
ENDALAUST
ÚRVAL
Sumarið er tími endurnýjunar, allt blómstar og springur út í litadýrð og gleði. Verslanir Kringlunnar eru fullar af nýjum og spennandi sumarvörum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu og finndu eitthvað sumarlegt til að gleðja þig eða aðra.
Opið til 21 í kvöld
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18
www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200
Kringlan

## GENGIÐ 21.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,24 | 73,58 |
| Sterlingspund | 143,97 | 144,67 |
| Evra | 115,4 | 116,04 |
| Dönsk króna | 15,469 | 15,559 |
| Norsk króna | 14,704 | 14,79 |
| Sænsk króna | 12,403 | 12,475 |
| Japanskt jen | 0,7093 | 0,7135 |
| SDR | 119,6 | 120,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

148,438

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Staðfestur fjöldi látinna á hamfarasvæðinu í Kína kominn yfir 41.000:

# Kona fannst á lífi eftir níu daga

**KÍNA, AP** Björgunarsveitarmönnum tókst í gær að bjarga konu á lífi úr göngum sem hún hafði lokast inni í þegar jarðskjálftinn mikli reið yfir Setsúan-hérað níu dögum fyrr. Hún var eina manneskjan sem fannst á lífi í gær enda líkurnar á því orðnar hverfandi svo löngu eftir skjálftann. Staðfest tala látinna er komin yfir 41.000 manns. Fimm milljónir eru heimilislausar.

Kínastjórn hefur fyrirskipað öllum stofnunum ríkisins að skera niður fjárlög sín um fimm prósent en féð sem með þessum aðgerðum sparast – á að giska andvirði 740 milljarða króna – á að renna í sjóð til enduruppbyggingar á hamfarasvæðinu.

Wen Jiabao forsætisráðherra greindi enn fremur frá því að stjórnin myndi fyrirskipa tímabundna stöðvun á þeim opinberu byggingaframkvæmdum sem í gangi eru annars staðar í landinu.

Stefnt er að því að byggja Qushan, höfuðstað Beichuansýslu, sem næst var skjálftamiðjunni og var nánast jafnaður við jörðu, upp á ný frá grunni á öðrum stað. Þetta hafði Xinhua-fréttastofan eftir Song Ming, formanni héraðsdeildar Kommúnistaflokksins. - aa



**HARMUR** Foreldrar barna sem fórust í skjálftanum í skóla í Mianzhu í Setsúan við minningarathöfn um þau í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn Vinstri grænna:

# Ríkið borgi með strandsiglingum

**ALÞINGI** Þingflokkur VG vill að strandsiglingar verði hafnar á ný, að undirlagi ríkissjóðs.

Stendur vilji VG til þess að samgönguráðherra undirbúi slíkar siglingar og móti um þær stefnu og aðgerðaáætlun. Er leiðarljós þingsályktunartillögu flokksins að ríkið tryggi reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með útboði siglingaleiða.

Jón Bjarnason, fyrsti flutningsmaður tillögunnar, hefur áður flutt hliðstætt þingmál sem hlaut á sínum tíma ágætar undirtektir þáverandi samgönguráðherra. - bþs



**ÖLDUNGAR** Spáð er að á næstu áratugum fækki Japönum um tugmilljónir og fleiri en þriðji hver verði 65 ára og eldri.

Fimmtungur eldri en 65 ára:

# Japan orðið „öldungasamfélag“

**JAPAN, AP** Meira en fimmtungur Japana er nú 65 ára og eldri en þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra. Frá þessu er greint í nýrri skýrslu japanskra stjórnvalda, sem vara við því að stöðugt hækkandi hlutfall eftirlaunaþega stefni í að verða sligandi baggi á japanska hagkerfinu og auki bilið milli ríkra og fátækra þar í landi.

Samkvæmt skýrslunni voru í árslok 2007 21,5 prósent Japana 65 ára og eldri og í elsta aldurshópnum, 75 ára og eldri, nærri tíu prósent. „Þetta er orðið algert öldungasamfélag,“ segir þar.

Íbúar Japans urðu flestir árið 2005, 128 milljónir, en þeim fækkar nú af því að kynslóðirnar á barneignaraldri eru fámennari og fæðingartíðni lág. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fimmtíu hraðakstursbrot

Lögreglan á Hvolsvelli tók fimmtíu ökumenn fyrir of hraðan akstur í umdæmi sínu í síðustu viku. Þar voru þrettán ökumenn á yfir 120 kílómetra hraða. Sá sem hraðast ók var á 155 kílómetra hraða og er hann einnig grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

# Ráðuneytin fylgja áætlun um vistvæna bíla ekki eftir

**Ríkisstjórnin samþykkti í febrúar 2007 áætlun um kaup á vistvænum bílum. Ætlast var til að ráðuneytin sjálf fylgdu henni eftir. Langt er í land með að markmiðin náist og forsætisráðuneytið mun ítreka þau.**

**UMHVERFISMÁL** Á fundi ríkisstjórnarinnar 27. febrúar 2007 voru sett tímamörk um að ákveðinn hluti bíla í eigu ríkisins yrði vistvænn. Þeir starfsmenn ráðuneytanna sem Fréttablaðið hafði samband við könnuðust ekki við að markmiðunum væri fylgt eftir.

Gréta Ingþórsdóttir, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde forsætisráðherra, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að svo væri litið á að einstök ráðuneyti bæru ábyrgð á að ná markmiðunum. Að gefnu tilefni myndi forsætisráðuneytið ítreka þessa stefnu.

Markmið ríkisstjórnarinnar voru þau að í lok árs 2008 yrðu tíu prósent af bifreiðum í eigu ríkisins knúin vistvænum orkugjöfum, 20 prósent í lok árs 2010 og 35 prósent í lok árs 2012. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku er langt í land með að þessi markmið náist; vistvænir bílar eru aðeins rúmlega eitt prósent.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir: „Einnig verði skipulega unnið að aukinni notkun vistvænna ökutækja, m.a. með því að beita hagrænum hvötum.“

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir að markmiðssetning af þessu tagi sé ágæt út af fyrir sig. Henni verði þó að fylgja eftir. „Það er oft þannig í okkar samfélagi að menn setja fram markmið og fara í átök, en það vantar að það sé viðvarandi. Allt of oft er haldinn einn blaðamannafundur og síðan ekki söguna meir. Það vantar að hönd fylgi huga,“ segir Runólfur.

Hann segir að með aukinni framleiðslu Sorpu á metangasi sé gerlegt að 4.000 til 5.000 bílar nýti sér þann kost. Það sé einboðið fyrir opinberar stofnanir. „Annars er ekki rétt að tala um vistvæna bíla, bílar eru aldrei vistvænir. Nú eru menn farnir að kalla þetta vistvænni bíla.“

brjann@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## TVINNBÍLUM FÆKKAR HJÁ RÁÐHERRUM

Aðeins tveir af tólf ráðherrabílum gera tilkall til þess að teljast umhverfisvænir, en það eru tvinnbílar umhverfisráðherra og utanríkisráðherra. Tvinnbílum ráðherra fækkaði raunar nýlega um einn, þegar heilbrigðisráðherra skipti á Lexus-tvinnbíl og fékk Volvo.

Ástæðurnar fyrir því að skipt var um bíl eru einkum þær að tvinnbíllinn reyndist of lítill og hentaði síður til vetrarferða út á land, að sögn upplýsingafulltrúa heilbrigðisráðuneytisins.

Enginn ráðherrabíll er knúinn vistvænum orkugjöfum, þrátt fyrir markmið ríkisstjórnarinnar um að tíundi hver bíll í eigu ríkisins verði knúinn vistvænum orkugjöfum fyrir lok árs 2008. Mikill munur er á notkun ráðherrabílanna. Sá sem mest er notaður er að meðaltali ekinn 3,5 sinnum meira á ári en sá sem minnst er ekinn. Meðalakstur ráðherrabíls er um 31 þúsund kílómetri á ári.

Til hliðar má sjá upplýsingar um ráðherrabílana tólf og er þeim raðað eftir meðalakstri á ári.



**Viðskiptaráðuneyti**
Volvo XC90
Árgerð 2007
Meðalakstur á mánuði: 4.200 km
Meðalakstur á ári: 50.400 km



**Menntamálaráðuneyti**
Audi A6 3.01 Quatro
Árgerð 2005
Meðalakstur á mánuði: 3.400 km
Meðalakstur á ári: 41.000 km



**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**
Toyota Landcruiser 120 VX
Árgerð 2005
Meðalakstur á mánuði: 3.300 km
Meðalakstur á ári: 39.500 km



**Umhverfisráðuneyti***
Lexus RX400H tvinnbíll
Árgerð 2005
Meðalakstur á mánuði: 2.800 km
Meðalakstur á ári: 33.500 km



**Samgönguráðuneyti***
Toyota Landcruiser 100
Árgerð 2006
Meðalakstur á mánuði: 2.800 km
Meðalakstur á ári: 33.300 km



**Fjármálaráðuneyti***
BMW 530
Árgerð 2005
Meðalakstur á mánuði: 2.800 km
Meðalakstur á ári: 33.000 km



**Forsætisráðuneyti***
BMW 730 Li
Árgerð 2004
Meðalakstur á mánuði: 2.600 km
Meðalakstur á ári: 31.400 km



**Iðnaðarráðuneyti***
BMW X5
Árgerð 2006
Meðalakstur á mánuði: 2.300 km
Meðalakstur á ári: 27.000 km



**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**
Mercedes-Benz E-280
Árgerð 2007
Meðalakstur á mánuði: 1.900 km
Meðalakstur á ári: 22.500 km



**Félags- og tryggingamálaráðuneyti**
Honda Cr-V Elegance
Árgerð 2007
Meðalakstur á mánuði: 1.200 km
Meðalakstur á ári: 14.400 km



**Utanríkisráðuneyti**
Lexus GS450 tvinnbíll
Árgerð 2007
Meðalakstur á mánuði: 1.200 km
Meðalakstur á ári: 14.000 km



**Heilbrigðisráðuneyti****
Volvo XC90 D5
Árgerð 2008
Meðalakstur á mánuði: 1.000 km
Meðalakstur á ári: 12.400 km

*Bíllinn var keyptur áður en núverandi ráðherra tók við embætti. Fleiri en einn ráðherra bera því ábyrgð á akstri.
**Bíllinn var keyptur í mars 2008 og því ómarktækt að reikna út meðalakstur fyrir svo stutt tímabil.


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**L.R. FREELANDER Diesel**
Nýskr: 04/2007, 2200cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 16.000.
**Verð 5.400.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland.is
575 1230


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VEÐRIÐ UM HELGINA**
Veðurhorfur helgarinnar eru mjög góðar fyrir Austurlandið. Þar eru horfur á bjartviðri bæði á laugardag og sunnudag auk þess sem búast má við umtalsverðum hlýindum, eða 15-20 stiga hita. Með norðanverðu landinu verður bjart með köflum og hlýtt..



Á MORGUN
3-10 m/s stífastur vestan til

LAUGARDAGUR
3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 16° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 16° |
| Eindhofen | 21° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 21° |
| Berlín | 18° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 16° |
| París | 22° |
| Basel | 18° |
| Barcelona | 22° |
| Alicante | 26° |
| Algarve | 23° |
| Tenerife | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Áttu von á gestum.....









Aðeins 15sek. í uppsetningu

## Recor Collection svefnsófar

með heilsudýnu



Tilvalið í sumarbústaðinn.
Fullur salur af nýjum línum, litum og áklæðum.

# Vortilboð á svefnsófum



6 mánaða vaxtalaus lán í maí

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**KJÖRKASSINN**



*Var rétt að hætta við Bitruvirkjun?*

| | |
|---|---|
| Já | 55 % |
| Nei | 45% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú rétt að heimila veiðar á fjörutíu hrefnum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Þrír Rúmenar losnuðu úr gæsluvarðhaldi:

# Meintur hraðbankaþjófur úrskurðaður í mánaðarfarbann

**LÖGREGLUMÁL** Einn þriggja Rúmena sem grunaðir eru um þjófnaði úr hraðbönkum hér á landi var í gær úrskurðaður í farbann til 19. júní. Hinir tveir eru frjálsir ferða sinna, þar sem gæsluvarðhald yfir þeim rann út í gær.

Um er að ræða tvo karlmenn og eina konu sem handtekin voru fyrir fyrir nokkrum dögum með á þriðja hundrað greiðslukorta í fórum sínum. Kortin voru með greiðslukortaupplýsingum sem talið er að stolið hafi verið af kortum notenda greiðslukorta erlendis. Þremenningarnir eru grunaðir um að hafa stolið rúmlega hálfri milljón úr hraðbönkum hér.



**HRAÐBANKI** Tvö þjófnaðarmál vegna hraðbanka eru í rannsókn lögreglu á höfuðborgarsvæðinu.

Að sögn lögreglu er rannsókn málsins á lokastigi.

Þá er til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu annað þjófnaðarmál er einnig varðar hraðbanka. Rúmeni og Þjóðverji voru handteknir eftir páska þar sem þeir voru á leið úr landi með um þrjár milljónir króna í fórum sínum. Fullvíst er talið að peningunum hafi þeir náð úr hraðbönkum hér með því að nota stolnar kortaupplýsingar.

Að sögn lögreglu er það mál einnig á lokastigi rannsóknar. **- jss**

Hvatningarverðlaun leikskóla:

## Hvatning fyrir starfsfólk

**MENNTUN** Hvatningarverðlaun leikskólaráðs Reykjavíkur voru afhent í annað sinn í gær.

Þau Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, afhentu verðlaunin í gær, en verðlaunahafarnir eru leikskólarnir Bakki, Klambrar, Nóaborg, Stakkaborg, Reynisholt, Gullborg og Hof og Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Garðaborgar. Markmið verðlaunanna er að veita starfsfólki leikskóla í Reykjavík hvatningu í starfi og vekja athygli á því gróskumikla fagstarfi sem það innir af hendi í menntun yngstu borgarbúanna. **- kg**

Fundur stjórnar OR:

## Sátt um REI

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) segir að góð samstaða og sátt hafi náðst um REI á fundi stjórnarinnar í gærkvöldi.

Í fréttatilkynningu segir að á fundinum hafi verið einróma samþykkt ályktunartillaga þess efnis að meginhlutverk OR sé að tryggja Reykvíkingum góða þjónustu á sem bestu verði.

Dótturfélagið REI hafi verið stofnað til að sinna fjárfestingar-, þróunar- og ráðgjafarverkefnum erlendis, og með því að finna útrásinni farveg í REI skapist möguleiki á að nýta þau verðmæti sem felast í orðspori OR. **- kg**

**LÖGREGLUFRÉTT**

### Eldur í hárþurrku

Slökkviliðið var kallað út í gær eftir að eldur kom upp í hárþurrku á nuddstofu á Akureyri. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Dagur B. Eggertsson:

## Borgin ætti að sekta sjálfa sig

**SKIPULAGSMÁL „Mér finnst að eitt eigi yfir alla að ganga," segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, sem þykir eðlilegt að borgaryfirvöld beiti sjálft sig dagsektum ef húsin á Laugavegi 4 og 6 verða ekki komin í samt lag fyrir 1. ágúst.**

**Ástæðan er sú borgaryfirvöld hafa sent húseigendum í miðbæ Reykjavíkur bréf þar sem þeir eru hvattir til að lagfæra hús sín. Sé því ekki lokið fyrir 1. ágúst íhuga þau að beita dagssektum. „Svo tel ég að það séu borgaryfirvöld sem séu ábyrg fyrir því hvernig komið er fyrir miðbænum þar sem þau hafa skapað mikla óvissu á svæðinu sem aftrar mönnum frá því að fara út í framkvæmdir og endurbætur," segir Dagur.** **- jse**

# 228 börn í Reykjavík send í fóstur í fyrra

**Forsjársvipting foreldra yfir börnum er aðeins gerð í algerum neyðartilfellum. Engu síður voru 118 börn í Reykjavík einni send í varanlegt fóstur í fyrra. Stór hluti þessara barna hefur búið við mikla vímuefnaneyslu foreldra sinna.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Samfélagsmyndin hefur breyst og við því þarf að bregðast," segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, um vaxandi vanda barna vímuefnaneytenda.

Á síðasta ári voru 228 börn í Reykjavík einni fjarlægð frá foreldrum sínum. Af þeim var 118 börnum komið í varanlegt fóstur en 110 þessara barna voru sett í tímabundið fóstur. „Forsjársvipting er aðeins í algerum neyðartilfellum," segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. „Stórkostleg fjölgun tilkynninga vegna vanrækslu barna" hafi orðið að undanförnu. Vanræksla tengist oftar en ekki vímuefnaneyslu foreldranna. „Vímuefnaneysla foreldra er eitt af aðalviðfangsefnum nefndanna. Það er nauðsynlegt að fara reglulega í umræðu um hvort oftar þurfi að láta reyna á forsjársviptingar en lögin gera mjög strangar kröfur í þessum efnum."



**HALLDÓRA GUNNARSDÓTTIR**



**BRAGI GUÐBRANDSSON**

Halldóra segir að innan nefndanna og heilbrigðiskerfisins þurfi að ræða aðgerðir vegna þessarar þróunar og bendir á að á um það bil ári hafi um 20 konur í Reykjavík látið lífið frá börnum sínum vegna fíkniefnaneyslu. Þetta sé mikil fjölgun frá því sem áður var en eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina hefur barnshafandi konum sem neyta fíkniefna einnig fjölgað mjög sem og dauðsföllum fíkniefnaneytenda.

Í aðsendri grein eftir Ingibjörgu S. Benediktsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu í gær kemur fram hörð gagnrýni á vinnulag Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Tilefnið er dauðsfall 26 ára gamallar frænku hennar sem lést í byrjun mánaðarins vegna fíkniefnaneyslu frá tveimur ungum sonum sínum. Segir Ingibjörg að Barnaverndarnefnd hafi talið aðstæður hjá ungu konunni fullboðlegar drengjum hennar og haft að engu viðvaranir foreldra konunnar sem vildu hafa barnabörnin hjá sér vegna ótta um það að þeim yrði ekki óhætt í heimsókn hjá móður sinni. Tveimur dögum eftir komu drengjanna til móður sinnar sendi hún þá frá sér í gistingu án vitundar Barnaverndarnefndar, tók of stóran skammt fíkniefna og fann eldri sonur hennar og faðir hans hana látna daginn eftir. Segir Ingibjörg aðkomu ættingja á heimili hennar skelfilega og spyr: „Hvernig líta þau heimili út þar sem Barnaverndarnefnd Reykjavíkur telur að börnum sé EKKI hollt að búa?"

Bragi og Halldóra fullyrða að það mál verði rannsakað ítarlega. **karen@frettabladid.is**



**Í ALGERUM NEYÐARTILFELLUM** Á síðasta ári voru 228 börn í Reykjavík einni fjarlægð frá fo reldrum sínum. Af þeim var 118 börnum komið í varanlegt fóstur en 110 þessara barna voru sett í tímabundið fóstur. „Forsjársvipting er aðeins í algerum neyðartilfellum," segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Vímuefnaneysla foreldra er eitt aðalviðfangsefni barnaverndarnefnda. Myndin er uppstillt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


# Rauði þráðurinn
## - Samfylkingin í beinni



Samfylkingin kynnir vikulegan útvarpsþátt á Útvarpi Sögu fm 99,4 alla fimmtudaga kl. 17-18. Saga

Aðalgestur þáttarins í dag: Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra.

Hlustendur geta hringt inn fyrirspurnir um velferðarmálin í síma 588 1994

Umsjónarmenn: Skúli Helgason og Oddný Sturludóttir

Nánari upplýsingar á www.samfylking.is Samfylkingin






**2008 á Reykjavíkurflugvelli**
sjá nánar á www.flugmal.is

**Fimmtudagur 22. maí**

**Grasrótin**
Opið hús hjá grasrótinni kl. 17:00-19:00. Flugklúbbar á höfuðborgarsvæðinu sýna það sem er að gerast hjá þeim í einkaflugi og fisflugi. Nánar á heimasíðunni www.flugmal.is

Flugmálafélag Íslands Stofnað 1936 · ICELANDAIR · FLUGSTOÐIR ISAVIA · FLUGFÉLAG ÍSLANDS


Stjórnarandstæðingar í Georgíu draga úrslit þingkosninga í efa:

# Stjórnarflokknum spáð sigri

**GEORGÍA, AP** Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, er harla ánægður með niðurstöður þingkosninganna í gær. Samkvæmt útgönguspám var stjórnarflokki hans spáð góðum sigri, en búist er við að stjórnarandstæðingar muni draga úrslitin í efa.

Stjórnarandstaðan efndi til útifundar í höfuðborginni Tblisi í gærkvöld. Stærsta flokkabandalag stjórnarandstöðunnar boðar framhald á mótmælaaðgerðum leiki minnsti vafi á því að kosningaúrslitin hafi verið fölsuð.

Almennt er litið svo á að þessar kosningar séu prófsteinn á það hvort Saakashvili forseti standi undir kröfum um lýðræðislega stjórnarhætti.

Samkvæmt útgönguspám fær stjórnarflokkurinn 64 prósent atkvæða en Sameinuð andstaða, stærsti flokkur stjórnarandstæðinga, fær aðeins 14 prósent. Fyrstu tölur úr talningu verða þó ekki birtar fyrr en í dag.

Andstæðingar Saakashvilis segja hann einræðisherra sem hefur fórnað lýðræði og mannréttindum fyrir valdastólinn. Saakashvili hefur hins vegar viljað nánari tengsl við Evrópu og Bandaríkin, og nýtur óskoraðs stuðnings Bandaríkjastjórnar.

Hann var kosinn í embætti með yfirgnæfandi meirihluta eftir Rósabyltinguna svonefndu árið 2003 gegn Edvard Shevardnadze, sem þá hrökklaðist frá völdum. Síðastliðið haust barði Saakashvili niður mótmælaöldu af mikilli hörku, en var síðan endurkjörinn forseti nú í ársbyrjun. **- gb**



**Á KJÖRSTAÐ** Þessi kona las sér aðeins til áður en hún greiddi atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Nú grillum við Eurovision!
OPIÐ til 20 alla daga
Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt
25% afsláttur
748 kr/kg
Verð áður 998.-
BBQ svínarif kryddlegin
40% afsláttur
491 kr/kg
Verð áður 735.-
Svínabógur
20% afsláttur
558 kr/kg
Verð áður 698.-
Ungnauta grillpinnar
Ávaxta- og grænmetisbakkar!
Tilvalið með Eurovision!
BERJABOMBA
með kókosbollum
SÆTAR KARTÖFLUR
kryddaðar
GRÆNMETI
í balsamik kryddblöndu
KARTÖFLUR
með beikon-osta fyllingu
TÓMATAR
með gráðostafyllingu
FYLLTIR SVEPPIR
4 osta fylling
Spennandi nýjungar
tilbúnar beint á grillið!
Gildir til 25. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir formaður Félags hrefnuveiðimanna?*

2 *Hvaða ríki er samkvæmt breska tímaritinu Economist, friðsælasta ríki í heimi?*

3 *Hvað heitir Íslendingurinn sem í vikunni varð danskur meistari í handknattleik karla?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Per Stig Möller um væntanlegan ráðherrafund Norðurskautsríkja á Grænlandi:

# Alþjóðalög stýri lausn ágreinings

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danski utanríkisráðherrann Per Stig Möller sagði í gær að hann vænti þess að ríkin sem eiga land að Norður-Íshafi virði alþjóðalög þegar kemur að því að leysa ágreining þeirra um tilkall til yfirráða og auðlindaréttinda á svæðinu.

Ráðherrar frá Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Danmörku munu hittast í Ilulissat á Grænlandi í næstu viku til að ræða þessi mál.

„Nauðsyn ber til að við sendum sameiginleg pólitísk skilaboð bæði til okkar eigin borgara og afgangsins af heimsbyggðinni um að strandríkin fimm muni fást við tækifærin og áskoranirnar (á Norður-Íshafssvæðinu) með ábyrgum hætti,“ tjáði Möller fréttamönnum í Kaupmannahöfn.

Sjónir umheimsins beinast nú í síauknum mæli að Norðurskautssvæðinu vegna hraðrar ísbráðnunar og þeirra nýju möguleika sem það skapar á vinnslu olíu og jarðgass og á nýjum siglingaleiðum.

Allar þjóðirnar sem um ræðir, aðrar en Bandaríkjamenn, hafa lýst tilkallskröfum sínum samkvæmt skilmálum hafréttarsáttmála SÞ frá 1982. Bandaríkin hafa enn ekki fullgilt sáttmálann. **- aa**



**PER STIG MÖLLER** Danski ráðherrann mun ásamt grænlenska landstjórnarformanninum Hans Enoksen stýra fundinum í Ilullisat.

Sagnfræðingur um sprengju:

# Hending ráðið staðsetningu

**LÖGREGLUMÁL** „Ég sé enga rökrétta skýringu á því að sprengjan hafi fundist þarna og þykir líklegra að því ráði hending en nokkuð annað,“ segir Þór Whitehead sagnfræðingur um staðsetningu sprengjunnar sem fannst í Kópavogi.

Þór segir ósennilegt að þarna farið fram hernaðaræfingar. „Ég myndi halda að þetta sé of nærri byggð, þarna var til dæmis sumarhúsabyggð á stríðárunum. Á flugvallarsvæðinu er hins vegar að finna sprengjur af öllu tagi, sem notaðar voru við hernað í Atlantshafi. Það er erfitt að segja til um hvernig ein þeirra berst út í mýri,“ segir Þór. **- kg**














**VIÐBÚNAÐUR** Lögregla og sprengisveit Landhelgisgæslunnar leggja á ráðin um hvernig meðhöndla skuli sprengjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rýma þurfti skóla vegna sprengju

**Flugvélasprengja úr síðari heimsstyrjöld fannst í húsgrunni í Kópavogi í gær. Ólíklegt er að sprengjan hafi verið virk. Snælandsskóli var rýmdur í varúðarskyni. Ekki vitað hvernig sprengjan komst á svæðið.**

**LÖGREGLUMÁL** Sprengja sem talin er vera frá síðari heimsstyrjöld fannst á byggingarsvæði við Furugrund í Kópavogi laust fyrir klukkan hálf tvö í gærdag. Verktaki, sem var að grafa fyrir nýju íþróttahúsi HK á svæðinu, fann sprengjuna og hafði umsvifalaust samband við Neyðarlínuna. Lögregla kannaði málið og í kjölfarið voru sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar kvaddir á vettvang.

Sérfræðingarnir kváðu fljótlega upp úr með það að um væri að ræða 50 kílóa flugvélasprengju en ólíklegt þykir að hún hafi verið virk. Sent var eftir tækjabúnaði til að meðhöndla sprengjuna og kveikibúnaður hennar gerður óvirkur. Sprengjan var svo flutt á brott um klukkan hálf fjögur.

Karel Halldórsson, gröfumaðurinn sem gróf sprengjuna upp úr jörðinni, segist ekki hafa gert sér grein fyrir því strax hvað var í gröfuskóflunni. „Ég hélt fyrst að þetta væri brúsi, súrefniskútur eða einhvers konar hylki, en fór svo að gruna að um sprengju væri að ræða. Einn af starfsmönnum mínum hefur unnið við að keyra fyrir friðargæslulið í fyrrum Júgóslavíu og hann gat samstundis staðfest að við værum að horfa á sprengju, enda hefur hann séð þær ófáar á stríðshrjáðum svæðum.“

Mikill viðbúnaður var viðhafður vegna sprengjufundarins.

Snælandsskóli og leikskólinn Furugrund eru skammt frá svæðinu og voru skólarnir rýmdir til að gæta ítrustu varúðar. Skömmu áður en kveikibúnaður sprengjunnar var gerður óvirkur var brugðið á það ráð að koma öllum vegfarendum úr sjónlínu við sprengjuna, um 200 metra radíus frá svæðinu, enda ekki vitað hversu öflug sprengingin yrði. Hættuástandi var svo aflýst laust eftir klukkan fjögur.



**SPRENGJAN** Sprengjan er 60 sentimetrar á lengd og 20 á breidd. MYND/ÞS

Hanna Hjartardóttir, skólastjóri Snælandsskóla, heyrði af sprengjunni í útvarpinu. „Við urðum þess vör að lögregla var byrjuð að girða af hluta skólans en svo heyrðum við í útvarpinu að foreldrar nemenda okkar væru beðnir um að sækja börn sín í skólann. Skólinn var smám saman rýmdur og allir komnir út um þrjú leytið.“ Hanna segir ekki hafa orðið vart við almenna hræðslu meðal viðstaddra. „Það var helst að yngstu börnin beygðu aðeins af en allir gættu þess að fara sér rólega til þess að enginn yrði hræddur.“

Hvers vegna sprengjan var á þessum stað er ekki vitað. Ólíklegt er að erlent herlið hafi verið þarna við æfingar. Svæðið þar sem sprengjan fannst var í flugleið að Reykjavíkurflugvelli og er mögulegt að sprengjan hafi fallið úr flugvél án þess að springa.

kjartan@frettabladid.is

**Nú er tækifærið að fata sig upp fyrir sumarið:**

- Hlaupafatnaður
- Herrafatnaður
- Dömufatnaður
- Barnafatnaður
- Aerobikfatnaður
- Sundfatnaður

## VSK-dagar á íþróttafatnaði!

# Fellum niður




**af öllum íþróttafatnaði
frá fimmtudegi
til sunnudags**

- Nike
- Adidas
- Puma
- Casall
- Reebok
- Hummel
- USA Pro
- Speedo
- Seafolly

En að sjálfsögðu greiðum við virðisaukaskattinn til yfirvalda.

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42467 05/08

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**



**GENGUR Á VATNI** Þýski listamaðurinn Arnd Drossel leikur sér að því að ganga á vatni í sérútbúinni stálgrindarkúlu sinni á Genfarvatni í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra hvetur til að metan sé notað á tímum hækkandi olíuverðs:

# Fólk nýti innlenda orkugjafa

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir nauðsynlegt að horfast í augu við afleiðingar hækkunar olíuverðs og boðar áætlun til að bregðast við. Hann hvetur fólk til að nýta aðra orkugjafa en olíu og bensín.

„Það verður að fá fólk til að breyta hegðun sinni, fá fólk til þess að nýta aðra orkugjafa,“ sagði Geir á Alþingi í gær.

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, vakti athygli á hækkun olíuverðs á heimsmarkaði og spám um frekari hækkanir á þessu og næsta ári. Sagði hún hækkanirnar hafa víðtæk áhrif á allar samgöngur og að



**GEIR H. HAARDE**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

það gæti haft áhrif á búsetu í landinu.

Geir sagði málið alvarlegt; það setti svip á efnahagsmál allra landa en Íslendingar væru heppnir að því leytinu til að hér væri olía aðeins notuð á bíla, skip og flugvélar. Hann kvað enga þýðingu hafa að slá af gjaldtöku ríkisins um nokkrar krónur enda væri gjaldtakan hvort eð er helmingur af útsöluverðinu.

„Metan er innlendur orkugjafi sem við eigum að nýta í miklu ríkari mæli en við gerum í dag á bílaflotann. Við eigum að grípa til aðgerða til að hvetja til slíks,“ sagði Geir.

Valgerður sagði nauðsynlegt að hvati kæmi frá ríkisstjórninni og benti Geir á að í vinnslu væri tillögugerð um framtíðarskipan gjaldtöku af eldsneyti þar sem saman færu sjónarmið efnahags og umhverfisverndar. - bþs

Lögmaður Reykjavíkurborgar:

## Slökkvilið beri ekki brunatjón

**BRUNAVARNIR Anton Björn Markússon, lögmaður hjá Reykjavíkurborg, segir lagabreytingar þurfa til að tryggja að sveitarfélög og slökkvilið beri ekki sjálf kostnað vegna bruna og mengunaróhappa. Tilefnið er dómur Hæstaréttar sem hafnar 26 milljóna króna kröfu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á hendur Hringrás ehf. eftir stórbruna hjá fyrirtækinu í nóvember 2004. Anton segir ekki eiga að setja slökkviliðsstjóra í þá stöðu að velja kostnaðarminnstu aðgerð við björgunarstörf. Þetta kemur fram í minnisblaði til stjórnar slökkviliðsins.** - gar



**FRAMKVÆMDIR Á MIKLUBRAUT** Nýja forgangsakreinin er eingöngu ætluð strætisvögnum og leigubílum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forgangsakrein strætisvagna:

## Strætóakreinin lengd til muna

**SAMGÖNGUR** Hafin er vinna við lengingu forgangsakreinar strætisvagna á Miklubraut. Akreinin hefur hingað til náð frá gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar austur fyrir Kringlumýrarbraut en mun að loknum framkvæmdum ná austur að brúnni yfir Miklubraut þar sem Réttarholtsvegur og Skeiðarvogur mætast. Er framkvæmdinni ætlað að tryggja að strætófarþegar komist hratt og örugglega á milli staða þrátt fyrir að önnur umferð hægi á sér á álagstímum. - ovd

**SVÍÞJÓÐ**

### Ákærður fyrir hryðjuverk

Sænskur athafnamaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir hryðjuverk í Marokkó. Maðurinn er grunaður um að hafa fengið sjálfboðaliða til að taka þátt í Íraksstríðinu, að sögn Expressen.

# Enn óvissa um borgarstjóra

**Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins geta ekki svarað því hver verður næsti borgarstjóri. „Ekki til umræðu,“ segir Gísli Marteinn Baldursson. Skortur á svörum er hluti af vanda flokksins, segir stjórnmálafræðingur.**

**STJÓRNMÁL** Enginn borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins getur svarað því að svo stöddu hver mun verða borgarstjóri fyrir þeirra hönd í mars á næsta ári. Gísli Marteinn Baldursson segir málið ekki til umræðu. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir flokkinn skorta skýra forystu og hljóti að þurfa að bregðast við minnkandi fylgi.

Óvissa hefur ríkt um það hver tekur við borgarstjórastólnum á næsta ári síðan Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagðist á blaðamannafundi 11. febrúar myndu sitja áfram sem oddviti sjálfstæðismanna en gaf ekki skýr svör um hvort hann hygðist taka við sem borgarstjóri á ný. Aðrir borgarfulltrúar flokksins sögðust virða niðurstöðu Vilhjálms. Hann væri þeirra leiðtogi.

Áður hafði verið rætt um að Vilhjálmur myndi draga sig í hlé vegna ólgunnar sem aðkoma hans að REI-málinu olli. Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Júlíus Vífill Ingvarsson lýstu því öll yfir að þau hefðu hug á að sækjast eftir borgarstjóraembættinu.

Nú, um þremur og hálfum mánuði síðar, er staðan óbreytt og í síðustu skoðanakönnun Capacent Gallup mældist stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn í sögulegu lágmarki, eða um þrjátíu prósent. Til samanburðar hlaut hann 43 prósenta kosningu vorið 2006.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru sjálfstæðismenn í borginni margir hverjir orðnir óþreyjufullir og leiðist að bíða eftir að mál skýrist á meðan fylgið reytist af flokknum.

„Það að fá þrjátíu prósent í skoðanakönnunum er ekki staða sem sjálfstæðismenn eru vanir og það hlýtur að vera alveg óviðunandi frá þeirra sjónarhorni,“ segir Gunnar Helgi. „Það má ætla að hluti vandans sé að þeir eru með afar óljósa forystu og hafa ekki gefið skýr svör um framhaldið. Þeir neyðast til að reyna að gera eitthvað í því,“ segir hann. „Kannski eru menn bara að vonast til þess að Vilhjálmur leysi úr vandanum.“

Heimildir herma að meðal forystumanna flokksins sé viðkvæðið að skaðinn sé skeður og ekki sé hægt að bæta hann með plástrum. Endurvinna þurfi traust almennings fyrir næstu kosningar.

Ólíklegt þykir að botn fáist í málið fyrr en í fyrsta lagi á haustmánuðum en nær útilokað er að borgarstjórinn verði sóttur út fyrir raðir borgarstjórnarflokksins, ákveði Vilhjálmur að stíga til hliðar. stigur@frettabladid.is



**RÁÐHÚSIÐ Í REYKJAVÍK** Óvissa ríkir um hver tekur við sem næsti borgarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN



**Júlíus Vífill Ingvarsson:** „Nei, það á eftir að ræða það.“



**Kjartan Magnússon:** „Nei, ég get það ekki núna.“



**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** „Það hefur ekki verið ákveðið enn.“



**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** „Nei, það er ekkert verið að ræða þetta.“



**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** „Nei, það hefur ekki verið ákveðið.“



**Jórunn Frímannsdóttir:** „Mér finnst þetta ekki tímabær spurning og hef ekki hugmynd um það á þessu stigi. Við erum klárlega með oddvita sem leiðir hópinn núna.“



**Gísli Marteinn Baldursson:** „Það er bara ekki til umræðu eins og er, ekki frekar en hvert verður borgarstjóraefni minnihlutans.“






FRA404X
## Nardi ofn
8 kerfa
blástursofn

VERÐ 79.900
TILBOÐ
39.900



VERÐ 15.900
TILBOÐ
7.900

MS1937C
## LG örbylgjuofn
Hvítur, 800 wött, 19 lítrar



VERÐ 59.900
TILBOÐ
29.900

3VET132X
## Edesa helluborð
Keramik

# BRJÁLUÐ TILBOÐ



VERÐ 144.900
TILBOÐ
139.900

FRSU20DAW
## Daewoo Amerískur ísskápur
Hvítur
179 cm hæð 90 cm breidd



VERÐ 87.900
TILBOÐ
54.900

NFR34X
## Nardi kæliskápur
Stállitaður
180 cm hæð 60 cm breidd



VERÐ 39.900
TILBOÐ
24.900

FH40GAVX
## Nardi gashelluborð
4 gashellur heildarwött 8000



VERÐ 22.900
TILBOÐ
6.900

1CT130X
## Edesa útdraganlegur gufugleypir
60 cm breidd, 330m³



VERÐ 44.900
TILBOÐ
29.900

FEA0714X
## Nardi ofn
4 kerfi blástursofn



VERÐ 144.900
TILBOÐ
62.900

Medusa Isola
## Airone eyjuháfur
90 cm breidd, 1000m³



VERÐ 49.900
TILBOÐ
39.900

1LE-21S
## Edesa uppþvottavél
12 manna 5 þvottakerfi



AFSLÆTTI
40%

## Pottar
Brjálað úrval af pottum með 40% afslætti



VERÐ 64.900
TILBOÐ
49.900

WD10490TP
## LG Þvottavél
7kg 1000 snúning


# RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16


Lífið er gott LG



**TASMANÍUSKOLLI Í HÆTTU** Þessi Tasmaníuskolli er að leita sér matar í dýragarði í Sydney, en dýrategundin er nú sögð í útrýmingarhættu vegna hættulegrar tegundar krabbameins sem á hana sækir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á fjármálaþáttum Byrgisins:

# Skýrslutökur hefjast fljótlega

**LÖGREGLUMÁL** „Það er farið að styttast verulega í skýrslutökur,“ segir Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, um rannsókn á meðferð fyrrverandi forráðamanna meðferðarheimilisins Byrgisins á fjármunum þess.

Björn segir að meiri tíma hafi tekið að ná saman gögnum en reiknað hefði verið með í fyrstu. Málið sé all umfangsmikið og margt sem þurfi að skoða í því.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verða skýrslur fyrst og fremst teknar af Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi forstöðumanni Byrgisins, og nánustu aðstoðarmönnum hans. Guðmundur var nýverið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að misnota fjóra skjólstæðinga Byrgisins.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Verður boðaður innan skamms í skýrslutökur hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Skattamál Byrgisins eru einn þáttur í meðferð fjármuna fyrrum meðferðarheimilisins sem rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra beinist að. Embætti skattrannsóknarstjóra hafði þann þátt til rannsóknar og kærði niðurstöður hennar til efnahagsbrotadeildarinnar. Þetta þýðir að talið er að um sé að ræða stórfelld refsiverð brot hvað varðar skattamálin sem ekki hafi verið hægt að afgreiða í yfirskattanefnd, heldur yrði málið að fara til rannsóknar hjá lögreglu. - jss

Afbrotatölfræði fyrir apríl:

# Helmingi fleiri hraðakstursbrot

**LÖGREGLUMÁL** Fjöldi hraðakstursbrota á landinu tvöfaldaðist í apríl síðastliðnum miðað við sama tíma í fyrra. Þá voru þau 2.128 talsins en í nýliðnum aprílmánuði 4.363.

Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum embættis ríkislögreglustjóra á fjölda afbrota í síðasta mánuði.

Rekja má fjölgunina að miklu leyti til hraðakstursmyndavéla.

Þá voru 169 innbrot tilkynnt lögreglu sem jafngildir tæplega sex innbrotum á dag. Alls 97 líkamsmeiðingar komu til kasta lögreglu, sem jafngildir um þremur slíkum brotum á dag. - jss

Sextán ára rauf skilorð:

# Fíkniefnamál verði tekið upp

**DÓMSMÁL** Embætti ríkissaksóknara lagði í gær fram kröfu um að mál sextán ára stúlku yrði tekið upp þar sem hún hefði brotið skilorð.

Stúlkan sem um ræðir hafði verið dæmd í átján mánaða fangelsi fyrir innflutning á talsverðu magni af kókaíni. Dómurinn var skilorðsbundinn að því uppfylltu meðal annars að stúlkan myndi starfa með barnaverndarnefnd. Hún rauf skilorðið og því var þess krafist að málið yrði tekið upp að nýju. - jss

Tillögur að breytingum á landbúnaðarkerfi Evrópusambandsins:

# Dregið úr styrkjum og hömlum

**STRASSBORG, AP** Nýjar tillögur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um endurbætur á landbúnaðarstyrkjakerfi þess voru kynntar fyrir Evrópuþinginu í Strassborg í gær. Tillögurnar ganga meðal annars út á að afnema áratugagamlar hömlur á það hve mikið bændur mega framleiða af vissum afurðum, en sú ráðstöfun er liður í viðleitni til að ýta undir framleiðslu á matvælum í Evrópu á tímum umframeftirspurnar á heimsmarkaði og hækkandi matvælaverðs.

Í tillögunum er meðal annars kveðið á um niðurskurð á niðurgreiðslum til stórframleiðenda og að færa það fé sem þar sparast yfir í aukna styrki til atvinnuþróunar í dreifbýli. Þá er einnig lagt til að kvótar til mjólkurframleiðslu verði smám saman auknir uns þeir verða með öllu afnumdir árið 2015. Þá er gert ráð fyrir frekari breytingum á markaðsstýringarkerfi sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.

„Það er mikilvægara en nokkru sinni að bændur geti brugðist við aukinni eftirspurn sem við sjáum úti um allan heim,“ sagði Mariann Fischer Boel, landbúnaðarmálastjóri framkvæmdastjórnarinnar, er hún kynnti tillögurnar fyrir Evrópuþinginu. - aa

**BOEL KYNNIR BREYTINGAR** Landbúnaðarstjórinn á tali við franska landbúnaðarráðherrann Michel Barnier. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



> Það er mikilvægara en nokkru sinni að bændur geti brugðist við aukinni eftirspurn sem við sjáum úti um allan heim
>
> **MARIANN FISHER BOEL**
> **LANDBÚNAÐARMÁLASTJÓRI**

Varað við Nígeríusvindli:

# Svikarar í gervi Barnahjálpar

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan varar við tölvupósti sem virðist berast frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og lofar viðtakendum fjármunum í skiptum fyrir aðstoð. Í skeytinu er fólk beðið um að hafa milligöngu um móttöku fjármuna og fimm þúsund dollarar boðnir fyrir. Lögreglan segir í tilkynningu að um svokallað Nígeríusvindl sé að ræða, og taki fólk tilboðinu eigi það á hættu að verða fyrir verulegu fjárhagstjóni.** - sh

**ALÞINGI**

### Valgerður spyr um ál

Valgerður Sverrisdóttir vill vita hvert framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins er, eftir fjölda starfa, tekjum ríkissjóðs og hlutfalli af útflutningstekjum. Hefur hún sent iðnaðarráðherra fyrirspurn um málið.

**TÉKKLAND**

### Ratsjárstöð samþykkt

Tékkneska ríkisstjórnin hefur gefið endanlegt samþykki sitt fyrir áformum Bandaríkjamanna um að setja upp ratsjárstöð í landinu sem á að þjóna sem liður í hnattrænu eldflaugavarnakerfi þeirra.


INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR
RÉTTU BÍLARNIR!



Subaru **Forester** Turbo
Ekinn 45 þús. Nýskr. 07/04
2004 Beinskiptur Verð: 1.790.000 kr.



Nissan **Almera** Luxury
Ekinn 129 þús. Nýskr. 05/02
2002 Beinskiptur Verð: 760.000 kr.



Opel **Zafira**
Ekinn 129 þús. Nýskr. 12/00
Verð áður: 850.000 kr.
2000 Beinskiptur Nú: 590.000 kr.



Hyundai **Tucson** diesel
Ekinn 215 þús. Nýskr. 01/05
Verð áður: 1.990.000 kr.
2005 Sjálfskiptur Nú: 1.390.000 kr.



Opel **Astra**
Ekinn 97 þús. Nýskr. 07/02
2002 Beinskiptur Verð: 890.000 kr.



Subaru **Impreza**
Ekinn 3 þús. Nýskr. 11/07
2007 Sjálfskiptur Verð: 2.960.000 kr.



Nissan **Terrano II**
Ekinn 194 þús. Nýskr. 06/00
2000 Beinskiptur Verð: 650.000 kr.



Isuzu **Trooper**
Ekinn 170 þús. Nýskr. 08/02
Verð áður: 1.580.000 kr.
2002 Sjálfskiptur Nú: 990.000 kr.



Subaru **Impreza**
Ekinn 138 þús. Nýskr. 05/00
2000 Sjálfskiptur Verð: 660.000 kr.



Volkswagen **Golf**
Ekinn 39 þús. Nýskr. 10/04
2004 Sjálfskiptur Verð: 1.780.000 kr.

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.



ENNEMM / SÍA / NM33860

GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

IH INGVAR HELGASON

Heilbrigðisþjónusta:

## Samið um þriggja prósenta hækkun

**KJARAMÁL** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu hafa gert samkomulag sem kveður á um þriggja prósenta launahækkun starfsmanna hjá þessum fyrirtækjum frá 1. maí 2008.

Samkomulagið er hugsað sem innborgun á komandi kjarasamning sem stefnt er að því að gera í kjölfar kjarasamnings FÍH við fjármálaráðherra en viðræður standa nú yfir milli samninganefndar FÍH og ríkisins. - ghs

Félagsbústaðir vilja tíu prósenta leiguhækkun umfram verðlag:

# Félagsbústaðir vilja hækka leigu

**VELFERÐARMÁL** Tillaga frá Félagsbústöðum um að leiga verði hækkuð um tíu prósent umfram ársfjórðungslega hækkun liggur fyrir borgarráði. Ráðið fundar í dag. Tillagan er komin vegna slæmrar rekstrarstöðu Félagsbústaða.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir beiðnina ekki óeðlilega miðað við rekstrarstöðuna. Hún segir að málinu verði vísað til velferðarráðs til umfjöllunar.

„Mér finnst ekki ólíklegt að beðið verði með hækkun, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem eru að ganga í gegn á kerfinu. Fólk þarf að átta sig á þeim og þar þarf að vinna sérstaklega með ákveðinn hóp sem hækkar verulega,“ segir Jórunn.

Þorleifur Gunnarsson, fulltrúi Vinstri grænna í velferðarráði Reykjavíkur, segist skilja röksemdir Félagsbústaða, en telur að laga verði stöðu þeirra á annan hátt. „Borgin stendur vel, eins og ársreikningur sýnir, en heimilin illa. Við verðum að taka höggið af þeim sem verst hafa það,“ segir Þorleifur.

Hann segir vísitölubundna leigu eina og sér þó nokkra. „Ef þetta er samþykkt og horfur í efnahagsmálum verða svipaðar hefur leigan hækkað um tæp nítján prósent frá áramótum til 1. júlí. Á sama tíma hafa bætur öryrkja hækkað um sjö til átta prósent,“ segir Þorleifur. - kóp



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Lýðheilsustöð ráðleggur:

## Nýtt fræðslurit um hreyfingu

**HEILBRIGÐISMÁL Lýðheilsustöð hefur gefið út fræðsluritið Ráðleggingar um hreyfingu.**

**Þar er fjallað um hreyfingu til heilsubótar fyrir fólk á öllum aldri sem og hreyfingu barnshafandi kvenna.**

**Ritinu er ætlað að stuðla að því að sem flestir hreyfi sig nóg til að vernda og bæta heilsuna.**

**Einnig er það ætlað fagfólki til að auka þekkingu á hreyfingu, skapa jákvætt viðhorf til hreyfingar, auka hæfni til að greina hreyfivenjur og gera áætlanir um meiri hreyfingu eftir þörfum.** - ovd



**ÚTSKIPUN** Aflaverðmæti hefur dregist saman um 3,9 milljarða.

Aflaverðmæti árið 2008:

## Mikil samdráttur á milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 11,7 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2008 samanborið við 15,6 milljarða á sama tímabili 2007. Aflaverðmæti hefur dregist saman um 3,9 milljarða, eða 25,1 prósent milli ára. Munar þar mestu um verðmæti loðnu sem nam rúmum 900 milljónum fyrstu tvo mánuði ársins samanborið við rúma 3,5 milljarða á sama tíma árið 2007.**

**Aflaverðmæti botnfisks var í lok febrúar orðið 9,5 milljarðar miðað við 10,7 milljarða á sama tíma árið 2007 og er því um 11,3 prósent samdrátt að ræða. Verðmæti þorskafla var 4,9 milljarðar og dróst saman um 20,8 prósent.** - shá

Konur í Frjálslynda flokknum:

## Súpufundur með Vilhjálmi

**STJÓRNMÁL** Landssamband kvenna í Frjálslynda flokknum heldur súpufund á laugardaginn. Að þessu sinni er ræðumaður Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.



VILHJÁLMUR BJARNASON

Vilhjálmur er formaður Samtaka fjárfesta. Hann segist ætla að viðra starfsemi samtakanna. „Við höfum verið í baráttu vegna kaupréttarsamninga og innherjaviðskipta og ég mun reifa þau mál. Þá mun ég fara yfir athugasemdir okkar varðandi REI-málið, en mér sýnist nú flestir hafa tekið undir þær,“ segir Vilhjálmur.

Fundurinn verður í Skúlatúni 4, annarri hæð og hefst klukkan 12.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í skúr við Hafravatn

Tilkynnt var um eld í skúr í landi Miðdals við Hafravatn laust eftir klukkan tíu á þriðjudagskvöldið. Var skúrinn alelda þegar slökkvilið kom á vettvang og gjörónýtur. Eldsupptök eru ókunn en málið er í rannsókn.

### Árlegt uppboð óskilamuna

Árlegt uppboð óskilamunadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verður haldið laugardaginn 31. maí. Að þessu sinni fer það fram í húsnæði Króks í Suðurhrauni 3 í Garðabæ.

### Búfénaður á þjóðvegum

Lögreglan á Hvolsvelli hefur fengið átta tilkynningar um lausagang búfjár í umdæmi sínu í vikunni.





VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

ENNEMM / SÍA / NM33181




ENNEMM / SÍA / NM33740



0 krónur á netið með 3G
Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst fartölvan í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem boðið er upp á í 3G hérlendis. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.
800 7000 • siminn.is
Mesti hraðinn!
Með 3G netlykli nærðu allt að 5 Mbit/sek tengingu!
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp



**NÝTT LOFTFAR** Splunkunýtt Zeppelin-loftfar hófst á loft í Friedrichshafen í Þýskalandi í gær. Loftfarið verður flutt til Bandaríkjanna í haust þar sem það verður í notkun í Kaliforníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðandi fylkingar í Líbanon sátu langan sáttafund í Katar:

# Samkomulagið álitið sigur fyrir Hizbollah

**LÍBANON, AP** Fulltrúar stríðandi fylkinga í Líbanon náðu í gær samkomulagi eftir langan sáttafund í Katar. Samkomulagið afstýrir nýju borgarastríði en ríkisstjórnin, sem nýtur stuðnings Vesturlanda, kaupir það því verði að færa Hizbollah, hinni herskáu hreyfingu sjíamúslima í landinu, þau lykilvöld sem hún sóttist eftir; neitunarvald við öllum ákvörðunum nýrrar þjóðstjórnar.

Stjórnvöld í Íran og Sýrlandi, sem styðja Hizbollah, voru fljót til að bera lof á samkomulagið, sem náðist fyrir milligöngu arabaríkja. En ljóst þykir að það hljóti misjafnar undirtektir meðal ráðamanna á Vesturlöndum, enda eru þeim hin auknu áhrif Hizbollah vafalaust ekki að skapi.

Talsmaður Líbanonstjórnar, Saad Hariri, virtist viðurkenna að hans menn hefðu að mestu látið undan kröfum mótaðilans í viðræðunum, sem til var efnt eftir að til nýrra átaka milli fylkinga kom í Líbanon fyrr í mánuðinum eftir átján mánaða pattstöðu.

Þess er vænst að á grundvelli nýja samkomulagsins verði nýr málamiðlunarforseti kjörinn á sunnudag; að því er líbanska ríkisfréttastofan greindi frá yrði sá hershöfðingi í máttlitlum en hlutlausum stjórnarher landsins. - aa



**FÖGNUÐUR** Skóladrengir í Aamchit norður af Beirút fagna samkomulaginu og hampa mynd af Michel Suleiman hershöfðingja og verðandi forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ágreiningur um hrefnuveiðar:

## Hreinlegra en að fara í felur

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir óvenjulegt að Samfylkingin hafi lýst sig andvíga ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að hefja hrefnuveiðar en það sé að mörgu leyti hreinlegra en að fara í felur með þá afstöðu.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, gagnrýndi þetta á Alþingi í gær. Sagði hann gjörninginn aumlegan enda bæru báðir stjórnarflokkarnir ábyrgð á verkum ríkisstjórnarinnar. Velti Steingrímur jafnframt fyrir sér hvort þingmeirihluti væri fyrir ákvörðuninni þar sem Samfylkingin væri á móti. - bþs

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Undir áhrifum á stolnum bíl

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann aðfaranótt miðvikudagsins vegna gruns um akstur undir áhrifum ólöglegra fíkniefna. Er maðurinn einnig grunaður um að hafa stolið bílnum sem hann ók.

### Hraðakstur á Suðurnesjum

Sjö ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur á Suðurnesjum í fyrrinótt. Sá er hraðast ók var á 70 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 30.

# Matvælalöggjöf ESB ógnar vörnum gegn kamfílóbakter

**Verði matvælalöggjöf Evrópusambandsins leidd í íslensk lög bresta varnir gegn kamfílóbaktermengun í kjúklingakjöti. Við það margfaldast hættan á kamfílóbaktersýkingum í mönnum. Slíkum sýkingum hefur svo gott sem verið útrýmt með viðamiklum og kostnaðarsömum ráðstöfunum kjúklingaframleiðenda.**

**NEYTENDAMÁL** Áratugsbaráttu kjúklingaframleiðenda gegn kamfílóbakter er stefnt í hættu verði matvælalöggjöf Evrópusambandsins leidd í lög á Íslandi.

Þetta segir Jarle Reiersen, framleiðslustjóri kjúklingaframleiðandans Reykjagarðs.

Frumvarp um innleiðingu matvælalöggjafarinnar er til meðferðar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Jarle, sem áður var dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis, telur fólki standa ógn af evrópsku fersku kjúklingakjöti enda veiti Evrópusambandið neytendum ekki varnir gegn kamfílóbakter.

„Evrópusambandið vill ekki veita tryggingu fyrir kamfílóbakter. Það þýðir að Ísland fær ekki að krefjast vottorða og rannsókna þannig að kerfið sem var komið hér á fót er rifið niður," segir Jarle.

Í kjölfar þess að hér greindust 326 tilfelli kamfílóbaktersýkinga í fólki árið 1999 gripu yfirvöld og kjúklingaframleiðendur til viðamikilla og kostnaðarsamra aðgerða til að sporna við ástandinu. Sýni eru tekin úr öllum eldishópum og greinist kamfílóbaktermengun er kjötið ýmist fryst eða hitað. Við það drepst sýkillinn.

Jarle segir árangurinn mælanlegan; á síðasta ári hafi greinst rétt rúmlega 40 tilfelli. Óvíst sé hvort og hve mörg þeirra rekja megi til kjúklinga.

Það er mat Jarle að verði matvælalöggjöf ESB innleidd sé vörnum gegn kamfílóbakter varpað fyrir róða. Varla þjóni tilgangi að vera með fokdýrt eftirlitskerfi fyrir íslenska framleiðslu en ekki erlenda. Þess utan væri þá framleiðendum mismunað eftir þjóðerni. „Við viljum halda þessum sýnatökum áfram til að verja neytendur fyrir þessari hugsanlegu vá en það verða þá allir að sitja við sama borð," segir Jarle.



**JARLE REIERSEN**

Kamfílóbaktersýking er algengasta iðrasýking í mönnum í hinum vestræna heimi. „Þetta er ekki pínulítið vandamál, þetta er gífurlegt vandamál," segir Jarle. Að hans sögn kom kamfílóbaktermengun upp í um átta prósentum íslenskrar kjúklingaframleiðslu á síðasta ári. Í löndum innan Evrópusambandsins getur hlutfallið numið tugum prósenta. Hann segir starfsmenn Evrópusambandsins á sviði matvælaeftirlits vilja taka upp hliðstætt eftirlitskerfi og hér er við lýði en stjórnmálamenn, einkum í suðurlöndum álfunnar, séu því andvígir.

bjorn@frettabladid.is



**PÖKKUN** Framleiðslustjóri Reykjagarðs óttast að matvælalöggjöf Evrópusambandsins spilli fyrir góðum árangri sem náðst hefur í baráttunni við kamfílóbakter. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI






**HEIÐRAÐUR** Dali Lama tekur við heiðurdoktorsskjali úr hendi rektors Metropolitan-háskólans í Lundúnum. NORDICPHOTOS/AFP

Dalai Lama í heimsókn til Bretlands:

## Fær ekki að hitta Brown í Downingstræti 10

**BRETLAND, AP** Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, hóf á þriðjudag ellefu daga heimsókn til Bretlands með því að taka við heiðursdoktorsnafnbót frá Metropolitan-háskólanum í Lundúnum. Hann mun í heimsókninni meðal annars eiga fund með Gordon Brown forsætisráðherra, sem fyrir vikið mun vafalaust fá yfir sig harðorð mótmæli frá ráðamönnum í Kína.

Aðgerðasinnar sem berjast fyrir frjálsu Tíbet eru reyndar ekki alls kostar sáttir heldur, þar sem þeir höfðu vænst þess að forsætisráðherrann tæki á móti Dalai Lama í embættisbústað sínum að Downingstræti tíu eins og Tony Blair gerði árið 1999. Þess í stað á fundurinn að fara fram í embættisbústað biskupsins af Kantaraborg, en til hans hafa einnig fleiri trúarleiðtogar verið boðaðir.

Dalai Lama átti viðdvöl í Berlín fyrir helgina þar sem hann hitti þýska þróunarmálaráðherrann. Ekki stóð á mótmælum Kínastjórnar sem sagði fundinn brot á yfirlýstum stuðningi Þjóðverja við óskipt Kína.

Sjálfur stefnir Dalai Lama ekki að sjálfstæði Tíbets heldur aukinni sjálfstjórn innan Kína. - aa




**989** kr/kg. áður 1.649 kr/kg.
Goða grísaofnsteik




**270** kr/pk. áður 540 kr/pk
Goða pylsur - 10 stk.




**2.598** kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Gourmet lambafille




**362** kr/kg. áður 723 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir




**95** kr/stk. áður 189 kr/stk
Jurtarjómi 250 ml. Vitala




**199** kr/stk.
Nutella hnetusmjör - 200 gr.




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk
Náttúra vöfflumix - 450 gr.

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 22. maí til 25. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H.N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## „ORÐRÉTT“

### Gott innlit

**„Þetta er 7,4 metra tarfur og þeir segja að eftir fyrsta innlit virðist kjötið vera mjög fallegt.“**

GUNNAR BERGMANN, FORMAÐUR FÉLAGS HREFNUVEIÐIMANNA, UM FYRSTA DÝRIÐ SEM VEIDDIST Í ÁR.
**Fréttablaðið, 21. maí.**

### Sálarinnar Herkúles

**„Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að skora á Sverri til að leggja skítadreifaranum...“**

STEFÁN HILMARSSON TÓNLISTARMAÐUR SVARAR SVERRI STORMSKER FULLUM HÁLSI.
**Fréttablaðið, 21. maí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BOBBY BREIÐHOLT, HÖNNUÐUR OG MYNDSKREYTIR

## Kassagítar og kúrekastígvél í sumar



„Ég er mjög upptekinn við vinnu þessa dagana. Konan er að heimsækja fjölskyldu sína á Spáni í mánuð og ég nýti tímann í að láta undan vinnualkahneigðinni innra með mér,“ segir Bobby Breiðholt, hönnuður og myndskreytir. Hann hefur mörg járn í eldinum um þessar mundir. „Meðal annars er ég að hanna fatalínu fyrir INMATE ásamt tveimur öðrum. Við sjáum um sumarlínuna fyrir sumarið 2009 og vorum að enda við að senda teikningarnar til Kína þar sem fötin verða framleidd. Svo var ég að senda efni í spænska hönnunarbók, auk þess sem ég er alltaf á fullu við að myndskreyta, meðal annars fyrir Reykjavík Grapevine og Sjónaukann.“

Bobby heldur ásamt fleirum úti vinsælli tónlistarbloggsíðu á slóðinni breidholt.blogspot.com. „Síðan heitir B-Town Hit Parade og verður tveggja ára í lok þessa mánaðar. Af því tilefni höfum við hug á að fá erlenda kollega okkar til að skrifa gestapistla á síðuna, en við erum í töluverðu sambandi við tónlistarbloggara, hljómsveitir og plötufyrirtæki frá útlöndum.“

Spurður hvað hann geri sér til skemmtunar um helgar segist Bobby varla hafa farið niður í miðbæ í marga mánuði. „Það er langbest að vera í góðra vina hópi inni í eldhúsi með góða tónlist á fóninum. Ég er kominn með nóg af bylmingsteknói og barbrölti, svo ég tali nú ekki um skræpóttu fötin. Sumarið í ár verður bara kassagítar og kúrekastígvél úti á túni í stað þess að hanga inni á börum með sveitt teknó í eyrunum.“

## SKARFAKÁL:
### GOTT GEGN ANDREMMU

■ Skarfakál hefur glóandi, hóflaga laufblöð, er ríkt af C-vítamíni og gott gegn skyrbjúg. Það er einnig talið gott við gigt, tíðastemmu, andfýlu og ýmsum húðsjúkdómum. Skarfakál vex víða á Íslandi en helst meðfram ströndum og er það þekkt undir ýmsum öðrum heitum eins og kálgresi, eyjakál eða arfakál. Á sumum svæðum var það fyrst og fremst notað til lækninga en annars staðar til manneldis. Þá var það sett út á skyr eða borðað sem salat. Á Breiðafjarðareyjum var til dæmis algengast að sjóða skarfakál í graut eða súpu en á Ströndum var bakað skarfakálsbrauð.

## SJÓNARHÓLL
### ÍBÚUM Á LAUGAVEGI GERT AÐ LAGA HÚS SÍN



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**
Bæjarstjóri í Ölfusi

### Mikið fagnaðarefni

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, fagnar því mjög að eigendum húsa við Laugaveg verði gert að laga hús sín. Borgaryfirvöld í Reykjavík sendu nokkrum húseigendum á Laugavegi bréf þar sem farið er fram á að þeir geri endurbætur á húsum sínum, annars verði þeir hugsanlega beittir dagsektum. „Ég fór oft í miðbæ Reykjavíkur en geri það ekki núna þar sem mér finnst hann ekki skemmtilegur,“ segir Ólafur Áki. „Mér finnst Hverfisgatan hræðileg og Laugavegurinn ömurlegur.“ Ólafur Áki telur því þessar aðgerðir vera lið í því að gera miðbæinn fallegan á ný. Á ferðum sínum erlendis sækist hann í að heimsækja gamla bæjarkjarna. „Ég hitti bæjarstjóra í Svíþjóð sem býr í gömlu húsi í miðbænum og það var búið að gera upp þennan bæ, sem var virkilega skemmtilegur. Svo hef ég kynnst því að fyrirmenn búa yfirleitt í gömlum húsum í miðbæjum og vonandi á ég eftir að heilsa upp á Ólaf F. á Laugaveginum.“

# Gamli Gráni á fjölda aðdáenda

**Massey Ferguson dráttarvélar eiga sér sess í hjörtum margra sem verið hafa í sveit. Nú hefur verið stofnaður félagsskapur í kringum þessar vélar.**



**GERIR UPP GAMLAR VÉLAR** Ragnar á sjálfur tvær Ferguson-vélar sem hann er að gera upp. Eina TEA bensínvél, árgerð 1955, og aðra dísilvél frá 1953. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er partur af landbúnaðarsögunni því þegar traktorinn kom breyttist allt. Fergusoninn varð hér á Íslandi að hinni einu sönnu heimilisdráttarvél og margir eiga góðar minningar um þessar vélar og hafa áhuga á þeim,“ segir Ragnar Jónasson, kennari við Iðnskólann og stofnandi Ferguson-félagsins á Íslandi.

Eins og nafnið gefur til kynna snýst félagsskapurinn um Massey Ferguson-dráttarvélar. Félagið heldur úti öflugri heimasíðu þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar um Massey Ferguson-vélar og menn geta skipst á upplýsingum. „Þetta er svona til að þjappa mönnum saman svo þeir geti miðlað reynslu sinni. Leitað leiða til að finna varahluti, tekið þátt í sýningum og ýmislegt þess háttar. Við viljum líka stuðla að því að varðveita gamlar vélar og afla upplýsinga um sögu Ferguson á Íslandi,“ segir Ragnar en á næsta ári eru liðin 60 ár frá því fyrsta Ferguson-dráttarvélin var flutt inn til landsins.

„Þetta er ekki bara spurning um véladótið heldur menninguna. Margir frumherjanna eru enn á lífi og við höfum verið að safna saman frásagnarbútum og ýmsum upplýsingum sem hafa mikið heimildagildi,“ segir Ragnar.



**FERGUSON SAMEINAR KYNSLÓÐIRNAR** Gamall Gráni (TEA 20) með flutningsskúffu sem hefur verið gerður upp. MYND/FERGUSON-FÉLAGIÐ

Hátt í hundrað manns eru skráðir í félagið og Ragnar segir þá á öllum aldri. Flestir hafa verið í sveit og keyrt vélarnar þar og margir þeirra eiga gamlar Ferguson-dráttarvélar.

„Þetta eru þær vélar sem menn sem eru um sextugt núna keyrðu þegar þeir voru sendir í sveit. Á þeim árum fengu sjö til átta ára sveitakrakkar að keyra dráttarvélar og allir muna hvaða vél þeir keyrðu í fyrsta skipti,“ segir Ragnar og spyr síðan blaðamann hvort hún muni hvaða strák hún kyssti fyrst. „Þetta er eins með dráttarvélarnar. Maður tengist þessu tryggðaböndum,“ segir hann.

Sjálfur var Ragnar í sveit í Villingadal í Eyjafirði þar sem hann kynntist Ferguson-vélunum og í dag á hann tvær slíkar vélar. Eina TEA bensínvél, árgerð 1955, og aðra dísilvél frá 1953. „Þegar ég fór að leita mér að vél til að kaupa komst ég að því að þær lágu ekki á lausu. Þær höfðu kannski staðið bak við hlöðu í áratugi en voru samt ekki falar heldur dýrgripir sem menn tímdu ekki að selja,“ segir Ragnar, sem vinnur að því hörðum höndum að gera vélarnar upp. „Ég er með landgræðsluлóð í Gunnarsholti og sé mig þar í anda í nánustu framtíð þeysandi um á Ferguson með tvíþumlavettlinga og sixpensara,“ segir Ragnar og hlær.

Slóðin á heimasíðu félagsins er www.ferguson-felagid.tk.

**thorgunnur@frettabladid.is**


# Viltu skjól á veröndina?







**www.markisur.com og www.markisur.is**

**Veðrið verður ekkert vandamál**

**Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík**
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar


Gerður Gunnarsdóttir valin í úrslitakeppni fyrir ÓL:

# Mikil viðurkenning

Gerður Gunnarsdóttir myndhöggvari hefur verið valin í úrslitakeppni alþjóðlegrar listasamkeppni um skúlptúra fyrir Ólympíuleikana í Kína, 2008 Olympics Landscape Sculpture Design Contest. Tilkynnt verður í lok maí hvaða verk eru talin meðal þeirra 29 bestu. Gerður sendi fimm verk í keppnina árið 2005 og voru tvö af þeim valin áfram sem eitt verk. Verkið ber nafnið „To the Olympics - in Peace and Harmony“.

„Mér finnst þetta fyrst og fremst skemmtileg uppákoma. Þetta er auglýsing fyrir mig, mjög mikil viðurkenning og heiður. Kínverjar eru fjölmennasta þjóð í heimi og sem listamanni finnst mér heiður að hljóta viðurkenningu hjá svo stórri þjóð. Ég hef voðalega gaman af þessu,“ segir hún.

Alls bárust rúmlega 2.400 listaverk frá níutíu löndum í keppnina. Af þeim voru 290 verk valin á farandsýningu um Kína og 110 verk urðu síðan hluti af alþjóðlegri sýningu. Sýningarskráin Olympics and Sculpture var gefin út og sýning sett upp í tólf borgum. Sýningargestir fengu að velja þau 29 verk sem þeim þótti best og höfðu þannig áhrif á val verkanna í úrslitin.



**GERÐUR GUNNARSDÓTTIR** Gerður við verkið sem tekur þátt í alþjóðlegri listasamkeppni fyrir Ólympíuleikana.

Gerður segir að 29 bestu verkin verði stækkuð upp í þrjá til fimm metra og sett niður við Ólympíuleikvanginn í Peking. Þessi verk fá öll gull-, silfur- eða bronsverðlaun í lok maí. - ghs

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15 - 50% AFSLÁTTUR

**Í DAG FIMMTUDAG,
Á FÖSTUDAG
OG LAUGARDAG**

# Sparaðu með Brimborg

## Ný rekstarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung.** Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturð u skilað bílnum eftir 12 mánuð i eð a 24 mánuð i

**Nýjung.** Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eð a 24 mánuð ir í stað 36 mánuð i

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

## Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi Brimborgar á




### Volvo S40

Volvo S40
1,6i 100 hö 145 Nm 5 gíra 4 dyra
C02 losun 171 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.428.000 kr.*
Rekstrarleiga 57.958 kr. á mánuði í 24 mánuði. Heildarlántökukostnaður 515.397 kr. 2 bílar á þessu tilboði.




### Ford Fiesta

Ford Fiesta Trend
1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 153 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,4 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.990.000 kr.*
Rekstrarleiga 30.658 kr. á mánuði í 24 mánuði. Heildarlántökukostnaður 273.698 kr. 7 bílar á þessu tilboði.

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Forsendur

# Bensínverðvernd Brimborgar & ÓB 99 kr.



**Nýjung.** Bensínverð vernd Brimborgar: Brimborg tryggir þér 1.500 lítra af bensíni á **99 krónur.**

# tur skilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

**Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg.**

## nýjum bílum:



**Mazda3**

Mazda3 Touring
1,6i 105 hö 145 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 172 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.590.000 kr.*
Rekstrarleiga 34.977 kr. á mánuði í 24 mánuði. Heildarlántökukostnaður 354.910 kr. 8 bílar á þessu tilboði.



**Citroën C3**

Citroën C3 SX
1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.980.000 kr.*
Rekstrarleiga 28.900 kr. á mánuði í 24 mánuði. Heildarlántökukostnaður 275.678 kr. 5 bílar á þessu tilboði.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Munch-safnið í Ósló:

# Ópið til sýnis á ný

Eitt frægasta málverk allra tíma, „Ópið“ eftir norska málarann Edvard Munch, verður í þessari viku aftur aðgengilegt listunnendum, fjórum árum eftir að því var stolið úr Munch-safninu í Ósló.

Listaverkinu var stolið um hábjartan dag þann 22. ágúst 2004, ásamt öðru frægu verki Munchs, Madonnu. Rúmu ári síðar tókst lögreglu að hafa aftur uppi á málverkunum, en þau höfðu skemmst talsvert í meðförum þjófanna og hefur verið unnið að viðgerðum síðan. Skemmdirnar eru þó enn greinilegar þrátt fyrir viðgerðirnar.

Þjófarnir tveir hafa þegar verið dæmdir og fangelsaðir.

**- aa**



**ÓPIÐ** Vatnsskemmd sést í neðra vinstri horninu. NORDICPHOTOS/AFP

**FBL-GREINING:** SEA SHEPHERD

# *Vilja beinar aðgerðir til varnar öllum sjávardýrum*

Kvóti hefur nú verið gefinn út á fjörutíu hrefnur, þrátt fyrir mótmæli erlendra ríkja og náttúruverndarsamtaka. Meðal þeirra samtaka sem hafa beitt sér gegn hvalveiðum Íslands eru Sea Shepherd, undir forystu hins alræmda Paul Watson. Samtökin hótuðu að senda skip sín á Íslandsmið í fyrra, kæmi til frekari langreyðaveiða, en af því varð ekki.

### Hver er saga samtakanna?

Sea Shepherd urðu til árið 1977, þegar Paul Watson sagði skilið við Greenpeace. Formlega voru samtökin þó ekki stofnuð fyrr en árið 1981. Ástæða þess að Watson taldi sig ekki eiga samleið með Greenpeace lengur var sú að hann vildi að náttúruverndarsinnar gripu til beinna aðgerða, sem félagar hans í Greenpeace sættu sig ekki við.

Upphaflega einbeittu samtökin sér að sjávarspendýrum, en í dag beita þau sér í málum allra sjávardýra.

Sea Shepherd fá styrki frá bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Samtökin halda úti þremur skipum sem sigla þangað sem þörf krefur.

### Hvers konar aðferðum beita þau?

Íslendingar þekkja Sea Shepherd eflaust helst vegna þess að meðlimir samtakanna, þar á meðal Watson sjálfur, sökktu hvalbátunum Hval 6 og Hval 7 við bryggju í Reykjavík í nóvember 1986. Watson var handtekinn en ekki sóttur til saka. Hann var sendur úr landi og er óheimilt að koma aftur til Íslands.

Þetta voru hvorki fyrstu né síðustu hvalveiðiskipin sem meðlimir samtakanna sökktu. Frá árinu 1979 til 1998 er talið að þeir hafi sökkt samtals tíu hvalveiðiskipum.

Sea Shepherd samtökin eru einnig þekkt fyrir að beita sér gegn selkópadrápum kanadískra veiðimanna, og selveiðum almennt.

Á síðari árum hafa samtökin einkum barist gegn japanska hvalveiðiflotanum í suðurhöfum. Eins og áður láta meðlimir samtakanna sér ekki nægja að fylgjast með, heldur hafa meðal annars siglt í veg fyrir hvalveiðiskip og slett sýru á dekk skipanna.




Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


**FRÉTTASKÝRING:** Prófkjör demókrata í Bandaríkjunum



**Í HÓPI STUÐNINGSMANNA** Barack Obama gekk á þriðjudagskvöld á fund stuðningsmanna sinna í Iowa, ríkinu sem í byrjun kosningabaráttunnar tryggði honum það forskot sem dugað hefur síðan. NORDICPHOTOS/AFP

# Obama mjakast æ nær

**Barack Obama hefur tryggt sér meirihluta kjörinna fulltrúa á landsþingi Demókrataflokksins í haust. Hillary Clinton stendur þó fast á því að ofurfulltrúarnir svonefndu geti enn tryggt henni sigur.**



**ÓVISSA UM FRAMHALDIÐ** Bill Clinton, fyrrverandi forseti, fylgist með ræðu eiginkonu sinnar, Hillary, ásamt dóttur þeirra Chelsea, á fundi í Kentucky á þriðjudagskvöld. Þar vann Hillary stórsigur, sem dugar henni þó engan veginn til að tryggja sér útnefninguna. NORDICPHOTOS/AFP

„Þið hafið fært okkur nær útnefningu Demókrataflokksins,“ sagði Obama við stuðningsmenn sína í Iowa á þriðjudagskvöld. Þangað var hann kominn að kvöldi enn eins prófkjörsdagsins, þegar kjósendur í Oregon og Kentucky höfðu fært honum rúmlega fjörutíu kjörmenn til viðbótar.

Eftir prófkjörin í Oregon og Kentucky er Obama kominn með meirihluta kjörinna landsfundarfulltrúa, en sá meirihluti dugar honum ekki til meirihluta þegar forsetaefni flokksins verður kosið því landsfundinn sitja nærri 800 ofurfulltrúar, sem geta varið atkvæði sínu að vild, ólíkt kjörnu fulltrúunum sem eru bundnir af niðurstöðu prófkjaranna.

En þótt Hillary Clinton hafi fengið nærri 60 kjörmenn samtals út úr prófkjörunum á þriðjudaginn, þá dugar það henni heldur engan veginn til að ná upp nærri tvö hundruð kjörmanna forskoti Obama.

### Ætlar að berjast til þrautar

Clinton hefur margoft lýst því yfir að hún ætli að halda áfram baráttunni þangað til prófkjörum í öllum ríkjum Bandaríkjanna er lokið. Nú eru aðeins þrjú ríki eftir: Hinn 1. júní verður kosið um 55 kjörmenn í Púertó Ríkó og tveimur dögum síðar verður kosið bæði í Montana, þar sem 16 kjörmenn eru í boði, og Suður-Dakota, þar sem kjörmennirnir eru 15.

„Ég er staðráðnari í því en nokkru sinni að sjá til þess að hvert einasta atkvæði verði greitt og hver einasti kjörseðill talinn,“ sagði hún síðast í gær, eftir að hafa unnið nokkuð stóran sigur á Obama í Kentucky.

### Baráttan um ofurkjörmennina

Innan við hálfur mánuður er þangað til síðustu prófkjörunum lýkur og þá tekur við baráttan um ofurkjörmennina. Nærri þrír fjórðu þeirra hafa reyndar nú þegar gefið upp afstöðu sína og styðja nú 303 þeirra Obama en 272 Clinton. Jafnvel síðustu vikurnar, þegar Clinton hefur unnið fleiri sigra í prófkjörum en Obama, hefur forskot hans gagnvart Clinton meðal ofurfulltrúanna aukist jafnt og þétt.

Bandaríska dagblaðið New York Times veltir því fyrir sér hvers vegna Clinton hafi ekki gefið eftir og hætt baráttunni, sem nú virðist vera gjörsamlega töpuð.

Clinton hefur haldið því fram nýverið að það sé kannski kynferði hennar frekar en kynþáttafordómar sem hafi áhrif í baráttu hennar við Obama. Samkvæmt New York Times telja ráðgjafar hennar að með því að halda baráttunni áfram til þrautar geti hún sýnt stuðningsfólki sínu, ekki síst ungum konum, að hún gefist ekki svo auðveldlega upp og láti ekki ráðskast með sig.

### Flórída og Michigan

Hún hefur farið fram á að kjörmenn í Flórída og Michigan fái að greiða atkvæði á landsfundinum. Fái Flórída og Michigan að vera með á landsfundinum mun það vissulega bæta stöðu hennar, en dugar henni þó ekki til sigurs. Það eina sem getur í raun bjargað henni er að ofurfulltrúarnir skipti um skoðun fyrir landsfundinn, segi skilið við Obama og snúist á sveif með henni.

Til þess að sú verði raunin þarf þó eitthvað að gerast sem varpar rýrð á Obama – eða að Clinton takist með einhverjum hætti að efla trú þeirra á sér á lokasprettinum, sem nú er að hefjast.

### Clinton í Hæstarétt?

Baráttan um ofurfulltrúana gæti því orðið hörð og hún gæti þess vegna staðið í tæpa þrjá mánuði, eða allt fram að landsþingi flokksins sem verður ekki fyrr en í lok ágúst.

Engar líkur eru til þess, eins og staðan er nú, að Obama muni hætta baráttunni, þannig að spurningin nú er kannski helst sú hvort Clinton geti fundið sér einhverja leið til þess að hætta baráttunni með reisn. Eða í það minnsta hvort þau tvö geti komið sér saman um framhaldið, þannig að stuðningsmenn beggja geti tekið höndum saman eftir að hún stígur út.

Pistlahöfundur á leiðarasíðu dagblaðsins Washington Post stingur upp á því að Obama gæti lofað Clinton því að gera hana að hæstaréttardómara, ef staða þar losnar á kjörtímabilinu.

## KJÖRMENNIRNIR

Forsetaefni Demókrataflokksins verður kosið á landsþingi flokksins, sem haldið verður í lok ágúst í Colorado.

Kosningarétt hafa 4.050 landsfundarfulltrúar. Af þeim eru 3.253 kosnir í prófkjörum um land allt, en 797 eru forystumenn flokksins sem geta varið atkvæði sínu að vild.

Obama hafði í gær tryggt sér 1.962 atkvæði, þar af atkvæði 1.650 kjörinna fulltrúa og stuðningsyfirlýsingu 309 óbundinna kjörmanna.

Clinton hefur tryggt sér 1.779 atkvæði, þar af atkvæði 1.499 skuldbundinna kjörmanna og stuðningsyfirlýsingu frá 280 ofurkjörmönnum.




FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Suðurnes
Akureyri
Reykjavík
Húsavík

# Nú geta fleiri notið góðs...

## ...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum

**Nú er rétti tíminn til að gera verð- og gæðasamanburð!**

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
**3.990 kr.**

SCALA þakmálning, 10 lítrar
**6.795 kr.**

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is

SCALA þekjandi viðarvörn. 3 lítrar
**3.595 kr.**

MAXIT Maxfix viðgerðarspartl. 2,5 kg
Til viðgerða undir málningu utandyra
**894 kr.**

SCALA hálfþekjandi viðarvörn. 5 lítrar
**2.990 kr.**

Rúlla og bakki
**495 kr.**

Stigi, 8 þrep
**4.495 kr.**
Stigar og tröppur – margar stærðir og gerðir!

Dicht-Fix þéttiefni. 4 lítrar
**4.995 kr.**

SCALA BetoPrime 5 lítrar
Glær grunnur á steypu undir málningu utandyra
**1.295 kr.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Trappa, 4 þrep
**2.995 kr.**

Tréolía. 3 lítrar
**1.895 kr.**

DEKA Vatnsfæla. 18 lítrar
**8.865 kr.**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

*Kletthàls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16*
*Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14*
*Akureyri: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14*

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**Útgjöldin**
> Herraklipping. Meðalverð á öllu landinu í febrúar 2000-2008.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: KJARTAN EMIL SIGURÐSSON STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR**

## *Skókaup hafa ávallt verið verstu kaupin*



„Bestu kaup sem ég hef gert voru í sumarjakka einum sem var léttur og þægilegur en kostaði um það bil 5.000 krónur og það árið 1987," segir Kjartan Emil Sigurðsson stjórnmálafræðingur. „Þetta var blár jakki og á annarri erminni var merki sem á stóð „lemon", en eins og kunnugt er þá kalla hagfræðingar notaðar bifreiðar einmitt því nafni! Ég komst að þessu mörgum árum síðar."
Spurður um verstu kaupin rifjar hann upp kaup af skóm. „Kaup sem tengjast skóm hafa ávallt verið meðal minna verstu kaupa um ævina. Einhverju sinni keypti ég skó í Kringlunni en annar þeirra var handónýtur frá fyrsta degi. Ekki man ég hvort reynt var að nota hinn skóinn en ekki rekur mig minni til þess enda skópar ónýtt um leið og annar skórinn er ónýtur. Þessir skór voru einhvers konar íþróttaskór með mynd af körfubolta á tungunni en þeir stóðu auðvitað ekki undir nafni sem skór né nokkuð annað."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### REYKURINN GUFAR UPP

■ *Thelma Jónsdóttir slær tvær flugur í einu höggi.*



Í staðinn fyrir að fara með kjóla og jakka í hreinsun grípur Thelma Jónsdóttir hönnuður stundum til þess ráðs að hengja þá upp inn í baðherbergi eftir að hún kemur úr heitri sturtu. „Þá gufar lyktin upp úr þeim. Maður getur líka skellt þeim á heitan ofn og öll lykt hverfur. Ég gerði þetta oft áður en reykingabannið tók gildi og maður gat ekki brugðið sér á barinn án þess að lykta af tóbaki. Þetta er einfalt og þægilegt og svo sparar maður líka pening."

■ **Neytendavernd barna**

## Börn verða vernduð fyrir markaðssókn



Nú hillir undir að settar verði reglur varðandi markaðssókn á vörum og þjónustu sem beinast að börnum og unglingum. Reglurnar verða settar fram af talsmanni neytenda og umboðsmanni barna, og unnar í nánu samráði við aðila á markaði, almannasamtök, stofnanir og sérfræðinga. Í tilkynningu segir að verkefnið, sem ber heitið Neytendavernd barna, sé til komið vegna fjölmargra athugasemda um að brýnt sé að tekið verði á sívaxandi markaðsáreiti sem beinist að börnum. Reglurnar verða kynntar formlega í sumarbyrjun.

Montreal
23. eða 30. maí
frá kr. 19.990
báðar leiðir



Allra síðustu sætin!
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal 23. og 30. maí. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi timinn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða. Þú getur valið um að bóka flugsæti eingöngu eða flug og hótel í Montreal.

Verð kr. 19.990
– báðar leiðir. Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, sértilboð 23. maí. Sértilboð 30. maí kr. 23.990.

Verð kr. 59.990
– flug og gisting. Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Les Suites Labelle *** eða Hotel Le Roberval *** m/morgunverði í 7 nætur, sértilboð 30. maí og sértilboð 23. maí gisting í tvíbýli á Travelodge **+ m/morgunverði í 7 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Falla úr gildi eftir 92 daga ferð erlendis

**Kaskótryggingar á húsbílum falla úr gildi hjá VÍS þegar bílarnir hafa verið erlendis í samfleytt 92 daga að meðtöldum brottfarar- og komudegi og nauðsynlegum flutningsdögum nema aukatrygging sé keypt eða um annað samið sérstaklega. Þetta gerist þó að kaskótryggingin sé árstrygging og greidd að fullu sem slík.**



**LÁÐIST AÐ GETA AUKATRYGGINGAR** Húsbílaeigendurnir Erna M. Kristjánsdóttir og Símon Á. Sigurðsson við húsbílinn sem brotist var inn í. Þau fengu innbúið bætt að þremur fjórðu en ekki skemmdirnar á bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

Erna M. Kristjánsdóttir og Símon Á. Sigurðsson keyptu sér húsbíl af gerðinni Mercedes Benz Sprinter í fyrra og komu með hann til landsins í júní. Húsbíllinn var strax settur í kaskótryggingu hjá VÍS við komuna til Seyðisfjarðar. Erna og Símon fóru utan á bílnum í október og hafði Erna samband við tryggingafélagið til að fá græna kortið og kanna hvort tryggingamálin væru ekki í lagi. Hún spurði sérstaklega um trygginguna á húsbílnum og var sagt að allt væri í lagi með tryggingarnar. Henni var ekki sagt frá því að tryggingin félli úr gildi eftir 92 daga ferðalag erlendis eða að hún gæti keypt aukatryggingu til að hafa bílinn fulltryggðan.

Erna og Símon ferðuðust um Spán í haust og settu bílinn svo í geymslu. Þau fóru aftur út í janúar og tóku upp þráðinn. Laugardaginn 22. mars ætluðu þau að snæða hádegisverð á veitingastað á Costa del Sol og lögðu bílnum skammt frá. Þegar þau komu til baka var búið að brjótast inn í bílinn að framanverðu, vinna skemmdir á honum og taka allt verðmætt, til dæmis tölvur og myndavélar. Erna og Símon kölluðu til lögreglu og höfðu svo samband við VÍS þegar þau voru komin heim.

Erna segir farir sínar ekki sléttar af viðskiptunum við VÍS. Tryggingarfélagið hafi neitað að greiða tjónið á bílnum vegna þessarar 92 daga reglu. Það bæti hins vegar innbúið að þremur fjórðu hlutum og hafi loks samþykkt að endurgreiða kaskótrygginguna að hluta. „Ég hafði greitt frá 1. júní í fyrra. Kaskótryggingin er árstrygging og ég vildi fá endurgreitt úr því að hún var ekki í gildi. Eftir mikið þref og fundahöld var það loks samþykkt," segir hún og bendir á að þetta gildi um alla bíla. Það komi fram í smáa letrinu.

Ástrós Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá VÍS, segir að hugsunin á bak við 92 daga regluna sé sú að ferðalag sé alltaf ferðalag. Þegar farið sé utan með húsbíl þá gildi tryggingin í þrjá mánuði fyrir viðkomandi eins og gildir með ferðatryggingar almennt. Ef ferðalagið standi lengur en í þrjá mánuði líti VÍS svo á að um dvöl í landinu sé að ræða nema um annað hafi verið samið og þá þurfi að kaupa viðauka við trygginguna eða gera aðrar ráðstafanir erlendis.

ghs@frettabladid.is

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## ÍSLENSKUR ÁVAXTASAFI

Hérlendis hófst framleiðsla appelsínusafa í neytendaumbúðum árið 1972. Síðan hefur þessi iðnaður aukist verulega og þykir í dag sjálfsagt að appelsínusafi og annar ávaxtasafi sé hluti af daglegri neyslu.

**Hreinn ávaxtasafi úr þykkni**
Stærstur hluti þess safa sem pakkað er hér á landi er framleiddur úr ávaxtaþykkni sem er flutt hingað frosið í gámum eða tunnum. Þykknið er framleitt með því að eima burt vatn úr ávaxtasafa til að minnka rúmmál og þar með flutningskostnað. Við framleiðslu hér er engu blandað saman við þykknið nema hinu ágæta íslenska vatni, í stað þess sem eimað var burt í upphafi, og ef til vill ávaxtakjöti. Safinn er svo gerilsneyddur og pakkað í neytendaumbúðir. Þessi safi er ýmist kælivara eða ekki. Kælivaran hefur styttra geymsluþol, oft um sex vikur, en safa sem ekki þarf að geyma í kæli er pakkað við dauðhreinsaðar aðstæður til að tryggja hið langa geymsluþol sem er allt að tólf mánuðir. Þessi sama aðferð er notuð við flestar gerðir ávaxtasafa, hvort sem hann er úr einum eða fleiri tegundum ávaxta. Hreinn ávaxtasafi úr þykkni tryggir að engu er bætt í safann nema vatni og ef til vill ávaxtakjöti. Hreinn safi er alltaf án rotvarnarefna og annarra aukefna. Dæmi um slíka safa er Trópí, Brazzi og Ávöxtur.



**Hreinn ávaxtasafi ekki úr þykkni**
Þessi ávaxtasafi er eins lítið unninn og hægt er og þykir hvað bragðbestur. Ávaxtasafinn hefur aldrei verið þykktur. Hann er fluttur hingað til lands við frostmark, pakkað beint í neytendaumbúðir eftir gerilsneyðingu og er venjulega kælivara. Þarna er engu blandað í safann. Dæmi um þennan safa er Trópí nýkreistur og Sólarsafi.

**Ávaxtanektar**
Nektar er framleiddur með því að bæta sykri/hunangi/sætuefnum og bragðefnum saman við ávaxtaþykkni og þynna með vatni að réttum styrkleika. Í þennan drykk má bæta ýmsum efnum til að auka næringargildi hans, en þessa bætingu skal tilkynna Matvælastofnun. Einnig má bæta í hann svokölluðum hjálparefnum til að stilla sýrustig eða bæta geymsluþol. Þetta þarf að taka fram á umbúðum. Þarna hafa framleiðendur séð tækifæri til að auka hollustu vörunnar með því að bæta við vítamínum, steinefnum eða andoxunarefnum.

**Ávaxtadrykkur**
Hér er á ferðinni drykkur sem hefur svipaða eiginleika og nektar, nema að hér er ávaxtainnihald minna. Dæmi um þennan drykk eru Svali og Frissi fríski.

www.mni.is



FRÁBÆR TILBOÐ
SPRENGIVIKA
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
Pallaefni
Gagnvarin fura
28x95 mm
628601
FRÁBÆRT VERÐ
186 kr/m
199 kr/m
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKJÓLGIRÐINGUM
FRÁBÆRT VERÐ
JOTUN
Treolje
Jotun Treolje
Pallaolia 3 ltr.
7049123-33
1.299
2.629
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman



**FRÁBÆRT** VERÐ

## ÚTIPOTTAR

Frostþolnir

39X31 sm grár/hvítur 11441587/93 **1.990**

30X24 sm grár/hvítur 11441588/94 **1.290**

21X18 sm grár/hvítur 11441589/95 **890**

**FRÁBÆ TILBO**

# SPRENGIVIKA

í Húsasmiðjunni og Blómavali 22. - 27. m



**Sýpris 799**



**Stjúpur 10 stk. 599**



**20%** AFSLÁTTUR

**Garðborð**
Bradford, 110 x 72 sm
3899085
**6.872** ~~8.590~~

**Garðstóll**
Oregon, m/stillanlegum örmum
3899088
**5.890** ~~7.390~~



**999** ~~1.990~~

**Úðakútur**
5 ltr.
10222266





# 20% AFSLÁTTUR
**AF ÖLLUM HJÓLUM**
**MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

## Energy 20"
AUTHOR

6 gíra **Shimano Revoshift** skipting

Handbremsur **Tektro** plast/ál

**Artek "V"** bremsur

**12.995**




## Madrid

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKJÓLGIRÐINGUM**



180 x 120 sm
603414
**7.890**



180 x 120/90 sm
603411
**5.890**



180 x 180 sm
603400
**9.920**



90 x 180 sm
603405
**7.490**



180 x 180 sm
603420
**9.920**

**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU**

Verðin eru sýnd með afslætti

## Kaupauki
Laufhrífa fylgir
öllum sláttuvélum
um helgina
meðan birgðir endast



**Laufhrífa**
5084344

**25.990**

## Öflug
á grasið



Fjórgengismótor
munið að setja olíu á
allar nýjar sláttuvélar.

**Sláttuvél, Mega**
4 Hp, 50 sm sláttubreidd,
50 ltr safnari, miðstýrð
hæðarstilling.
5085239

**27.900**
~~31.990~~



**Trooper**
- 7.87Kw
- Grillflötur 48x50 sm
- Tveir brennarar úr steypujárni
- Flame tamer hlíf yfir brennurum
- Hjálmur með postulínsemeleringu
- Grillið og grillgrindin er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði
- Auðþrífanlegur lekabakki
- Hitamælir á hlíf
- Aðfellanleg hitagrind
- Innbyggð snúningskveikja
- Grillvagninn er úr vönduðum harðviði
- Gaskútur fylgir ekki

3000236

OUTBACK

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
4.900 **+0,05%**

**Fjöldi viðskipta:** 335
**Velta:** 2.875 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FL GROUP | +1,23% | EXISTA | -1,98% |
| ALFESCA | +1,19% | SPRON | -1,50% |
| ICELANDAIR | +0,72% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | -1,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,08 -0,28% ... Bakkavör 37,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 20,05 -1,47% ... Exista 10,38 -1,98% ... FL Group 6,60 +1,23% ... Glitnir 17,75 +0,28% ... Icelandair Group 20,10 +0,72% ... Kaupþing 796,00 +0,25% ... Landsbankinn 26,05 +0,19% ... Marel 95,20 -0,31% ... SPRON 4,60 -1,50% ... Straumur-Burðarás 11,61 -1,11% ... Teymi 3,44 -0,58% ... Össur 98,60 -1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**„Vítaverð vanræksla“**
Skuggabankastjórnin, sem hleypt var af stokkunum í Markaðnum í gær, hefur vakið mikla athygli. Vænta má þess að umræður hennar um peningamálastefnuna, stjórn efnahagsmála og ákvörðun stýrivaxta verði m.a. höfð til hliðsjónar þegar fjallað verður um stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans í dag. Gylfi Magnússon, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, sagði í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í gær, að það væri „vítaverð vanræksla“ að hafa ekki stóraukið gjaldeyrisvaraforðann á umliðnum árum, helst í takt við ævintýralegan vöxt bankanna. Hvað ætli bankastjórn Seðlabankans segi við þeirri gagnrýni og þeim rökum sem komu fram á fundi skuggabankastjórnar?



**Leitað nýrra fjárfesta**
Stóru viðskiptabankarnir þrír munu nú allir á höttunum eftir nýju fjármagni í formi hlutafjár. Forkólfar Landsbankans hafa verið á kynningarfundum með fjárfestum í Bretlandi; forsvarsmenn Kaupþings hafa kynnt bankann í Mið-Austurlöndum þar sem ríkisfjárfestingasjóðir eru digrir sem aldri fyrr í kjölfar hækkandi olíuverðs og áður hefur verið skýrt frá vangaveltum um möguleg kaup erlendra aðila að hlutum í Glitni.



## MARKAÐSPUNKTAR

Auk þess að lækka lánshæfiseinkunn ríkissjóðs um eitt þrep hefur Moody's lækkað mat á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs úr Aaa í Aa1. Væntingar fyrir allar einkunnir fyrirtækisins eru stöðugar en voru áður neikvæðar.

Moody's hefur einnig tilkynnt að lánshæfiseinkunnir Glitnis, Kaupþings og Landsbankans haldist óbreyttar og væntingar séu áfram stöðugar. Í rökstuðningi er vísað til þess að bankarnir njóti stuðnings ríkisins.

Tölur Hagstofunnar sýna að laun hafi hér hækkað um 0,9 prósent milli mánaða í apríl. Greiningardeild Kaupþings segir að þótt laun hafi hækkað um 4,3 prósent frá áramótum hafi rýrnun kaupmáttar ekki verið meiri í 14 ár, en þar koma til áhrif af verðbólgunni.

# Tap Icelandair Group 1,7 milljarðar

Tap hluthafa Icelandair Group eftir fyrsta ársfjórðung nemur 1.678 milljónum króna, eða 1,68 krónum á hlut. Tapið er rúmum þriðjungi meira en í fyrra.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri félagsins, segir niðurstöðuna þó nokkru betri en ráð hafi verið fyrir gert. Hann bendir á að eldsneytiskostnaður hafi aukist um tæpan milljarð króna frá fyrsta fjórðungi. Þá hafi í fyrra verið bókfærður hagnaður upp á 1,2 milljarða vegna eignasölu.

EBITDAR er afkomumælikvarði sem gjarnan er notaður í flugrekstri, en hann stendur fyrir rekstrarhagnað fyrir afskriftir og leigu, en hún er undanskilin vegna hás hlutfalls eignarhaldskostnaðar í slíkum rekstri. EBITDAR Icelandair Group var 705 milljónir á fyrsta fjórðungi, en var einn milljarður á sama tíma í fyrra. Fram kemur í tilkynningu félagsins að samið hafi verið um útleigu á fyrstu Boeing 787 Dreamliner þotunni sem félagið er með í pöntun til Air Niugini, þjóðarflugfélags Papúa Nýju-Gíneu. Afhending á vélinni frestast frá 2010 vegna tafa hjá Boeing til ársins 2012. „Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtingu á þeim fjórum Boeing 787 þotum sem Icelandair Group, þar með talið Travel Service, á til viðbótar í pöntun og eiga að afhendast á árunum 2012 til 2015, en ljóst er að flugvél þessarar gerðar verður ekki tekin inn í rekstur Icelandair fyrr en í fysta lagi árið 2014,“ segir í tilkynningu. - óká



**TÖLVUGERÐ DREAMLINER ÞOTA** Einhver bið verður á því að nýju Dreamliner-þotur Boeing sjáist í Icelandair Group-litunum. MYND/BOEING

# Segir starfskjör Lárusar eðlileg

**Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, segir samning Lárusar eðlilegan. Slíkir samningar verði hins vegar ekki gerðir meðan hann verði sitjandi stjórnarformaður.**

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, segir að þau kjör sem Lárusi Welding voru boðin þegar hann var ráðinn séu í samræmi við það sem tíðkaðist við gerð sambærilegra samninga hjá fjármálafyrirtækjum á þeim tíma.

Segir hann að ljóst hafi verið að vandasamt yrði að fylla skarð Bjarna Ármannssonar og þegar Lárus varð fyrir valinu starfaði hann sem framkvæmdastjóri Landsbankans í London. Hafði hann á þeim tíma áunnið sér tiltekin starfskjör og réttindi sem hann gaf frá sér þegar hann skipti um starfsvettvang.

Þetta kemur fram í svari Þorsteins við fyrirspurn Vilhjálms Bjarnasonar, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, frá aðalfundi Glitnis 20. febrúar síðastliðinn.


**ÞORSTEINN MÁR**

Þorsteinn tekur þó fram að samningar af þessu tagi verði ekki gerðir á meðan hann gegni starfi stjórnarformanns í bankanum þótt þeir hafi tíðkast fram til þessa í starfsemi fjármálafyrirtækja.

Jafnframt tekur Þorsteinn fram að unnið sé að því um þessar mundir, í samstarfi við lykilstjórnendur, að breyta núverandi fyrirkomulagi og fella niður þá kauprétti sem nú eru í gildi. Þorsteinn tekur einnig fram að hafi Félag fjárfesta hugmyndir um efni hvatakerfis fyrir stjórnendur sé hann reiðubúinn til viðræðna um það efni. annas@markadurinn.is

# Viðunandi fjórðungur hjá Alfesca

Alfesca hagnaðist um 1,8 milljónir evra, jafnvirði 209 milljóna íslenskra króna, á síðasta fjórðungi, sem er sá þriðji í bókum félagsins. Þetta er hálfri milljón evra meira en á sama tíma í fyrra og jafngildir rúmlega 38 prósenta aukningu.

Greiningardeild Glitnis sagði í gær afkomuna viðunandi miðað við árstíðasveiflur sem einkenni rekstur Alfesca og ástandið á mörkuðum.

Xavier Govare, forstjóri Alfesca, segir afkomuna viðunandi sé tekið tillit til erfiðra aðstæðna á markaði. Bæði hafi hrávöruverð hækkað auk þess sem veiking pundsins gagnvart evru hafi haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins í Bretlandi. Þessar aðstæður urðu þess valdandi að hætt var við kaup á breska matvælafyrirtækinu Oscar Mayer. Þá seldi fyrirtækið norska fisksölufyrirtækið Christian Partner á tímabilinu auk þess sem það keypti ítalskt dreifingarfyrirtæki á fjórðungnum. - jab


**XAVIER GOVARE** Forstjóri Alfesca segir afkomu félagsins viðunandi sé mið tekið af erfiðra aðstæðna og gengisbreytinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eftir standa þrettán

Frá og með deginum í dag er FL Group ekki lengur með í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar (OMXI15 vísitalan), en í henni standa þá eftir 13 félög.

Í tilkynningu Kauphallar Íslands kemur fram að bréf FL Group séu tekin úr vísitölunni vegna ófullnægjandi seljanleika, en ákvörðunin sé í samræmi við reglu 4.9 í reglum um samsetningu og viðhald OMXI15 vísitölunnar. Mjög hefur dregið úr veltu með bréf félagsins, en það bíður afskráningar.

Valið er í Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á hálfs árs fresti og tekur ný vísitala næst gildi 1. júlí. Þá eru valin 15 veltumestu félög kauphallarinnar, auk þess sem þau þurfa að uppfylla fleiri skilyrði. Fæst geta félög vísitölunnar verið 12 en flest 15, samkvæmt upplýsingum úr kauphöllinni. Síðast voru þannig einungis valin 14 félög í vísitöluna. - óká

**Sparaðu með Miele**

**MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig**

**MIELE TILBOÐ NR. 1**
Þvottavél W1514 kr. 124.995
Þurrkari T7634 kr. 104.995
Parið kr. 229.990
Vinnustund kr. 23.00

**MIELE TILBOÐ NR. 2**
Þvottavél W1514 kr. 124.995
Þurrkari T7644C* kr. 114.995
Parið kr. 239.990
Vinnustund kr. 24.00

**MIELE TILBOÐ NR. 3**
Þvottavél W1714 kr. 139.995
Þurrkari T7634 kr. 104.995
Parið kr. 244.990
Vinnustund kr. 24.50

**MIELE TILBOÐ NR. 4**
Þvottavél W1714 kr. 139.995
Þurrkari T7644C* kr. 114.995
Parið kr. 254.990
Vinnustund kr. 25.50

*Þurrkari m. þétti

**Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta parið**
**Í upphafi skal endinn skoða!**

Með því að kaupa Miele þvottavél eða þurrkara leggur þú grunn að langtímasparnaði



Miele



Miele þvottavélar eru prófaðar til að endast í 10.000 klst.

**Hreinn sparnaður**

**DÆMI FRÁ MIELE:**
Þvottavél og þurrkari með þétti kr. 239.990/10.000 vinnustundir = kr. 24,00 hver vinnustund.

**DÆMI FRÁ SAMKEPPNISAÐILA:**
Þvottavél og þurrkari kr. 189.000/6.000 vinnustundir = kr. 32,50 hver vinnusund.

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is



Fjölbreyttustu

# sturtulausnir

á Íslandi

- til afgreiðslu af lager!

Eitt hagstæðasta verð
á markaðnum

CCC
EOOO479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

## STURTUSKJÓL

70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



## HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGUR með hurð
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLERENDAVEGGIR
70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm



## BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm

## STURTUKLEFAR

| 331-A | 311-A | 321-A | 611-A | 622-A | 625-A |
|---|---|---|---|---|---|
| 90x90 | 80x80<br>90x90 | 90x90 | 80x80<br>90x90 | 80x80<br>90x90 | 80x80<br>90x90 |



## STURTUHORN

KANNTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm



Rúnað Kanntað

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Loftrýmiseftirlit NATO:

## Skerpir vitund um hagsmuni Íslands

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Líf færðist á ný í yfirgefinn stekkinn á svonefndu varnarsvæði Keflavíkurflugvallar fyrr í mánuðinum, þegar þangað komu á annað hundrað franskir hermenn í þeim erindagjörðum að sinna um sex vikna skeið fyrir hönd Íslands og Atlantshafsbandalagsins eftirliti með hinu hátt í milljón ferkílómetra stóra loftvarnasvæði Íslands. Til þessa verkefnis hafa Frakkarnir fjórar Mirage-orrustuþotur, það er sambærilegan búnað og bandaríska varnarliðið hafði síðustu árin sem það dvaldi hér á landi. Tvö ár eru nú liðin síðan bandarísku F-15-þoturnar fjórar og þyrlubjörgunarsveitin sem þeim fylgdi héldu héðan fyrir fullt og allt.

Hið svonefnda loftrýmiseftirlit er framkvæmt í nafni þess að enginn hluti loftrýmis NATO megi vera alveg loftvarnalaus. Að beiðni íslenzkra stjórnvalda samþykkti yfirstjórn NATO síðastliðið sumar að á ársfjórðungsfresti að jafnaði myndu þotur úr her annars NATO-ríkis annast virkt loftrýmiseftirlit hér á landi í um þriggja vikna skeið í senn. Auk Frakka hafa Danir, Norðmenn, Spánverjar, Pólverjar og fleiri flughersvæddar NATO-þjóðir lýst sig reiðubúnar að taka þátt í loftrýmisgæzlunni hér.

Þetta fyrirkomulag skerpir vitund bandalagsþjóða okkar fyrir varnarþörfum Íslands. Það eitt er mikils virði að teknu tilliti til þess að evrópsku NATO-þjóðirnar vöndust því í hálfa öld að þær þyrftu ekki að gefa varnarþörfum Íslands gaum vegna þess að Bandaríkjamenn „sáu alveg um“ herlausa eyríkið í norðri.

En það vinnst annað og meira með þessu fyrirkomulagi. Það skerpir ekki aðeins vitund bandalagsþjóða okkar í Evrópu fyrir varnarhagsmunum Íslands, heldur skerpir það vitund þeirra fyrir hagsmunum Íslands í víðara samhengi. Að ráðamenn Evrópuríkja skuli ákveða að verja skattfé borgara sinna til að taka þátt í að tryggja öryggi Íslands með þessum virka hætti eru skýr skilaboð um að þeir láti sig þessa hagsmuni varða í reynd.

Þannig tengir þetta fyrirkomulag Ísland heimaálfu sinni Evrópu styrkari böndum en áratugina sem það var undir sýnilegum verndarvæng Bandaríkjanna. Þótt sá verndarvængur teljist reyndar enn vera fyrir hendi þar sem varnarsamningurinn við Bandaríkin er enn í gildi, þá er hann ekki lengur sýnilegur á friðartímum. Þess vegna hefur þetta loftrýmiseftirlit nú verið tekið upp.

Loks skerpir þetta fyrirkomulag vitund Íslendinga um að það er eðlilegur hluti af tilvist fullvalda þjóðar að annast varnir sínar sjálf, að svo miklu leyti sem það er framkvæmanlegt í herlausu landi. Áætlaður rekstrarkostnaður Ratsjárstofnunar og það sem á fjárlögum er gert ráð fyrir að varið verði til kostnaðarþátttöku í loftrýmiseftirliti árlega nemur samtals um milljarði króna. Sumum kann að þykja það há upphæð en miðað við það sem grannþjóðir okkar verja til loftvarna sinna og annarra varna yfirleitt er þessi upphæð smáaurar. Hún er að minnsta kosti lítilvæg í samanburði við ávinninginn sem þjóðin hefur af aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og þeim nánu samherjatengslum sem hún skapar við þjóðirnar sem næst okkur standa beggja vegna Atlantshafs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tilbreyting



Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, telur að það eigi að auka þjónustu fyrir börn sem fæðast með skarð í vör eða klofinn góm og til stendur að setja upp tannlæknastofu á Landspítalanum í Fossvogi. Þetta er Tannlæknafélag Íslands ekki sátt við og hefur nú sent heilbrigðisyfirvöldum erindi þar sem meðal annars er spurt hvort til standi að ríkisvæða tannlækningar. Þetta hlýtur að vera ánægjuleg tilbreyting fyrir Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, sem hingað til hefur nær eingöngu verið brigslað um einkavæðingu í heilbrigðisgeiranum.

### Upp eða niður?

Samtök verslunar og þjónustu benda á að krónan verði sífellt minna virði og leggja til að hún verði lögð niður. Þar með yrði fimmkallinn lægsta mynteiningin og allar greiðslur rúnnaðar upp eða niður eftir því. Í fréttabréfi SVF kemur fram að þetta myndi spara bæði vinnu og fyrirhöfn og gæti leitt til sparnaðar í verði á vörum og þjónustu. Til sparnaðar, já. Hvort skyldu kaupmenn nú rúnna verðið upp eða niður?

### Tvær ríkisstjórnir



Eftirlaunalögin voru til umræðu á Alþingi í gær og lagði Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, orð í belg. Kristinn sagði eftirlaunamálið enn eina birtingarmynd um ósætti ríkisstjórnarflokkanna; annar flokkur vildi breyta lögunum hinn ekki; annar flokkurinn vildi hrefnuveiðar, hinn ekki; annar flokkurinn vildi virkja Þjórsá; hinn ekki. Hér væru í raun tvær ríkisstjórnir á öndverðum meiði við völd á sama tíma og það gengi ekki til frambúðar. Geir H. Haarde forsætisráðherra benti á að þetta hlyti að setja Kristin í ákveðna klípu: „Miðað við þetta verður erfitt fyrir hann að gera upp við sig hvorri ríkisstjórninni hann ætlar að vera á móti.“

bergsteinn@frettabladid.is

## Stórt lán? Til hvers?



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Efnahagsástandið og Seðlabankinn

Efnahagsástandið er í ólestri eina ferðina enn. Verðbólgan æðir áfram, þótt ríkisstjórnin hafi sett sér það höfuðmarkmið að halda henni í skefjum. Bankar og ýmis fyrirtæki segja upp fólki í stórum stíl. Skuldir þjóðarinnar hanga á bláþræði yfir höfði hennar, erlendar skuldir jafnt sem innlendar. Innlendu skuldirnar halda áfram að þyngjast vegna verðbólgunnar, enda er mikill hluti þeirra verðtryggður. Erlendu skuldirnar þyngjast einnig sjálfkrafa, þegar krónan fellur. Laun almennings eru hvorki verðtryggð né gengistryggð.

### Ríkisstjórnin ber ábyrgð

Ríkisstjórnin, einkum fyrri stjórn, en einnig hin, sem tók við völdum fyrir ári, ber höfuðábyrgð á ástandinu. Stjórn ríkisfjármála hefur verið veik. Ríkissjóður kemur nær tómur út úr uppsveiflu undangenginna ára. Stjórn peningamála hefur einnig verið í molum, úr því að Seðlabanki Íslands er enn sem fyrr eins og herfang í sjálftökubraski stjórnmálastéttarinnar án tillits til þess, að bankinn hefði ella getað haldið aftur af verðbólgunni og stuðlað að stöðugleika fjármálakerfisins, hefði honum verið sæmilega stjórnað. Enginn stjórnmálaflokkur andmælti sjálfsráðningu núverandi aðalbankastjóra fyrir fáeinum misserum, og enginn þeirra hefur heldur mótmælt ofurlaunakjörum bankastjóranna, en þeir þrír kosta skattgreiðendur meira fé á hverju ári en öll hagfræðimenntun í Háskóla Íslands. Aðalbankastjórinn á samkvæmt eftirlaunalögunum frá 2003 kost á fullum eftirlaunum í ofanálag eftir langan ráðherradóm. Engin árangurstenging þar.

Ég nefndi á þessum stað 9. september 2004, að forréttindi, sem menn hafa skammtað sér sjálfir eða látið aðra skammta sér, er hægt að taka af þeim aftur með fullum og fyrirvaralausum rétti. Ég sagði: „Ef stjórnarmeirihlutinn á Alþingi tæki t.d. upp á því að gefa forsætisráðherra Þingvelli eða Skarðsbók í kveðjuskyni með þökkum fyrir vel unnin störf, þá gæti nýtt Alþingi snúið við blaðinu án þess að bæta ráðherranum skaðann.“ Nú tefla ráðherrar og þingmenn fram eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar til varnar eftirlaunalögunum illræmdu, sem þeir settu handa sjálfum sér 2003 og hafa ekki enn fengizt til að breyta.

### Er Seðlabankanum treystandi?

Óstjórn efnahagsmálanna lýsir sér meðal annars í því, að ítrekuðum tillögum til Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar um að efla gjaldeyrisforðann í góðærinu var ekki sinnt. Nú loksins eftir dúk og disk rjúka menn upp til handa og fóta og kunna þá ekki önnur ráð en að taka lán í útlöndum til að auka forðann. Seðlabankinn veitti fyrir fáeinum vikum rangar upplýsingar um aðgang bankans að lánsfé frá norrænum seðlabönkum og hefur nú viðurkennt ósannindin í verki með því að gera eða láta gera fyrir sig sérstakan samning um slíkan aðgang. Nýr samningur hefði verið óþarfur, ef fyrri yfirlýsing bankans um málið hefði reynzt rétt.

Seðlabankanum er að svo stöddu varla treystandi fyrir aðgangi að gjaldeyrisforða annarra seðlabanka eða auknum forða yfirleitt með þeim skuldbindingum, sem þá væru lagðar á íslenzka skattgreiðendur. Þetta stafar af því, að Seðlabankinn virðist ekki hafa myndað sér skoðun á því, hvort krónan er nú of hátt skráð eða of lágt. Bankinn lét í fyrstu eins og gengisfall úr hæstu hæðum, þegar dollarinn kostaði innan við 60 krónur og evran innan við 90, væri óþokkabragð af hálfu erlendra vogunarsjóða og heimtaði rannsókn. Bankinn gerði þó enga tilraun til að draga úr gengisfallinu með því að ganga á gjaldeyrisforðann og viðurkenndi í reynd, að gengisfallið var eðlilegt.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lýsti þeirri skoðun í nýlegri skýrslu, að gengi krónunnar þyrfti að lækka mun meira en orðið er. Ég er sama sinnis. Seðlabankinn þarf að horfast í augu við hágengisvandann, sem hefur langtímum saman legið eins og mara á útflutningsatvinnuvegunum og staðið iðnaði, verzlun og þjónustu stórlega fyrir þrifum. Sú hætta vofir yfir landinu, að Seðlabankinn reyni í næstu gengislækkunarhrinu að aftra óumflýjanlegu falli krónunnar til að halda aftur af verðbólgunni með því að eyða nýauknum gjaldeyrisforða. Bankastjórn Seðlabankans veldur ekki lögbundnu hlutverki sínu, hvorki því að stuðla að stöðugu verðlagi né hinu að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Seðlabankinn stóð með tvær hendur tómar, þegar viðskiptabankarnir þurftu á sýnilegum bakhjarli að halda. Bankarnir stóðu því berskjaldaðir og birtust umheiminum sem hinir einu í Evrópu án aðgangs að þrautalánveitanda í gjaldgengri mynt. Ef bankastjórn Seðlabankans fæst ekki til að segja af sér af sjálfsdáðum, þarf Alþingi að leysa hana frá störfum.

## Að gefnu tilefni

**UMRÆÐAN**

Andri Óttarsson skrifar um Sjálfstæðisflokkinn og Evrópumál



ANDRI ÓTTARSSON

Í annars jákvæðri umræðu um Evrópumál hefur borið á athugasemdum um að þau hafi lítið verið rædd innan Sjálfstæðisflokksins og að skoðunum þeirra flokksmanna sem vilji inngöngu sé haldið niðri.

Í því samhengi er rétt að benda á að afstaðan til ESB og forvera þess hefur verið rædd í utanríkismálanefnd Sjálfstæðisflokksins á nánast öllum landsfundum sem haldnir hafa verið frá 1981. Sú umræða hefur skilað sér inn í ályktanir flokksins sem síðan eru bornar upp, ræddar og afgreiddar fyrir opnum tjöldum af öllum landsfundarfulltrúum sem eru iðulega á annað þúsund. Allir landsfundarfulltrúar hafa þannig haft tækifæri til að láta rödd sína heyrast, koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa bein og milliliðalaus áhrif á stefnumótun Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum.

Á síðasta landsfundi var samþykkt ályktun um utanríkismál þar sem stefna Sjálfstæðisflokksins gagnvart ESB var staðfest. Þar er meðal annars áréttað að EES-samningurinn hafi átt stóran þátt í hagsæld á Íslandi og þjóni hagsmunum okkar vel í viðskiptum við ríki álfunnar. Í ályktuninni kemur einnig fram að Sjálfstæðisflokkurinn telur aðild að ESB ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar nú. Þó sé mikilvægt að sífellt sé í skoðun hvernig hagsmunum Íslands verði best borgið í samstarfi Evrópuríkja.

Stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr enda hefur verið fylgst vel með þróun Evrópumála síðustu áratugina. Þannig hafði flokkurinn frumkvæði og forystu um stofnun þverpólitískrar Evrópunefndar árið 2004 sem hafði það hlutverk að kanna framkvæmd EES-samningsins, önnur tengsl Íslands og ESB, sem og ýmis álitamál því tengd. Nefndin skilaði ítarlegum niðurstöðum í fyrra sem voru til þess fallnar að efla upplýsta umræðu um Evrópumálin. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um svokallaða vaktstöð til að fylgjast grannt með þróun mála í Evrópu og tók hún til starfa snemma á þessu ári. Á sama hátt hefur flokkurinn brugðist við þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu um þessar mundir. Þingflokkur Sjálfstæðismanna hefur farið ítarlega yfir Evrópumálin, fjölmennur fundur var haldinn um þessi mál í Valhöll í síðustu viku og frekari fundir ráðgerðir í haust. Umræðan er því í góðum farvegi innan Sjálfstæðisflokksins.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.*

# Eurovision glaðningur

## fylgir öllum grillum og sjónvörpum!*

*Gildir meðan birgðir endast!



**Glóðheitur grillpakki**

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~22.989~~



**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**
*á öllum grillum hjá MAX*

**Broil Mate 13023**
8.8kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli • 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu • 1677cm² - án hliðarborðs/hellu • Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar • Postulín húðað Flav-R-Wave eldunarkerfi • Lineral Flow gas ventlar • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Innbyggður hitamælir • Hágæða Perma-Mold XL niðurfellannleg hliðarborð með áhaldakrókum • 18sm / 7" hjól

# Opið til kl. 21 í Holtagörðum

## í kvöld






**Plasma**

**Panasonic TH42PV70F**
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma breiðtjald • 1024x768 p uppl. • V-Real 2 Engine • Advanced 3D Colour •Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó • V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fim. Kauptúni | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Fim. Holtag. | kl. 11-21 | Sunnudaga | kl. 12-18 |

HOLTAGARÐAR FIMMTUDAGAR

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI












## Flottir kroppar

- Losnaðu við appelsínuhúð, slit og slappa húð
- Frábærar líkamsmeðferðir sem fegra, grenna og stinna!
- Brasilískt súkkulaðivax
- Andlitsmeðferðir, förðun o.fl.
- Pantanir í síma **557 3939**

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

## HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla **genginu**
**FRAMLEIÐUM**
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
www.patti.is
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

**Almennur opnunartími**
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
**Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Þóru leiðist ekki að fara í búðir og fer aldrei ótilhöfð í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Puntar sig dag hvern

***Þóra Katrín Kolbeins, sem starfar á aðalskrifstofu Listaháskóla Íslands, er mikil dama og rómuð fyrir smekklegan klæðaburð.***

Þóra hefur ávallt haft mikinn áhuga á fötum og gengið snyrtilega til fara. Hún er snyrtifræðingur að mennt og rak snyrtistofuna Gimli að Miðleiti 7 um margra ára skeið.

„Ég hef voðalega gaman af fallegum fötum og leiðist ekki sérstaklega að fara í búðir. Ég fer heldur aldrei ótilhöfð í vinnuna," segir Þóra og viðurkennir að hún eigi fullan skáp af fötum. „Ja, það segja synir mínir að minnsta kosti enda hef ég sagt við þá að þeir þurfi fyrst að fara að hafa áhyggjur af mér þegar ég hætti að punta mig og hafa áhuga á fötum. Þá er eitthvað að," segir hún og hlær.

Þóra Katrín kaupir föt aðallega í Cosmo og MB í Hlíðarsmára en í Cosmo keypti hún dress sem hún er sérstaklega ánægð með. „Þetta er ofsalega flott pils og við er ég í topp, með voldugt hálsmen og í hvítri skyrtu sem er alsett slaufum. Stígvélin eru síðan úr Sautján."

Þóra Katrín fylgist vel með ríkjandi tískustraumum í vinnunni en hún hefur unnið í Listaháskólanum, þar sem fatahönnun er kennd, síðastliðin tólf ár.

„Ég ákvað að söðla um því ég vildi ekki verða gamall snyrtifræðingur," segir hún ákveðin. „Mér finnst yndislega gaman að fylgjast með því sem fer fram í skólanum því það gefur svo mikla innsýn í það sem er að gerast í tískuheiminum."

*vera@frettabladid.is*




**Hár** segir mikið til um hvernig við hugsum um líkama okkar og heilsu. Fallegt og heilbrigt hár endurspeglar lífsstíl okkar.









ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.




Fæst í apótekum
um land allt.
Dr. Fischer


# Gæði mikilvægari en magn

***Góður svefn veitir hvíld, frið og endurnæringu. Tímabundið svefnleysi getur haft óþægilegar afleiðingar í daglegu lífi á meðan langvarandi svefnleysi getur beinlínis verið skaðlegt heilsunni.***

Meðalsvefnþörf fullorðinna er talin vera sjö til níu klukkustundir en börn og unglingar þurfa meiri svefn. Svefnmagnið skiptir samt ekki mestu máli heldur gæði svefnsins. Svefntruflanir geta sett strik í reikninginn, en þær eru mun algengari en fólk gerir sér grein fyrir. Júlíus Björnsson sálfræðingur segir að afleiðingar svefnskorts og svefntruflana séu margvíslegar. „Fólk sem ekki hvílist nægilega lendir í vandræðum að degi til. Stærstu og helstu einkennin eru dagsyfja og þreyta. Síðan getur fólk lent í vandræðum



Júlíus Björnsson sálfræðingur hefur lengi rannsakað svefn og svefnvanda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Góður svefn veitir hvíld, frið og endurnæringu.

með einbeitingu og athygli og dómgreindin skerðist. Sem betur fer eru þeir ekki margir sem upplifa svefnleysi í langan tíma.“

Svefnheilsufræði kemur meðal annars inn á almennar reglur er tengjast góðum svefni, að sögn Júlíusar. „Ef fólk er á annað borð heilbrigt á ekki að vera vandi að tryggja sér nægan svefn. Mjög margir þættir spila þó inn í, eins og kyn, aldur, lífsstíll, líkamlegir og andlegir sjúkdómar og streita. Þegar svefninn er í ólagi er það merki um að eitthvað sé í ólagi hjá okkur sjálfum.“

Júlíus segir að öruggasti mælikvarðinn á góðan svefn sé að vakna úthvíldur og líða vel yfir daginn. Að vakna á sama tíma hvern dag leiðir til betri og sterkari dægursveiflu, sem bætir hæfileikann til að sofna á réttum tíma. Forðast á áfengi og koffíndrykki fyrir svefn, og líkamsrækt að kvöldi getur leitt til sundurslitins svefns.

„Þegar bæta á svefninn er aðalatriðið að vera þolinmóður. Það tekur tíma að koma sér út úr óeðlilegu svefnmynstri. Svefnvanda er næstum aldrei hægt að bæta snöggt og snarlega. Mikilvægt er að hafa í huga að það eru lífsgæði að fá góðan svefn. Gefum okkur því tíma til að njóta nægrar hvíldar.“

Þeir sem vilja fá upplýsingar um svefn og svefnvanda er bent á heimasíðurnar www.doktor.is, landlaeknir.is og www.persona.is.

*klara@frettabladid.is*





Hjartastuðtæki Heart Save — PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.

Björgum mannslífum!

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

**Hjartastuðtæki innan seilingar veitir öryggi.** Nauðsynlegt í fyrirtæki, heimahús, opinberar stofnanir, íþróttamannvirki, verslunarmiðstöðvar og víðar. Primedic er mest selda hjartastuðtækið í Noregi.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Eirberg

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • www.eirberg.is



Æ fleiri jarðarbúar munu látast af völdum ósmitandi sjúkdóma á næstu tveimur áratugum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Búist við breyttum dánarmeinum 2030

***Umferðarslys, krabbamein og hjartasjúkdómar verða algengari dánarmein á næstu tveimur áratugum.***

Í niðurstöðum nýrrar rannsóknar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) kemur fram að dauðsföll af völdum ósmitandi sjúkdóma svo sem krabbameins og hjartasjúkdóma, og svo umferðarslysa vegna aukinnar bílaeignar, munu nema yfir þrjátíu prósentum allra dauðsfalla í heiminum árið 2030.

Á heimsvísu munu mannslát af völdum krabbameins fjölga úr 7,4 milljónum manna árið 2004 í 11,8 milljónir árið 2030, og dauði af völdum hjartasjúkdóma ágerast úr 17,1 milljón í 23,4 milljónir á sama tímabili.

Dauðsföll í umferðinni munu aukast úr 1,3 milljónum árið 2004 í 2,4 milljónir árið 2030, aðallega út af aukinni bílaeign heimsbúa, sem sé vegna meiri velmegunar hjá ríkjum sem áður höfðu lágar tekjur.

Á sama tíma munu dauðsföll sem nú tengjast þróunarríkjum, eins og vannæring, barnadauði, og svo smitandi sjúkdómar eins og malaría, berklar og eyðni, fara hratt lækkandi. Þrátt fyrir það er enn búist við að 2,4 milljónir manna munu látast úr eyðni árið 2012, samanborið við 2,2 milljónir árið 2008; áður en dánartalan lækkar í 1,2 milljónir árið 2030.

*- þlg*

# Toppur með bætiefnum

***Nýir vatnsdrykkir með trefjum og andoxunarefnum eru að birtast í búðum.***

Vífilfell hefur sett nýja tegund Topps á markað hér á landi undir nafninu Eðal Toppur. Þar er á ferðinni bragðbætt vatn án kolsýru sem inniheldur bætiefni. Framleiddar verða tvær tegundir Eðal Topps, annars vegar með trefjum og hins vegar andoxunarefninu E-vítamíni. Eðal Toppur með trefjum er með eplabragði og í hverri flösku eru um 24 prósent af leiðbeinandi dagskammti. Áhrifin eru þau að lengri tími líður þar til svengdartilfinning gerir vart við sig á ný. Eðal Toppur með andoxunarefnum er með ferskju- og aloe vera-bragði og inniheldur hver flaska um 25 prósent af ráðlögðum dagskammti E-vítamína sem vernda frumuhimnur líkamans og eru talin mikilvæg fyrir hjarta og blóðrás.





Vörumerkið og drykkirnir eru þróaðir í samvinnu við The Coca-Cola Company og eru þetta fyrstu drykkir sinnar tegundar sem fyrirtækið tekur þátt í að þróa á Norðurlöndunum.

*- gun*

# Handbókin komin út

***Rannsóknarstöð Hjartaverndar fagnar um þessar mundir fjörutíu ára afmæli og hefur af því tilefni gefið út nýja handbók.***

Í tilefni af fjörutíu ára afmæli Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar er komin út Handbók Hjartaverndar þar sem teknar eru saman helstu niðurstöður rannsókna frá því að fyrstu þátttakendur komu í Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar árið 1967.

Handbókin er aðgengileg á netinu á pdf-formi og er ætluð almenningi, heilbrigðisstéttum og heilbrigðisyfirvöldum til að nýta í skipulagningu forvarna. Auk þess má í henni finna upplýsingar um tíðni, algengi og þróun helstu áhættuþátta hjarta- og æðasjúkdóma síðan árið 1967.

*- hs*




HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ
LYFJAVER APÓTEK
Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:
Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS
HUGTÓK FEB 08

allt matur
Alla föstudaga

ÓBREYTT VERÐ!
HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound ...........
Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.
Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.
dot by ReSound
HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND
HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF
Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600
Heyrnarþjónustan Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is





SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!







Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim
**Útsölustaðir:** Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.
heilsa –hafðu það gott

**Veggklukkur** eru sniðugar á vegg í eldhúsið eða borðstofuna. Þær lofa okkur að fylgjast grannt með tímanum. Fallegar veggklukkur geta einnig verið hin mesta veggprýði.










Strimlagluggatjöld, eins og margir muna eftir í stofnunum og fyrirtækjum á árum áður, eru nú það heitasta fyrir glugga heimilisins. Hér sjást ljós strimlagluggatjöld í svefnherbergi frá Sólar Gluggatjöldum.



Plíseruð gluggatjöld eru best til að loka dagsbirtuna úti því þau leggjast vel upp að veggjum og hleypa síst birtu inn með hliðunum. Falleg lausn sem hér sést frá Sólar Gluggatjöldum.



Ljóri býður viðskiptavinum upp á nýtt myrkvunarefni á gömul rúllugluggatjaldakefli, en þá þarf ekki að bora fyrir nýjum festingum. Hér má sjá ljóst screen-efni fyrir gluggum, en „screen“ er meðal þess heitasta nú í rúllugardínum og margir litir í boði.

# Myrkvaðar sumarnætur

***Blessuð sólin elskar allt. Allt með kossi vekur. Nema góð myrkvunartjöld skapi næturró á íslenskri sumarnótt.***

Nú er tæpur mánuður í að aftur taki að skyggja eitt hænufet á dag. Íslendingar elska bjartar sumarnætur og mörgum finnst aldrei eins gott að sofa í eins og þegar nætursólin skín á koddann meðan hvílst er. Aðrir geta illa lokað auga í dagsbirtu næturinnar og loka fyrir ljómann með öllum tiltækum ráðum, en þá koma myrkvunargluggatjöld sér vel.

Rúllugluggatjöld eru enn langvinsælust fyrir myrkvun í svefnherbergjum. Hvíti liturinn hefur lengi ráðið ríkjum þó að í seinni tíð hafi ljósir jarðarlitir og dökkir, eins og grátt og svart, rutt sér til rúms, en margir litir eru fáanlegir. Undanfarið hafa strimlagluggatjöld komið sterk inn með funkís-straumum í arkitektúr. Skilvirkasta lausnin í myrkvun þykir þó plíseruð gluggatjöld, því þar er ljósbil meðfram tjaldi minnst.

Sjá nánar um alhliða þjónustu og vöruval á heimasíðunum www.solar.is og www.ljori.is.

*thordis@frettabladid.is*


Aðgengi og öryggi eru **lykilatriði**

Supra lyklaboxin henta frábærlega fyrir sumarbústöði, heimili og fyrirtæki. Surpa lyklabox eru úr zink og álblöndu, nautsterk, höggþétt, vind- og veðuheld og ryðga ekki. Auðvelt aðgengi fyrir þá sem vilja komast inn. Má skipta um PIN númer hvenar sem er. Algerlega mekanist, ekkert rafmagn eða battarí.

**2 ára ábyrð margra ára reynsla**






**Slökunarstólar**
í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemmli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

**Tilboðsverð**
**kr. 76.000.-**



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
www.valhusgogn.is



White-Westinghouse



**ÞVOTTAVÉL**
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið



## Svefnherbergið – Vefnaðarvörur

Mörg litarefni og framleiðsluferli fela í sér að efnið er meðhöndlað með sýruböðum, og eiturefnum af ýmsum gerðum, sumum jafnvel skaðlegum heilsunni. Eins er framleiðslan sjálf oft uppspretta alvarlegra umhverfisáhrifa og heilsutaps fólks.

Bómull er eitt skaðlegasta hráefnið vegna mikillar eiturefnanotkunar við ræktun þess. Fyrir hvert kíló af bómull sem er ræktað þarf um eitt kíló af eiturefnum. Sé hins vegar valin lífrænt ræktuð bómull er eiturefnanotkun næstum bönnuð og notkun skaðlegra efna við meðhöndlun efnanna haldið í algeru lágmarki.

Siðgæðisvottun er staðfesting á því að varan er unnin á siðferðislega sanngjarnan hátt, án skaðlegra áhrifa fyrir starfsmenn og að þeir fái sanngjörn laun fyrir vinnuna.

Að ofannefndu má vera ljóst að í öllu falli er umhverfisvænast að föt séu úr lífrænni framleiðslu og/eða séu umhverfismerkt af viðurkenndum aðilum. Innlend framleiðsla hefur þann kost að hafa ekki verið flutt um langan veg, sem gerir hana umhverfisvænni en samsvarandi vöru sem flutt er með skipi eða flugvél um langan veg.

*Sjá meira um vefnaðarvörur á: http://www.natturan.is/husid/1343/*



**Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund**

## Barstóll og tímaritastandur

HAGNÝT OG SKEMMTILEG HÖNNUN ER ALLTAF HEILLANDI.

Magino-barstóllinn er einfaldur, hagnýtur og fallegur. Hann getur líka þjónað hlutverki blaðastands þar sem fótastæðið sveigist upp í lykkju. Stóllinn er hannaður af Karim Rashid fyrir Umbra og er úr glæru akrílefni. Stóllinn hentar jafnt úti sem inni og þó svo að hann sé fisléttur að sjá þá er hann sterkur og myndar formið ákveðna fyllingu. Stóllinn er hluti af húsgagnaseríu sem Rashid hannar úr glæru akrýlefni og mætti kalla þetta nokkurs konar draugahúsgögn þar sem þau eru loftkennd og svífandi að sjá. Stóllinn er skemmtilegur á að líta og færir fjör inn í hvaða rými sem er án þess að skyggja á það sem er í kring. Magino-kollurinn fæst í Tekk Company á 29.000 krónur en barstólinn má til að mynda nálgast á www.plushpod.com. *- hs*



Léttur og leikandi en þó þrususterkur barstóll.
















**Undirföt** móta líkamann. Það skiptir ekki máli hversu flott fötin okkar eru ef brjóstahaldarinn er of lítill eða nærbuxurnar halda maganum ekki inni. Án réttu undirfatanna er erfitt að vera smart.





















Hönnuðurnir Guðrun Rógvadóttir og Guðrun Ludvig eru frá Færeyjum en þær hanna ýmiss konar prjónafatnað fyrir karla, konur og börn.

# Færeyskt peysuæði í kjölfar danska Glæpsins

***Þegar Forbrydelsen-æðið gekk yfir voru það ekki einungis þættirnir sem slógu í gegn heldur líka peysa aðalpersónunnar.***

Danska leikkonan Sofie Gråbøl skartaði fagurstirndri prjónapeysu í hlutverki sínu sem lögreglukonan Sarah Lund í hinum geysivinsælu dönsku sakamálaþáttum „Forbrydelsen“, eða „Glæpurinn“. Í kjölfarið skall á peysuæði í Danmörku þar sem konur kepptust við að verða sér út um eintak af peysunni góðu.

Peysan kemur frá færeyska hönnunarteyminu Guðrun & Guðrun sem hefur í kjölfar dönsku sakamálaþáttanna hlotið mikla athygli fyrir hönnun sína. „Peysan í Forbrydelsen kom á markaðinn fyrir um fjórum árum. Það var stílisti frá danska ríkissjónvarpinu sem uppgötvaði hana á messu í Kaupmannahöfn og eftir miklar bollaleggingar varð umrædd peysa loks fyrir valinu þar sem Sofie Gråbøl fílaði sig best í henni,“ segir Guðrun Rógvadóttir, sem er annar helmingur hönnunarteymisins. „Það datt engum í hug að ein peysa gæti vakið svona mikið umtal en það er sjaldnast minnst á sjónvarpsþættina án þess að minnast líka á peysuna.“ Fyrir skömmu var leikkonan Sofie Gråbøl í viðtali þar sem ný þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Söru Lund er á döfinni og munu upptökur hefjast næsta haust. Þar var hún spurð hvaða peysu hún myndi klæðast næst og er það ágætis vitnisburður um ótrúlegar vinsældir peysunnar.

Færeyskir viðskiptavinir höfðu þó tekið eftir peysunni áður en stílistinn frá danska ríkissjónvarpinu uppgötvaði hana. „Peysan sló í gegn í Færeyjum áður en þættirnir urðu til. Hugmyndin að peysunni er gamla sjómannapeysan sem haldið hefur lífinu í færeyskum og norrænum sjómönnum í aldaraðir. Við skoðuðum hana í þaula og út frá því þróaðist peysan okkar,“ útskýrir Guðrun. Peysan er úr lífrænni, óméðhöndlaðri og ólitaðri ull og er hún því mjög hrá að sjá. Náttúrulegir litir færeysks sauðfjár fá að njóta sín til fulls og er peysan handprjónuð. Framleiðsla hennar er þó dálítið sérstök.

„Það eru færeyskar og jórdanskar konur sem prjóna peysurnar. Við höfum staðið fyrir verkefni í Jórdaníu sem snýst um að auka mátt kvenna en þar fá konur tækifæri til að vinna sér inn laun með því að prjóna fyrir okkur um leið og þær fá kennslu í að stofna lítið fyrirtæki. Það er hægt að sjá meira um verkefni‘ á heimasíðu okkar www.gudrungudrun.com,“ útskýrir Guðrun stolt. Peysan er því víðförul og hefur vakið mikla athygli um heim allan. „Það er mikill áhugi fyrir peysunni allt frá Japan til New York. Danska fyrirsætan Helena Christensen hefur verið mynduð í peysunni af papparössum í New York og hún selur hana líka í verslun sinni þar. Barnafatakeðja í Japan ákvað síðan nýlega að hafa peysuna með í haustlínu sinni,“ segir Guðrun.

Þær stöllur hanna þó fjölbreyttari fatnað en peysur. Á heimasíðu þeirra má sjá nýja línu frá í febrúar þar sem bregður fyrir léttum mohairkjólum og einnig má þar finna fallega toppa og vesti sem myndu sóma sér í hvaða veislu sem er. Fatnaðurinn fæst enn sem komið er ekki á Íslandi en þeir sem hafa áhuga á að nálgast peysur eða annan fatnað frá Guðrun & Guðrun geta sent tölvupóst á gr@gudrungudrun.com.

*hrefna@frettabladid.is*





Hugmyndin að peysunni er gamla færeyska sjómannapeysan. Peysan er úr lífrænni, óméðhöndlaðri og ólitaðri færeyskri ull.
MYND/DENNIS STENILD



Rannsóknarlögreglukonan Sarah Lund var ósjaldan íklædd þessari færeysku peysu í „Forbrydelsen“-þáttaröðinni sem varð til þess að peysan varð að hátískuvöru.




# eurovision

FIMMTUDAGUR 22. MAÍ 2008



## Söngkonur eru sigursælastar

**miðað við Eurovision-tölfræðina**

BLS. 4




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Full búð af fjöri fyrir Eurovision partýið
Partýbúðin
Grensásvegi 8
PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA



# Gefum 200 prósent í þetta

**Loksins er stóra stundin runnin upp. Laust eftir klukkan sjö í kvöld reyna Regína Ósk og Friðrik Ómar að syngja sig áfram í aðalkeppnina á laugardaginn.**



Eurobandið við keppnisstaðinn. Þeim finnst báðum serbneska lagið best og myndu kjósa það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá er komið að því. Regína Ósk og Friðrik Ómar stíga fyrst á svið í kvöld og leggja allt í sölurnar til að syngja sig í aðalkeppnina á laugardaginn. „Við erum spennt og full tilhlökkunar. Það er ekki beint stress í gangi, við hlökkum bara til að sýna hvað við höfum upp á að bjóða,“ segir Regína. „Við ættum að kunna þetta. Við erum jú búin að vera með þetta lag í átta mánuði,“ segir Friðrik.

Þau fylgdust með fyrri undankeppninni á píanóbarnum á hótelinu og eru nokkuð sátt við úrslitin. Það er engin sorg þó að írski kalkúninn kæmist ekki áfram. „Úrslitin voru í heildina sanngjörn og ekkert sjokkerandi við þau,“ segir Regína. „Þótt það séu tvær Norðurlandaþjóðir komnar áfram segir það ekkert um möguleika okkar, held ég. Þetta eru allt svo ólík lög.“

Einhverjir raddir hafa verið á kreiki um að sænsku tæknimennirnir ætli að spara konfektið þar til Charlotte Perrelli stígur á svið á eftir Eurobandinu, en Regína blæs á svoleiðis samsæriskenningar. „Það hafa alltaf verið sænskir tæknimenn, allavega síðustu árin. Ég treysti þeim fullkomlega.“

Í gær voru tvö búningarennsli þar sem síðustu lagfæringarnar á atriðinu voru gerðar. Í dag klukkan tvö er svo þriðja og síðasta búningarennslið. Svo er það bara alvaran. Regína hefur þrisvar sinnum farið sem bakraddasöngkona og þekkir því til keppninnar, en þetta er fyrsta keppni Friðriks – „Ég fer bara sem aðal,“ segir hann og bætir við, „djók“.

„Hann hefur bara aldrei verið beðinn um að fara sem bakrödd,“ segir Regína og hlær. „Það er miklu, miklu, miklu, miklu, miklu, miklu meira álag að vera aðal en í bakrödd. Ég er að tala um allt fyrir utan sjálfan performansinn, sem er nú minnsta málið í þessu öllu. Ég er að tala um að mæta í veislur hingað og þangað. Maður er óvanastur þessum papparössum sem taka alls staðar á móti manni.“

Hvernig virkar það á sveitafólkið ofan af Íslandi?

„Mér finnst þetta gaman og skemmtilegt og ég held að ég njóti mín rosa vel, en ég myndi ekki vilja vera svona í lífinu. Þetta er ágætis tveggja vikna sýnishorn,“ segir Regína.

„Ég vildi hins vegar alveg vilja gera þetta alltaf,“ segir Friðrik. „Fylgir þetta ekki bara starfinu?“

Er svo eitthvað alveg extra sem þið ætlið að setja í flutninginn þegar það kemur loksins að þessu?

„Við gefum alveg okkar 200 prósent í þetta,“ segir Regína.

„Þetta er búið að vera 150 prósent á æfingum og svo gefum við 200 í þetta,“ segir Friðrik. „En samt. Við gerum bara það sem við erum vön. Breytum ekkert mikið út af vananum. Þetta er bara eins og hver önnur árshátíð í Reykjavík.“

*gunnarh@frettabladid.is*

# Fjarverandi úr Eurovision

Þó að aldrei hafi fleiri lönd tekið þátt í Eurovision en nú gæti þeim fjölgað enn. Nokkur lönd sem hafa þáttökurétt í keppninni eru fjarverandi í ár, af ýmsum ástæðum.

Þátttökuréttur í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, eins og Eurovision heitir upp á íslensku, takmarkast ekki við landfræðilega legu landa innan álfunnar, eins og margir gætu haldið. Forsenda þátttöku er að lönd eigi aðild að Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva, og það hafa ekki öll lönd í álfunni, en nokkur utan hennar. Í framtíðinni gætum við því átt von á þátttakendum frá Alsír, Egyptalandi, Jórdaníu, Líbanon, Líbíu og Túnis, auk Marokkó, sem reyndar sendi fulltrúa árið 1980.

Liechtenstein og Kasakstan eiga ekki aðild að sambandinu, og hafa því aldrei tekið þátt. Í ár eru sex lönd með þátttökurétt einnig fjarverandi.



Vatíkanið gæti sent söngfugl í Eurovision, þar sem landið á aðild að Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva.

Austurríki, sem tók fyrst þátt árið 1957, hefur oft tekið sér pásur. Eftir keppnina í fyrra, þar sem Austurríki vermdi næstsíðasta sætið í undankeppninni, lýsti sjónvarpsstöðin ORF því yfir að hún hefði „engan áhuga á að senda fleira hæfileikafólk frá Austurríki í keppni þar sem þeir eiga enga möguleika“, og áttu þar helst við austur-evrópsku kosningamafíuna umtöluðu.

Ítalir hafa ekki verið með frá árinu 1997, og segja ástæðuna vera áhugaleysi sjónvarpsstöðvarinnar RAI og Ítalanna sjálfra. Ef þeir ákveða að taka þátt á ný fær fulltrúi Ítala sess í úrslitakeppninni, þar sem landið telst til „stóru landanna fimm“ í Eurovision-samhengi.

Lúxemborg var meðal fyrstu landanna til að taka þátt í Eurovision og hefur unnið keppnina fimm sinnum. Lúxemborg hefur þó ekki tekið þátt frá árinu 1994, og verður engin breyting þar á í ár.

Mónakó hefur unnið keppnina einu sinni, árið 1971. Mónakóbúar tóku sér pásu frá 1980 til 2003, en frá 2004 til 2006 hlaut fulltrúi Mónakó sömu örlög og svo margir aðrir og komst aldrei upp úr undankeppninni. Mónakó tók því ekki þátt árið 2007 af sömu ástæðu og Austurríki – vonleysi um að komast áfram.

16kW / 56,000 BTU Dual-Tube brennarar • 2.7kW / 10.000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli • 5,25kW / 18.000 BTU bakbrennari fyrir grilltein • 4 Dual-Tube ryðfríir línubrennarar • 3 grillgrindur úr steypujárni • Rotisserie grillteinn og ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave • Hágæða Accu-Temp hitamælir • Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi • Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli og skápur með stál hurðum

**119.989 kr.**
Fullt verð ~~139.989~~



**DVD**
**989 kr.**
*... klikkað verð!*

## Hundruðir DVD titla í boði!

MAX RAFTÆKI

*Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!*

Tilboðin gilda til 28. 05. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Alkul

**UMRÆÐAN**
Jón Gunnarsson skrifar um atvinnumál


JÓN GUNNARSSON

Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar eytt er um efni fram og að sýna ekki fyrirhyggju. Við höfum illilega orðið vör við afleiðingar þess á undanförnum vikum. Við slíkar aðstæður verða menn að grípa til aðgerða og stokka upp. Sú ráðstöfun sem hefur reynst best við slíkar aðstæður er að draga úr útgjöldum, auka tekjur og verðmætasköpun. Þeirri aðferð höfum við Íslendingar fylgt, enda vinnusöm þjóð.

Eins og fram hefur komið vinnur ríkisstjórnin að ráðstöfunum í efnahagsmálum sem snúa að því að styrkja hagkerfið og seðlabanka til að geta brugðist við aðsteðjandi vanda. Fyrsta skrefið hefur verið stigið og önnur eru í burðarliðnum. Viðbrögðin eru jákvæð, tiltrú á hagkerfi okkar hefur þegar aukist. M.a.s. kom hingað á einkaþotu sendinefnd frá dönskum banka sem fyrir nokkrum vikum spáði okkur nánast gjaldþroti en vildi nú snúa blaðinu við. Um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til er sátt innan ríkisstjórnarinnar og á milli stjórnarflokkana.

En hvað svo? Það er betra að huga að því á hverju við viljum byggja í framtíðinni. Um þær leiðir virðist vera mikill ágreiningur á meðal okkar sjálfstæðismanna og vinstri manna á Alþingi. Á meðan við sjálfstæðismenn erum ákveðnir í því að halda hér áfram uppbyggingu atvinnutækifæra með aukinni nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar, eru vinstri menn á öðru máli. Þeir fylgja því sem ég kýs að kalla atvinnuleysisstefnu. Það er þeirri stefnu að hér eigi ekki að virkja, ekki byggja upp öflug atvinnufyrirtæki úti um landið og ekki að nýta með sjálfsögðum hætti sjálfbærar auðlindir hafsins. Þessi sami hópur er samt sammála okkur hinum að áfram verði að efla hér samfélagsþjónustu í öllum málaflokkum. Ég spyr þetta ágæta fólk hvar það ætli að afla tekna til að standa undir þeim hugmyndum. Svar eins og efling ferðaþjónustu o.s.frv. dugar ekki. Efling hennar gengur vel sem betur fer og ekkert bendir til annars en að svo muni verða áfram, þótt hún ein og sér verði ekki sá hornsteinn sem við þurfum á að halda.

Það hlýtur að koma að tímamótum í þessari umræðu. Við hljótum að þurfa að taka upp umræðu um hvernig við ætlum að auka tekjurnar í framtíðinni. Taka upp umræðu um það sem við ætlum að gera og hætta að tala um það sem við ætlum ekki að gera. Slík umræða leiðir ekki bara til alkuls á fasteignamarkaði heldur alkuls á atvinnumarkaði.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454


# Viðkvæmum strandsvæðum verði hlíft

**UMRÆÐAN**
Sigurður Magnússon skrifar um skipulagsmál á Álftanesi


SIGURÐUR MAGNÚSSON

Í Fréttablaðinu á sunnudag er sagt að „yfirvald á Álftanesi vilji hunsa dóm Hæstaréttar“. Hér er vísað til þess að dómur féll fyrir nokkrum dögum í máli Halds ehf. gegn sveitarfélaginu, en bæjarfélagið heimilaði ekki að byggja hús við Skógtjörn eftir teikningum sem Hald ehf. lagði inn hjá skipulags- og byggingarnefnd. Áður hafði málið verið dæmt í Héraðsdómi Reykjaness þar sem kröfu Halds ehf. var hafnað. Í dómsorði Hæstaréttar segir: „Dómur Héraðsdóms skal standa.“ Bæjaryfirvöld eru því ekki að hunsa dóm Hæstaréttar heldur er dómurinn að staðfesta gjörðir bæjaryfirvalda. Yfirskrift greinarinnar í Fréttablaðinu er því villandi eins og öll fréttin.

**Fyrrverandi bæjarstjóri aðstoðar Hald ehf.**

Dómarnir báðir staðfesta að stjórnsýsla á Álftanesi hefur farið rétt að í meðferð á umsókn Halds ehf. og hefur bæjarstjórn fagnað þeirri niðurstöðu. Einu gildir þótt lóðareigendur hafi skrifað hið gagnstæða í blöð og netmiðla eða þótt bæjarfulltrúar D-listans á Álftanesi hafi reynt að gera málið tortryggilegt. Sérstaklega hafa þessir aðilar veist að forseta bæjarstjórnar sem svo óheppilega býr á aðliggjandi lóð. Hann hefur með stuttum hléum í mörg ár þurft að standa undir persónulegum árásum vegna málsins. Í þessum persónulegu árásum hefur farið fremstur fyrrverandi bæjarstjóri D-listans, Guðmundur G. Gunnarsson, en hann er orðinn þekktur af ómálefnalegum upphlaupum í bæjarstjórn Álftaness og fjölmiðlum. Reyndar hefur verið upplýst að hann aðstoðaði lögmann Halds við gagnaöflun vegna málsins og má efast um að sú gjörð hans samrýmist skyldum hans sem bæjarfulltrúa.

Þrátt fyrir þessa dóma báða eru enn uppi deilur og misvísandi álit um hvort landspilda Halds ehf. við Skógtjörn sé deiliskipulögð lóð eða ígildi slíkrar lóðar. Héraðsdómur taldi að Hald ehf. hefði ekki fært á það sönnur. Í umfjöllun Hæstaréttar að fyrrgreindu dómsorði þar sem ásökunum um ranga stjórnsýla á Álftanesi er hafnað, telur hann líkindi til þessa og að sveitarfélagið hafi ekki sannað hið gagnstæða. Sveitarstjóri á Álftanesi til margra ára, Gunnar Valur Gíslason, ráðinn af D-listanum, sagði í skýrslu fyrir nokkrum árum að hann teldi að þarna yrði ekki byggt og hafði efasemdir um að þarna væri gilt deiliskipulag. Margir eru sömu skoðunar. Úr þessu máli verður þó ekki skorið nema með frekari málarekstri fyrir dómstólum.

**Ekkert hús við Skógtjörn stæði eins nærri sjó**

Á ljósmynd með fréttinni í Fréttablaðinu hefur teikningu af húsi Halds verið felld inn og gætu ókunnugir haldið að drjúgur spölur sé frá húsinu að sjó og því vandræðalaust að byggja á þessum stað. Hið rétta er að landið sem sýnt er milli hússins og sjávar fer undir sjó á flóði og eru þetta sjávarfitjar sem lúta sérstakri friðun á Álftanesi. Hlaðinn sjávargarður yrði rétt við suðurhorn hússins en milli þess og garðsins áforma bæjaryfirvöld að leggja fráveitu og göngustíg, en stígur hefur verið þarna á aðalskipulagi í mörg ár.

Ekkert hús við Skógtjörnina, hvorki gamalt né nýtt, stendur svo nærri sjó sem þetta ef byggt væri. Bygging hús á þessum stað væri í andstöðu við stefnu bæjaryfirvalda og sérstaklega stefnu Álftaneshreyfingarinnar, sem fer með meirihluta í bæjarstjórn. Bygging á þessum stað væri líka í mótsögn við þær byggingareglur sem unnið er með í skipulagsmálum, en þær reglur þarf frekar að herða og laga að hækkandi sjávarborði á næstu árum.

**Stefnan að varðveita viðkvæm strandsvæði**

Álftaneshreyfingin, sem fer fyrir bæjarstjórn á Álftanesi, hefur haft mikil áhrif í skipulagsmálum á Álftanesi, líka meðan hún starfaði í minnihluta á síðasta kjörtímabili. Með málefnalegum og vel undirbúnum tillögum og þátttöku íbúanna tókst að knýja fram breytingar við gerð aðalskipulags 2005. Ýmis byggingarsvæði voru þá felld út, svo sem á fólkvangi að Hliði þar sem átti að byggja við sjó á búsvæðum fugla, við norðanverða Skógtjörn og við Halakotstjörn nærri Helguvík, en opin svæði þar við sjóinn, þar sem nú er 9 holu golfvöllur, ætlaði fyrrverandi meirihluti D-listans að byggja að mestu. Þessum áformum tókst að forða og ná samstöðu um að hlífa strandsvæðum.

Í samræmi við þessa stefnu að varðveita strandsvæðin, fjörur og sjávartjarnir hefur skipulags- og byggingarnefnd nú nýlega látið vinna tillögu um endurskoðun deiliskipulags við Skógtjörn þar sem gert er ráð fyrir að ný byggð raski ekki fjörum og viðkvæmum strandsvæðum. Ég tel líklegt að Álftnesingar vilji engan afslátt varðandi þá stefnumörkun.

*Höfundur er bæjarstjóri á Álftanesi.*



„Lifnaði ekki við fyrr en 2005!“

„Ég hef þjáðst af liðagigt frá því árið 2000. Frá þeim tíma stjórnaðist líf mitt nær algjörlega af sjúkdómnum. Vegna sársauka gat ég hvorki mætt í skólann né sinnt öðrum störfum.

Í júlí 2005 fékk ég loksins lyf sem gerbreyttu öllu. Það er þeim að þakka að ég lifnaði við á ný og get nú stundað nám að fullu og lifað eðlilegu og sársaukalausu lífi.“

Kristín Guðmundsdóttir, nemandi við enskudeild Háskóla Íslands.

Lyf skipta sköpum!

FRUMTÖK
Samtök framleiðenda frumlyfja

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Eggjakast í beinni

UMRÆÐAN

Róbert Marshall skrifar um fréttaflutning



RÓBERT MARSHALL

Fréttastofa Stöðvar 2 hefur að undanförnu talið niður í þinglok og minnt á hverjum degi á það kosningaloforð Samfylkingarinnar að færa eftirlaunafyrirkomulag alþingismanna og ráðherra til jafns við það sem almennt gerist í landinu. Mikilvægt er að almenningur geri sér grein fyrir því að hingað til hefur það ekki talist hlutverk fjölmiðla í hinum vestræna heimi að láta stjórnmálaflokka efna loforð sín. Það hefur hins vegar talist hlutverk þeirra að greina frá því þegar það er ekki gert. Þegar loforð eru svikin, þá er það frétt.

### Hefur einhver svikið?

Af hverju er þetta frétt? Það er grundvallarspurningin sem ritstjórnir spyrja sig áður en frétt er send út eða birt. Og ef svarið er að fréttin sé upplýsandi, forvitnileg og eigi erindi við almenning þá er hún send út. Vissulega er það fréttnæmt að ekki sé búið að efna fyrrnefnt loforð. En staðreyndin er líka sú að enginn hefur svikið það heldur. Þess er getið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að eftirlaunakjör alþingismanna og ráðherra verði endurskoðuð. Undirritaður er jafnframt einn af meðflutningsmönnum á frumvarpi Valgerðar Bjarnadóttur um breytingar á lífeyrisósómanum. Það er sumsé vilji til þess að gera á þessu breytingar og það verður gert hvort sem fréttastofu Stöðvar 2 hugnast tímasetningin eður ei.

### Frétt eða skoðun

Þegar sama fréttin er sögð kvöld eftir kvöld þá er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að verið sé að knýja á um breytingar. Þar með lýkur hefðbundnu hlutverki fréttastofu og hún verður að áróðurstæki. Dagblöð leysa þetta með því að skipta sinni útgáfu í leiðarasíður annars vegar og fréttasíður hins vegar en mér er ekki kunnugt um að fréttastofur ljósvakamiðla, nokkurs staðar í heiminum, hafi sérstakar skoðanamínútur þar sem fréttastjórinn heldur fram sinni pólitík. Ætlar fréttastjórinn að slá til veislu þegar loforð um eftirlaunin hefur verið efnt? Ætlar hann að ávarpa áhorfendur sína og greina frá því að nú hafi fréttastofu Stöðvar 2 tekist að láta ríkisstjórnina framkvæma stefnumál sín sem hún hefði örugglega svikið ef fréttastofan hefði ekki minnt hana á þau daglega?

### Þátttakendur í atburðarás

Samskipti stjórnmálamanna og fréttamanna þurfa að vera í góðu lagi. Það vita þeir sem hafa gegnt stöðu fréttamanns og það vita þeir sem hafa gegnt stöðu aðstoðarmanns ráðherra eða, segjum, upplýsingafulltrúa forsætisráðherra. Svona vinnubrögð bæta þau ekki, auk þess sem trúverðugleiki fréttastofunnar hefur af þessu borið meiri skaða en tillögur um eggjakast í beinni gerðu. Eggjakastið, ef af hefði orðið, hefði gert fréttamann stöðvarinnar að þátttakanda í atburðarásinni, sem allir eru sammála um að sé ekki boðlegt. Það eru aðeins um það bil tíu mánuðir frá því Steingrímur Ólafsson, fyrrverandi upplýsingafulltrúi Halldórs Ásgrímssonar, sem einmitt setti eftirlaunalögin, varð fréttastjóri á Stöð 2. Nú hefur honum tekist að gera fréttastofu sína að þátttakanda í atburðarásinni um eftirlaunalögin. Og það er í lagi?

*Höfundur hefur verið varaþingmaður Samfylkingarinnar í 375 daga.*




24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

„Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins verður á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna verða í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is




# Ekki bara hrátt kjöt

UMRÆÐAN

Sigurður Eyþórsson skrifar um matvælalöggjöf



SIGURÐUR EYÞÓRSSON

Fyrir Alþingi liggur frumvarp ríkisstjórnarinnar um innleiðingu á matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Frumvarpið hefur mætt víðtækri andstöðu innan landbúnaðarins, aðallega vegna þess að mörgum spurningum varðandi það er ósvarað.

Í fyrsta lagi eru reglugerðir með frumvarpinu ekki tilbúnar, né heldur gjaldskrár sem því eiga að fylgja. Í frumvarpinu fær sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimildir til að setja fjöldamargar reglugerðir sem munu ráða miklu um hvernig bændur og aðrir matvælaframleiðendur eiga að starfa. Þessar reglugerðir eru ekki tilbúnar. Þess má geta að þegar Norðmenn innleiddu þessa löggjöf fyrir nokkrum árum voru reglugerðirnar lagðar fram til kynningar með frumvarpinu sjálfu. Jafnframt er verið að auka eftirlit á ýmsum sviðum og þar með eftirlitsgjöld. Ekkert liggur fyrir um hver þau gjöld verða. Það er ekki hægt að ætlast til þess að atvinnugrein skrifi upp á löggjöf þar sem eftir er að útfæra fjölmörg mikilvæg atriði og engar upplýsingar liggja fyrir um kostnað.

### Innlend framleiðsla og sanngirni á markaði

Í öðru lagi er óljóst hvort innlend framleiðsla fær að njóta sanngirni á markaði eftir þessar breytingar. Fákeppni ríkir á smásölumarkaði með matvörur hérlendis og fyrirtækin sem eru ráðandi flytja inn mikið magn af vörum sjálf. Verslunin hefur rétt til að skila því sem ekki selst af innlendri búvöru þ.e. birgjar hennar bera allt tjónið sem af því hlýst. Líklegt er að aukinn innflutningur verði að mestu leyti í höndum verslunarinnar sjálfrar, en hún hefur ekki möguleika á að skila vörum til erlendra birgja. Það er því ekki víst að verslunin verði mjög áhugasöm að bjóða neytendum upp á íslenska vöru, jafnvel þó þeir vildu gjarnan kaupa hana í ljósi þess að hún getur ekki skilað þeirri erlendu. Í fullkominni samkeppni myndi slíkt ekki gerast en þær aðstæður eru bara ekki uppi hérlendis. Verð mun örugglega lækka í byrjun en ólíklegt er að það verði lengur en í þann tíma sem það tekur að ryðja innlendu framleiðslunni af markaðnum. Eða er innflutt matvara sem ekki er framleidd hér á sérstaklega góðu verði? Ekki liggur fyrir hvort samkeppnisyfirvöld hafa nauðsynleg úrræði til að fylgjast með þessu og bregðast við.

Í þriðja lagi eru fáar tryggingar í boði til að vernda hina góðu sjúkdómastöðu innlendra búfjárstofna. Sú staða er mjög góð í ljósi einangrunar þeirra. Hér hefur tekist að halda mörgum skæðum sjúkdómum frá landinu og útrýma öðrum eins og t.d. mæðiveiki í sauðfé. Í frumvarpinu kemur fram að semja eigi um sérstaka tryggingu vegna salmónellu en ekki annarra sjúkdóma. Of langt mál yrði að telja alla þá búfjársjúkdóma sem gætu valdið hættu eða tjóni hér en nefna mætti kúariðu, gin- og klaufaveiki og blátungu. Ekki liggur fyrir hvort möguleiki er á því að semja um fleiri sérstakar tryggingar eða hvort möguleiki er á því.

### Efnahagsleg áhrif

Í fjórða lagi hefur engin tilraun verið gerð til að meta efnahagsleg áhrif þessara laga á innlenda matvælaframleiðslu í heild. Innflutningur á hráu kjöti verður heimilaður en hingað til hefur þurft að frysta það í a.m.k. 30 daga til þess að flytja megi það inn. Tollar eru í sumum tilvikum lægri á hráu kjöti en frystu auk þess sem aukinn innflutningur mun líklega hafa veruleg áhrif á markaðinn eins og áður hefur verið nefnt. Þúsundir manna hafa lífsviðurværi sitt af framleiðslu og úrvinnslu landbúnaðarafurða, sérstaklega í hinum dreifðari byggðum. Þegar aflamark í þorski var skorið niður um þriðjung á síðasta ári var farið í umfangsmiklar mótvægisaðgerðir til að mæta því. Það er lágmarkskrafa að við þessar breytingar í landbúnaði sé farið skipulega yfir hvaða áhrif þær gætu haft og brugðist við í samræmi við það. Slík yfirferð liggur ekki fyrir.

Það er því ákaflega margt óljóst um málið og útilokað að svara því öllu ef ætlunin er að afgreiða málið nú á vorþingi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.*

# Skrípaleikur

UMRÆÐAN

Hanna Lára Steinsson skrifar um aðbúnað heilabilaðra



HANNA LÁRA STEINSSON

Í Fréttablaðinu þann 15. maí birtist grein sem sagði frá „opnun“ átján rúma deildar á Landakoti fyrir fólk með heilabilun. Deildin verður rekin af hjúkrunarheimilinu Grund. Rætt var um að þetta væru „gleðileg“ tíðindi og að opnun deildarinnar myndi létta álagi af LSH vegna aldraðra sem væru staðsettir á dýrum bráðadeildum að óþörfu.

Hið rétta er að þessi deild á Landakoti hefur verið starfandi með sama sniði frá árinu 1996 og þar starfaði ég um langa hríð. Henni var lokað 1. mars síðastliðinn í sparnaðarskyni og starfsemin boðin út. Þetta er því hreint engin viðbót varðandi þjónustu við þennan hóp, heldur var farið illa með sjúklinga og aðstandendur með lokun deildarinnar og svo er hún opnuð aftur með sama fyrirkomulagi nokkrum mánuðum síðar.

Það eru rúmlega 3.000 Íslendingar með heilabilunarsjúkdóma eins og Alzheimerssjúkdóm. Aukningin verður gríðarleg á næstu árum og áratugum þar sem stórir árgangar aldraðra eru væntanlegir og lífaldur er stöðugt að hækka. Árið 2030 er áætlað að fólk með heilabilun hér á landi verði 5.500 að tölu. Engar áætlanir eru uppi um að mæta þessari aukningu af hálfu yfirvalda, sem er mótsögn við það sem yfirvöld í nágrannalöndunum eru að gera.

Bjarmalundur er einkarekið fyrirtæki sem vinnur að því að auka og bæta þjónustu við fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra. Stefna Bjarmalundar er að koma með ný úrræði og mæta sjúklingum og aðstandendum þar sem þeir eru staddir á hverjum tíma, en sjúkdómsferlið tekur að meðaltali 10-12 ár. Nýlega vann Bjarmalundur þriðju verðlaun í frumkvöðlakeppni Innovit. Hægt er að sjá frétt um það á ýmsum vefsíðum eins og bjarmalundur.is, bifrost.is, innovit.is og alzheimer.is. Í fyrstu tveimur sætunum voru hugmyndir varðandi tölvugeirann, en yfir 100 manns tóku þátt.

*Þetta er því hreint engin viðbót varðandi þjónustu við þennan hóp, heldur var farið illa með sjúklinga og aðstandendur með lokun deildarinnar og svo er hún opnuð aftur með sama fyrirkomulagi nokkrum mánuðum síðar.*

Flestir þekkja til einhvers nákomins sem hefur fengið heilabilun af einhverju tagi. Enn í dag er feimnismál að ræða þessa sjúkdóma vegna þess að engin lækning er til. Hins vegar er svo margt hægt að gera til þess að létta undir og bæta lífsgæðin. Það þarf einungis að opna augun og leita aðstoðar.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Bjarmalundar.*

OPIÐ til 20 alla daga

# Aftur á Íslandi eftir 20 ár

## Raleigh – gæði síðan 1887

**RALEIGH**
**Tibet Lady**
- Stærð: 20"
- Gírar: 21 gírar, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Gaffall: Gaffall með dempara
- Ál gjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framann og í pedölum, standari

**29.999 kr**




**RALEIGH**
**Butterfly / Patrol**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**24.999 kr**



**RALEIGH**
**Crystal Girl / Crystal Boy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og í pedölum, standari

**27.999 kr**



**RALEIGH**
**Tibet Man**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**29.999 kr**



Gildir til 28. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**GEORGE BEST KNATTSPYRNUMAÐUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1946.**

*„Ég eyddi miklum peningum í áfengi, konur og hraðskreiða bíla. Afgangurinn fór í vitleysu.“*

***George Best var besti knattspyrnumaður síns tíma og var valinn besti leikmaður Evrópu árið 1968. Áfengi og önnur óregla setti þó strik í reikninginn á feril hans. Hann lést fyrir aldur fram árið 2005.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. MAÍ ÁRIÐ 1992

## *Johnny Carson lætur af störfum*



Johnny Carson var bandarískur þáttastjórnandi og naut mikilla vinsælda í Bandaríkjunum.
Hann stjórnaði þættinum The Tonight Show í þrjátíu ár eða frá árunum 1962 til 1992.

Carson fæddist 1925 og hóf ungur að koma fram fyrir framan áhorfendur. Hann barðist í seinni heimsstyrjöldinni en að henni lokinni lauk hann háskólaprófi. Ferillinn hófst í útvarpi þar sem hann sá um vinsæla grínþætti sem báru nafnið Carson's Celler.

Það var svo í október árið 1962 að Carson gerðist stjórnandi The Tonight Show sem hann stjórnaði í þrjátíu ár.

Milljónir manna settust fyrir framan skjáinn á hverju kvöldi þar sem Carson spjallaði við góða gesti. Ásamt viðtölum var tónlist og ýmiss konar grín sem leit dagsins ljós.

Margir þekkja Jay Leno en hann var eftirmaður Johnnys Carson sem lét af störfum þennan dag árið 1992. Carson lést 23. janúar 2005.

### MERKISATBURÐIR

1665 Fógetinn á Bessastöðum, Tómas Nikulásson, ferst undan Melum í Melasveit.
1702 Erindisbréf vegna manntals á Íslandi er gefið út.
1921 Á Íslandi eru haldnir fyrstu hljómsveitartónleikar undir stjórn Þórarins Guðmundssonar.
1933 Hið íslenska fornritafélag gefur út Egilssögu.
1952 Fyrstu trén í Kjarnaskógi við Akureyri eru gróðursett.
1971 Orlofshús opinberra starfsmanna eru tekin í notkun í Munaðarnesi í Borgarfirði.
1982 Sjálfstæðisflokkurinn nær völdum á ný í Reykjavík.
1990 Norður-Jemen og Suður-Jemen á Arabíuskaganum sameinuðust í Jemen.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**GINNIFER GOODWIN** leikkona er 30 ára.



**STEVEN MORRISSEY** söngvari er 49 ára.



**KATIE PRICE MÓDEL** er 30 ára.



**NAOMI CAMPBELL** súpermódel er 38 ára.



## 80 ára afmæli

80 ára er í dag

**Sveinn Rafn Eiðsson (Bói).**

Í tilefni dagsins væri mér sönn ánægja ef vinir og ættingjar sæju sér fært að mæta í Valsheimilinu milli kl. 17 og 20 í dag, 22. maí, til að þiggja veitingar og samgleðjast með mér.

**Sveinn Rafn Eiðsson.**



†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og vinur,*

**Jock Kim Tan (Jimmý)**

andaðist 14. maí. Minningarathöfn fer fram í Bústaðakirkju föstudaginn 23. maí kl. 15.00.

**Júlía Tan Kimsdóttir**
**Alex Tan Kimsson**
**Kristján Arnar**
**og aðrir aðstandendur.**


LEGSTEINAR

OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval

Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík

Sími 587 1960 - www.mosaik.is




**NÝJAR LEIÐIR Í NÁMI** Jón B. Stefánsson og Baldur Gíslason eru nýskipaðir skólameistarar Tækniskólans sem hefur starfsemi sína í haust.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

TÆKNISKÓLINN, SKÓLI ATVINNULÍFSINS: NÝSTOFNAÐUR OG TEKINN TIL STARFA

# Nýir skólar og framsækið nám á rótgrónum grunni

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins mun hefja kennslu í fyrsta sinn í haust. Skólinn varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands sem sameinuðu krafta sína nú á vormánuðum.

„Við hittumst í starfsnámsnefnd á vegum menntamálaráðuneytis fyrir rúmlega tveimur árum og fundum að við höfðum sameiginlega sýn á starfsmenntamálum og þar kviknaði áhugi á að koma upp öflugra framhaldsnámi fyrir aðila með iðn- og starfsmenntun,“ segja nýskipaðir skólameistarar Tækniskólans, Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson, sem áður gegndu stöðu skólameistara við Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands.

Í framhaldi byrjuðu vangaveltur um sameiningu sem nú er orðin að veruleika. „Þetta eru miklar breytingar en þær leggjast mjög vel í okkur. Auðvitað hafa komið upp einhverjar mótbárur hjá sumum sem vilja halda í gömlu skólana, en það er bara eðlilegt og ekkert skrítið að sumum finnist þetta byltingarkennd breyting,“ segir Baldur og gefur Jóni orðið: „Mjög margir tóku hugmyndinni vel frá upphafi og þar helst bakhjarlarnir okkar sem skipta miklu máli. Þetta eru Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samorka sem eru regnhlífasamtök fyrir heitt, kalt og rafmagn, Kaupskipaútgerðirnar og síðan bættust við Samtök iðnaðarins og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík. Allir þessir eru mjög jákvæðir fyrir þessum nýja skóla og það er einnig mjög athyglisvert því ekki hafa alltaf farið saman hagsmunir iðnaðar og útgerðar í landinu.“

Baldur segir að allt það nám sem fyrir var í boði hjá Iðnskólanum í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands sé þó enn í boði þrátt fyrir nýjan skóla og nýjungar í námi.

„Kostir nýja skólans eru margir og má þar nefna fyrst sérhæfingu á starfsnámssviði. Auk þess sem skólinn er í raun skóli margra annarra minni skóla,“ útskýrir Baldur og Jón bætir við: „Í stað hefðbundins skóla með deildum eða sviðum búum við til ellefu sjálfstæða skóla, sem allir hafa sinn eigin skólastjóra. Markmiðið er að ná meiri fókus í námi og við leggjum mikla áherslu á faglegt sjálfstæði þar sem hver skóli hefur einnig sitt eigið fagráð.“

Baldur segir að þetta fyrirkomulag eigi sér enga hliðstæðu í íslenskum framhaldsskólum en að það þekkist á háskólastigi erlendis.

„Önnur nýjung sem við bjóðum er nám á mörkum framhaldsskóla og háskóla þar sem við teygjum okkur aðeins upp á háskólastigið. Við ætlum að bjóða margar sterkar starfsnámsbrautir sem verða metnar sem diplomanám og bjóða nemendum möguleika á áframhald í háskóla sem meta þetta nám,“ útskýrir Jón og minnist á tvo áhugaverða skóla sem munu starfa undir Tækniskólanum.

„Fjölmenningarskólinn er meðal annars þjónusta við nýbúa og var áður hluti af Iðnskólanum í Reykjavík. Hann er jafnframt eini skólinn hérlendis sem býður tveggja ára námsbraut fyrir nýbúa. Einnig er þar í boði nám í sérdeild fyrir fatlaða og endurþjálfun og menntun fyrir þá sem lent hafa í erfiðleikum vegna slysa og veikinda og verið lengi frá vinnu, segir Baldur og nefnir einnig Endurmenntunarskólann. „Endurmenntunarskólinn annast endurmenntunarþátt þeirra nema sem hafa verið hér í námi. Auk þess sem við verðum með töluvert af réttindanámskeiðum á borð við pungapróf. Síðan verðum við líka með fjöldann allan af námskeiðum fyrir gesti og gangandi,“ lýsir Jón.

Flugskólinn sem hann tók með sér úr Fjöltækniskóla Íslands verður einnig undir merkjum Tækniskólans. „Flugskólinn er að marka sig svolítið núna sem hluti af þessari fjölskyldu og er kannski sú starfsemi sem er hvað ólíkust starfsemi í hefðbundnum framhaldsskólum. Enda erum við hér með viðurkennt atvinnuflugnám og rekum meðal annars sautján flugvélar.“

Skólinn verður um sinn til húsa í sínu fyrra húsnæði en skólameistararnir eru sammála um að markið sé sett á starfsemi undir sama þaki í framtíðinni.

Gengið hefur verið frá ráðningu nýrra starfsmanna sem um þessar mundir eru að hefja störf og bæði Baldur og Jón segjast líta björtum augum til framtíðar.

Allar upplýsingar er að finna á www.taekni.is

rh@frettabladid.is

# Umhverfismálin í forgangi

Reykjanesbær og BT starfa saman að umhverfismálum í Reykjanesbæ
Að því tilefni voru svokallaðir bíla-ruslapokar afhentir á íbúafundi með bæjarstjóra nýverið.

Í upphafi fyrsta íbúafundar bæjarstjóra sem haldinn var í Akurskóla fyrir skömmu færði verslunarstjóri BT í Reykjanesbæ, Haukur Þór Arnarson, Árna Sigfússyni bæjarstjóra fyrsta bíla-ruslapokann sem fyrirtækið hefur framleitt sem er hluti af sameiginlegu umhverfisverkefni Reykjanesbæjar og BT.

Í verkefninu taka þátt nemendur í grunnskólum Reykjanesbæjar sem leggja fram listaverk sem hafa nú sum hver komist á pokana.




Verðlaunatillögurnar verða kynntar víðs vegar um bæinn en í listaverkunum koma fram áskorun til bæjarbúa um að ganga betur um bæinn og lagði BT til verðlaun fyrir þá nemendur sem sendu inn bestu tillögurnar.

BT hefur prentað verðlaunatillögurnar, myndir og slagorð á plastpokana auk þess sem auglýsingastandur við Aðalgötu og Fitjar eru skreytt einnig til áminningar um verkefnið og til að hvetja bæjarbúa til dáða í góðri umgengni.

Á næstu vikum og mánuðum munu bæjarbúar verða varir við aukinn áróður og hvatningu til meiri og betri umhverfisvitundar.

Allar nánari upplýsingar eru að finna á www.reykjanesbaer.is



**MEIRI UMHVERFISVITUND** Haukur Þór Arnarson verslunarstjóri BT og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ með skreyttan poka.



**DAGUR BARNSINS** Á sýningu í tilefni listahátíðar barna eru verk eftir leikskólabörn á öllum aldri.

# Listahátíð barna stendur yfir í Reykjanesbæ

Í Reykjanesbæ stendur nú yfir hin stórskemmtilega Listahátíð barna. Listahátíðin er haldin í tilefni af Degi barnsins sem verður 25. maí næstkomandi.

Listahátíð barnanna er samvinnuverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og sex leikskóla sem eru í Reykjanesbæ. Á sýningunni má finna myndlistarsýningu þar sem elstu nemendur leikskólanna spreyta sig og eru það börn af leikskólunum Heiðarseli, Holti, Garðarseli, Tjarnarseli, Vesturbergi og Hjallatúni sem sýna.

Yfirskrift myndlistarsýningarinnar er Börn. Myndlistarsýningin er unnin fyrir listahátíðina og á henni má einnig finna væntingar barnanna til framtíðarinnar. Öllum er heimilt að koma á hátíðina og eiga þar skemmtilega stund með börnunum sem taka þátt í henni.

Hátíðin fer fram í húsakynnum Duushúsa hjá Listasafni Reykjanesbæjar og hátíðin stendur til 26. maí.







# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Á vef Kvennasögusafnsins, www.kvennasogusafn.is/Teofani/Teofani/Teofani.htm, er líka hægt að skoða allar myndirnar. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.

---



*Bróðir okkar og frændi,*

**Sófus Henrý Hólm**

lést 11. maí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Guðmundur Hólm**
**Helga Soffía Hólm**
**og frændfólk.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Einar Einarsson**
Sauðárkróki,

andaðist föstudaginn 16. maí. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 23. maí kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Helena J. Svavarsdóttir** | **Reynir Barðdal** |
| **Marta Svavarsdóttir** | **Sigurður J. Sigurðsson** |
| **Magnús Svavarsson** | **Ragnheiður Baldursdóttir** |
| **Sigríður Svavarsdóttir** | **Kristján B. Halldórsson** |

**afabörnin og fjölskyldur þeirra.**

---



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Guðrún Guðjónsdóttir**

lést laugardaginn 17. maí á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 27. maí kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Páll Matthíasson** | **Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir** |
| **Benedikt Hjálmarsson** | **Sherry Ruth Bout** |
| **Ólöf Benediktsdóttir** | |

**og barnabörn.**

---



*Ástkær faðir minn*

**Ingólfur Majasson**
Mjóuhlíð 14, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 19. maí. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. maí kl. 15.00.

**Júlía Guðrún Ingólfsdóttir.**

---



*Ástkær eiginmaður minn*

**Ingvar Guðjónsson**
Skaftahlíð 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 17. maí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Fjóla H. Halldórsdóttir.**

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Leós Guðbrandssonar**

Sérstakar þakkir færum við starfsmönnum deildar 11E á Landspítalanum, Agnesi lækni, starfsmönnum Karitas og starfsmönnum líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

| | |
|---|---|
| **Helga Kristín Lárusdóttir** | |
| **Ásta Lára Leósdóttir** | **Þorvarður Sæmundsson** |
| **Guðbrandur R. Leósson** | **Gunnhildur Tryggvadóttir** |
| **Erla Leósdóttir** | **Hjörtur Þorgilsson** |
| **Ágúst H. Leósson** | **Sigrún Ellertsdóttir** |
| **Þröstur Leósson** | **Steinunn Tómasdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Sonur minn, bróðir okkar, mágur og vinur,*

**Bjarni Sigurðsson**
Mýrarási 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. maí á nýrnadeild Landspítalans. Hann verður jarðsunginn frá Seljakirkju fimmtudaginn 22. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Hildur Bjarnadóttir** | |
| **Svanhildur Sigurðardóttir** | **Markús Ívar Magnússon** |
| **Jónas Sigurðsson** | **Elsa Nína Sigurðardóttir** |
| **Ásta Sigurðardóttir** | **Gunnlaugur Jón Magnússon** |

**Heimilisfólkið Mýrarási 2 og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskulegi afi okkar*

**Tryggvi Dalmann Friðriksson**
Eiðsvallagötu 22, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 19. maí. Jarðarförin auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Bjarney Inga Óladóttir**
**Tryggvi Dalmann Ólason**
**Guðbjörg Anna Óladóttir.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hjalta Þórarinssonar**
fyrrverandi yfirlæknis og prófessors,
Laugarásvegi 36, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir góða umönnun.

**Alma Anna Þórarinsson**

| | |
|---|---|
| **Þórarinn Hjaltason** | **Halla Halldórsdóttir** |
| **Oddur Carl Gunnlaugur Hjaltason** | **Ingibjörg Halldóra Jakobsdóttir** |
| **Sigríður Hjaltadóttir** | **Þórir Ragnarsson** |
| **Hrólfur Hjaltason** | |
| **Gunnlaug Hjaltadóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




## STUÐ MILLI STRÍÐA Hugsanleg atburðarás

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** SPÁIR Í KVÖLDIÐ MIKLA



Nú ættu Eurovision-aðdáendur að setja sig í stellingar vegna þess að Ísland keppir í kvöld. Margir sitja spenntir í vinnunni og búast við því allra besta. Snakksala hefur rokið upp úr öllu valdi og fjölmargir eru búnir að afboða sig í vinnuna á morgun vegna þess þeir ætla að fagna langt fram eftir nóttu. Fleiri hundruð manns eru búnir að verða sér úti um þjóðsönginn á geisladiski og prenta út textann. Allt er þetta gert því þjóðernisrembinginn á að keyra í botn. Búist er við fjölmenni á Austurvelli strax eftir að sigurinn er í höfn. Ólafur forseti verður tilbúinn í glansgallanum og flytur ávarp og Dorrit mun syngja íslenska lagið. Allir ætla að þamba pabbakók og kláravín í kvöld. Dagskráin hefst og við sláum enn eitt heimsmetið miðað við höfðatölu og það í fjöldasöngli. Allir eru límdir við skjáinn en fölna snögglega í framan þegar serbneskur strípalingur hleypur inn á sviðið með fána sem prentað er á pólitískt slagorð í garð stjórnarandstöðunnar þar ytra. Íslendingar ærast og hrópa ljótum orðum að strípalingnum og vona að þetta slái ekki Friðrik og Regínu út af laginu. En það er of seint! Friðrik kemst aldrei í takt við lagið og Regína getur ekki hætt að hlæja. Lagið fjarar út og íslensku keppendunum er greinilega brugðið. Út á götur Reykjavíkur hleypur fólk og ætlar að finna serbneska sendiráðið en það gengur erfiðlega þar sem það er ekki skráð í símaskránni. Múgæsingurinn er mikill og fjöldinn heldur niður á Austurvöll til að mótmæla allsbera manninum og mistökum serbneska ríkissjónvarpsins fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir atburðinn sem skók íslensku þjóðina. Tölurnar koma í hús og Ísland er einu stigi frá því að komast á úrslitakvöldið. Allt snakkið til einskis og allir verða að mæta í vinnuna á morgun. Lýst verður yfir viku þjóðarsorg og RÚV tekur úrslitakvöldið af dagskrá og sýnir norsku kvikmyndina „Bitrar rósir“ í stað úrslitakvöldsins. En við skulum samt vona að þetta verði ekki niðurstaðan. Áfram Ísland!

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ORIGINS

# FYRIR HUG OG LÍKAMA

## veldu vel – ORIGINS – nýr lífstíll





## 20% afsláttur af Origins kössum vikuna 22. - 29. maí

MODERN FRICTION: **Heimaspa kassi:** Innheldur náttúrulegt hrísgrjónavatn sem styrkir og stinnir húð þína, hrísgrjónasýru sem tekur vel allar dauðar húðfrumur, hrísgrjónakraft sem er gott andoxunarefni og hefur litajafnandi áhrif á húðina, hrísgrjónasterkju sem hefur mýkjandi áhrif á húðina og hrísgrjónasmjör sem gefur húðinni mikla næringu og góðan raka að ógleymdum ilmefnum eins og sítrónum sem draga saman húðholur og gera áferð húðarinnar sléttari og að lokum agúrku og bergamot sem róa og sefa erta húð.

A PERFECT HOLIDAY: **Andlitsvatn með hvítu tei og raka, rakakrem, augnkrem, serum.**
Hér eru nýjustu fréttirnar: Hvítt te hefur 3x meira af andoxunarefnum en grænt te. Einn bolli af hvítu tei inniheldur jafn mikið af andoxunarefnum og 12 glös af nýpressuðum appelsínusafa. Hvítt te er með mest af andoxunarefnum fyrir húðina. Prófaðu Perfect World. Við viljum efla fegurð og vellíðan með því að nota vörur sem við vitum að gera þér gott og þú upplifir og finnur fyrir gæðunum. Umfram allt að þér líði vel. Við gerum það með því að fagna tengslum okkar við móður náttúru.

SEE THE DIFFERENCE: **Yngjandi meðferð fyrir húðina, sjáðu muninn!**
Það er verulegur munur! Rannsóknir sýndu að Make A Difference bætir svo um munar rakann í húðinni, mýktina og ljómann. Í sjálfstæðri rannsókn, þátttakendur voru konur á aldrinum 22-55 með mismunandi húðgerðir, voru beðnar um að nota Make A Difference í fjórar vikur í staðinn fyrir þær anti-aging vörur sem þær notuðu á þeim tíma. 88% skýrðu frá umtalsverðri breytingu til batnaðar á húðinni í heild sinni. Þeim fannst húðin líta út fyrir að vera yngri, mýkri, þéttari og geislandi. Af þeim sem höfðu orðið fyrir skaða af völdum sólarinnar, fannst 90% kremið hafa bætt útlit húðarinnar og áferð hennar

OPIÐ til 20 alla daga

KOMDU OG FÁÐU PRUFUR OG LEYFÐU RÁÐGJÖFUM OKKAR AÐ RÁÐLEGGJA ÞÉR SVO ÞÚ SJÁIR MUNINN.

HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM, HAGKAUP KRINGLU OG HAGKAUP SMÁRALIND.

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**!** **Kl. 20**
*Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, býður gestum sínum upp á leiðsögn um sýningar þeirra Einars Más Guðvarðarsonar, Jónu Guðvarðardóttur og Hildar Jónsdóttur í kvöld kl. 20. Þau leggja öll stund á höggmyndalistina en nálgast hana út frá ólíkum sjónarhornum og því eru sýningarnar þrjár afar fjölbreyttar.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Básúnumeistarar blása til leiks

Það er alltaf gaman að sjá og heyra hljóðfæraleikara leika að því er virðast ómögulegar listir á hljóðfæri sín. Sænski básúnumeistarinn Christian Lindberg hefur áður sótt Ísland heim og skilið eftir sig salarfylli af agndofa gestum. Nú mætir hann hins vegar í hlutverki tónskálds og stjórnanda en hefur í för með sér annað básúnuofurmenni, Bandaríkjamanninn Charlie Vernon.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld leikur Vernon einleik í konsert sem Lindberg samdi sérstaklega með hæfileika hans í huga og nefnist Chick 'a' Bone Checkout. Verkið tekur um 20 mínútur í flutningi og lýsir Lindberg því sem lofsöng til Chicago-borgar.


**TCHAIKOVSKY** Fyrsta sinfónía tónskáldsins verður á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld.

Auk konsertsins verður á dagskrá hin fagra fyrsta sinfónía Tsjaíkovskís, sem hefur undirtitilinn „Dagdraumar að vetri“ og Indri: Cave Canem eftir Svíann Jan Sandström.

Christian Lindberg hefur komið víða við á sínum langa og litríka ferli. Mörg eftirtektarverðustu tónskáld tuttugustu aldarinnar hafa samið verk sérstaklega fyrir hann og hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar. Til að mynda var hann valinn básúnuleikari aldarinnar af alþjóðasamtökum básúnuleikara.

Bandaríski básúnuleikarinn Charlie Vernon hóf feril sinn sem atvinnumaður í faginu hjá Sinfóníuhljómsveit Baltimore árið 1971. Hann hefur einnig starfað hjá Sinfóníuhljómsveitunum í Fíladelfíu og San Fransisco. Vernon starfar nú við Sinfóníuhljómsveitina í Chicago, en djúpmálmsveit þeirrar hljómsveitar þykir einhver sú magnaðasta sem um getur. - vþ

**> Ekki missa af...**
Sýningu Valgerðar Hauksdóttur í sýningarsal Íslenskrar grafíkur, hafnarmegin í Hafnarhúsinu, en henni lýkur nú um helgina. Valgerður sýnir myndröð stafrænna prenta á ál sem fjalla um hvernig maðurinn skynjar tímann og umhverfið og þá einkum takmörkun mannsins í skynjun á því sem fyrir ber.

## Haukur og vinir djassa

Djassklúbburinn Múlinn lætur ekki deigan síga og heldur áfram með vikulega tónleika sína áfram mót sumri. Í kvöld kemur á vegum klúbbsins fram Djasshljómsveit Hauks Gröndal, en hana skipa saxófónleikarinn Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Agnar M. Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Þeir félagar eru tónlistarunnendum að góðu einu kunnir enda fjölhæfir og afbragðsliprir hljómlistarmenn. Efnisskráin verður samsett af fjölbreyttri djasstónlist sem leikin verður af fingrum fram.

Tónleikar Múlans sem að venju fara fram á skemmtistaðnum Domo, Þingholtsstræti 5, hefjast kl. 21 og er almennt miðaverð 1000 kr. en 500 kr. fyrir nemendur. - vþ


**HAUKUR GRÖNDAL KLARINETTULEIKARI** Kemur fram með hljómsveit sinni á tónleikum Djassklúbbsins Múlans í kvöld.












## Maðurinn sem mælitæki

**Myndlistarmaðurinn Húbert Nói opnar á morgun nýja sýningu sem nefnist Geometria í hinu framsækna Gallery Turpentine. Á sýningunni má sjá skissur, málverk og myndband, en sýningin er afrakstur tveggja ára vinnuferlis.**


**VÍSINDI OG LIST** Húbert Nói opnar sýningu í Gallery Turpentine á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á sýningu Húberts Nóa í Gallery Turpentine sýnir hann meðal annars landslagsmálverk sem eru hluti af verkefni sem hann hefur starfað að af og til frá árinu 1996. Húbert segist vinna myndirnar að miklu leyti út frá minni. „Ég skissa landslagið meðan ég er á staðnum og tek niður GPS-mælipunkta svæðisins. Málverkin eru svo unnin út frá skissunum, en þættir eins og litir og birta myndanna eru bara unnin út frá minni mínu og upplifun af staðnum. Þannig koma fram í myndunum bæði tæknileg hnit staðarins samkvæmt GPS-tæki en einnig upplifun mín af staðnum. Ég nálgast því viðfangsefnið á bæði tæknilegan og tilfinningalegan hátt og er um leið að rannsaka manninn sem mælitæki. Myndirnar sem ég vinn á þennan hátt munu svo allar vera hluti af einu stóru mælipunktaverki þegar upp er staðið.“

Rætur verkefnisins má rekja til þess að Húbert starfaði á árum áður við jarðfræðirannsóknir á hálendinu. „Ég lærði bæði jarðfræði og líffræði áður en ég söðlaði um og sneri mér að myndlist. Þegar ég vann við rannsóknir á hálendinu upplifði ég umhverfið afar tilfinningalega en um leið á tæknilegan hátt sökum mælinganna sem ég framkvæmdi. Þá fékk ég áhuga á að reyna að skapa snertipunkt milli þessara tveggja upplifana af umhverfinu og því mætti segja að þetta verkefni mitt sé rannsókn á manninum og skynjun hans fremur en landslaginu sem kemur fram í myndunum,“ útskýrir Húbert.

Titill sýningarinnar, Geometria, er vísun í tvær hliðar rúmfræði, þá reiknuðu og þá skynjuðu. Húbert sýnir meðal annars tvö stór málverk sem hengd eru upp hlið við hlið, en báðum er snúið um 90 gráður. „Þessi tvö málverk tengi ég við heilahvelin tvö sem hvort hafa sitt sérsvið, annað tengist meir skynjun en hitt rökhugsun. Upplifun okkar af umhverfinu hlýtur því alltaf að vera einhver blanda af þessum tveimur þáttum,“ segir Húbert.

Enn sem komið er sér ekki fyrir endann á mælipunktaverkefni Húberts. „Verkefnið gengur frekar hægt enda um seinunnin málverk að ræða. Ég hef því ekki nein áform um að ljúka við verkefnið á næstunni; þetta eru athuganir sem ég geri reglulega og ætla að halda áfram með um óákveðinn tíma.“

Sýningin Geometria verður opnuð í Gallery Turpentine á morgun og stendur til 14. júní.
vigdis@frettabladid.is

## Bólu-Hjálmar á svið

Stoppleikhópurinn hefur einbeitt sér allt frá stofnun að vinnu farandsýninga fyrir unglinga. Í dag frumsýnir hópurinn nýtt íslenskt leikverk um Hjálmar Jónsson, bónda og skáld, sem oftast er kenndur við Bólu. Verkið sem þeir félagar Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason hafa sett saman kalla þeir Brunað í gegnum Bólu-Hjálmar. Sýningin er ætluð krökkum frá 12 ára aldri.

Ágústa Skúladóttir setur verkið á svið en það tekur hina klassísku kennslustund í flutningi. Leikarar eru þau Eggert Kaaber, Magnús Guðmundsson og Margrét Sverrisdóttir. Leikmynd og búninga gerir Guðrún Öyahals.

Bólu-Hjálmar er nafn sem við höfum öll heyrt. Grunnskólakrakkar vita sennilega flestir að hann var skáld. Þeir sem eldri eru kunna sum ljóðin hans og muna eftir honum af svipmikilli teikningu í gömlu Skólaljóðabókinni – „karlinn með hökuskeggið sem er svo grimmilegur til augnanna“. Og þjóðin hampar honum enn þá sem einu af kraftmestu þjóðskáldum sínum fyrr og síðar. Hann var skapmikill orðhákur sem kom sér oft í vandræði og lenti upp á kant við nágranna sína. Hann var öfundaður og rógborinn. Hann var þjófkenndur og ákærður. Samt virtur og dáður fyrir hæfileika sína og mannkosti.


**LEIKLIST** Ágústa leikstjóri og leikararnir Eggert, Magnús og Margrét fyrir framan Iðnó í gær. FRETTABLAÐIÐ/VILLI

Leikritið um Bólu-Hjálmar leiðir okkur á fjörugan, hressandi og óvenjulegan hátt í gegnum þetta sérstæða lífshlaup hans á 45 mínútum, þar sem öllum meðölum leikhússins er beitt. Þrír leikarar segja söguna og leika allar persónur: Hjálmar, eiginkonu hans, móður, börn, föður, uppeldismóður, bændur, presta, sýslumenn, förukonur, nágranna, fjandmenn og vini – og þurfa því stundum að hafa snör handtök. Leikritið geymir einnig sýnishorn af kveðskap hans, allt frá því fegursta til andstyggilegustu níðvísna, en fáir voru flinkari í að meitla saman kjarnmikið níð en Hjálmar.

Sýningin verður svo á ferð um skólakerfið á komandi vetri.
pbb@frettabladid.is




# Ástríðufull tónlist, hin sanna tónlist.

Ný plata

## Super Mama Djombo

Fyrst á Íslandi

ar puro





"Ein áhrifamesta hljómsveit Afríku frá seinni hluta 20. aldarinnar."
**allmusic.com**

"Ástríðufull tónlist, hin sanna tónlist. Beint frá hjartanu. Hin sanna tónlist. Sekkur í merg og bein."
**Arnar Eggert Thoroddsen**

Plata vikunar á Rás 2. **Einkunn 10/10**

Sérstakur gestur: **Egill Ólafsson**






**Dillandi gumbé frá Gíneu-Bissá**

Super Mama Djombo á Listahátíð
**Fös. 30.** og **lau. 31. maí**
kl: **22:00** á **NASA** við Austurvöll.

Smekkleysa

Smekkleysa í samvinnu við Mama Djombo Islandia

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT FYRIR EUROVISION

ÞÚ SÆKIR, ÞÚ BAKAR OG ÞÚ BORGAR AÐEINS 1000 KR. FYRIR TVÆR 635g PIZZUR

# TVÆR PIZZUR 1000 KR.

**CHICAGO TOWN**
**TAKE-AWAY pizzur,**
**Þú sækir, þú bakar**
**og þú borgar aðeins**
**1000 kr. fyrir tvær**
**635g pizzur.**
MEÐ BLÖNDUÐUM
OSTI EÐA
PEPPERONI

119

98

49

Pepsi MAX 2 ltr. **119 kr.**
Fanta Orange 2 ltr. **98 kr.**
Egils pilsner léttbjór 500 ml **49 kr.**

2498

KS ferskt lambafillet **2498 kr./kg.**

1198

KS lambalæri í sneiðum **1198 kr./kg.**

1398

KS lambaframhyggjasneiðar 1.FLOKKUR FROSNAR
**1398 kr./kg.**

30% AFSLÁTTUR

KF villikryddaðar lambalærissneiðar
**1398 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

498

Bónus íspinnar 24 stk. kassi
**498 kr.**

40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kjúklingabitar blandaðir
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

498

Ali ferskur grísabógur **498 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT FYRIR EUROVISIO
ÍSLANDSGRÍS Á GÓÐU VERÐI
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskar grísarifjur
599 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG.
Nautaat
498
Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 498 kr.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskur grísahnakki úrbeinaður
1019 kr./kg. MERKT VERÐ 1698 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskar grísakódilettur
1019 kr./kg. MERKT VERÐ 1698 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Nautaat ferskt íslenskt ungnautahakk
898 kr./kg. MERKT VERÐ 1498 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskar grísalundir
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskir grísaskankar
179 kr./kg. MERKT VERÐ 298 KR./KG.
Chips
Chips Paprika
98
EUROSHOPPER snakk 200g 98 kr.
40% AFSLÁTTUR
ÍG ferskur kryddleginn úrb.grísavöðvi
1319 kr./kg. MERKT VERÐ 2198 KR.
ÍSLANDS GRÍS
GRÍSASTEIK
40% AFSLÁTTUR
ÍG fersk kryddlegin grísahelgarsteik
1079 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
98
VOGA ÍDÝFA
Voga ídýfur 175g Þrjár teg. 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

### > ERFITT HJÁ KENNEDY

Væntanlega geta aðdáendur Jamies Kennedy farið áhyggjulausir í kvikmyndahúsin um helgina en Sena frumsýnir um helgina nýjustu gamanmynd Kennedy, Kickin It old Skool. Myndin segir frá breikmeistara sem vaknar eftir tuttugu ára dásvefn og hyggst ná fyrri hæðum í listgrein sinni.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Sjö íslenskar kvikmyndir í vinnslu

Sjö íslenskar kvikmyndir í fullri lengd fengu vilyrði fyrir framleiðslustyrk á nýjum lista Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem birtur var á vefsíðu hennar í vikunni. Nokkur kunnugleg andlit eru á listanum; Hátíð í bæ eftir Hilmar Oddsson, R.W.W.M, hryllingsmynd Júlíusar Kemp, og Good Heart Dags Kára sem tökur standa yfir á. Brim í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar fékk framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöðinni en tökur á henni eru vel á veg komnar.

Eitt nýtt andlit er í þessum hópi en það er Sumarland Gríms Hákonarsonar sem leikstýrir þar sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd eftir mikla velgengni í stuttmyndageiranum. Marteinn Þórisson fær jafnframt vilyrði fyrir framleiðslustyrk en hann hyggst færa bók Hallgríms Helgasonar, Rokland, upp á hvíta tjaldið. Róbert Douglas er einnig á lista hinna útvöldu með myndina sína Baldur en tvær síðastnefndu kvikmyndirnar eiga það sameiginlegt að aðalleikarar myndarinnar grenna sig töluvert.

Hins vegar er eitt nafn sem aldrei áður hefur verið á þessum lista. Það er danski Óskarsverðlaunahafinn Bille August sem fær vilyrði fyrir framleiðslustyrk enda er hann að fara að leikstýra A Journey Home eftir bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar með Jennifer Connelly í aðalhlutverki. - fgg



**NÝR Á LISTA** Bille August fær vilyrði fyrir framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands en hann hyggst leikstýra A Journey Home.

# Prinsinn Gyllenhaal

Jake Gyllenhaal fær það verðuga verkefni að taka við gróðaskútu Johnnys Depp og sjóræningjastóðs hans í ráðgerðum stórsmelli Jerrys Bruckheimer. Framleiðandinn hyggst færa tölvuleikinn The Prince of Persia: The Sands of Time upp á hvíta tjaldið og Gyllenhaal hefur fallist á að leika aðalhlutverkið. Nýja Bond-stúlkan Gemma Arterton verður Gyllenhaal innan handar en Persíu-prinsinn berst við ill öfl um hlut sem gerir eiganda þess kleift að ferðast í tíma og rúmi og ráða þannig yfir heiminum.

Samkvæmt vefsíðunni Movies.com gera forsvarsmenn Disney-fyrirtækisins sér vonir um að þarna sé jafnvel kominn arftaki hins ofurvinsæla en mistæka Sjóræningjaþríleik. Varla hefur það skemmt fyrir hjá Jake að Harry Potter-leikstjórinn Mike Newell hefur samþykkt að vinna undir stjórn hins ráðríka Bruckheimers.



**VERÐUGT VERKEFNI** Jake Gyllenhaal hefur verið falið að verða næsta aðdráttarafl stórmyndar Jerrys Bruckheimer.

# Kunnuglegur Roland

Þýski leikstjórinn Roland Emmerich er samur við sig. Þrátt fyrir að 10.000 BC. hafi fengið hvern skellinn á fætur öðrum þá er Emmerich síður en svo búinn að gefast upp á stórmyndum.

Empire-kvikmyndavefurinn greinir frá því að næsta verkefni hans verði heimsendakvikmyndin 2012. Og að John Cusack muni leika aðalhlutverkið.

Kvikmyndin 2012 er byggð á fornu tímatali Maya-indíánanna sem töldu sig hafa reiknað það út að heimurinn myndi farast á því herrans ári. Hann ferst þó ekki alveg og leiðir Cusack hóp eftirlifenda sem reynir að draga björg í bú eftir að heimsbyggðin, eins og við þekkjum hana, er orðin rústir einar.



**LEIÐTOGI** John Cusack hefur fallist á að leika leiðtoga eftirlifenda í heimsendakvikmynd Rolands Emmerich.






# Christian Bale í tortímingahug

**Hafi einhver talið sig fullfæran um að tippa á næsta hlutverk velska leikarans Christians Bale þá fékk hann örugglega ekki þrettán rétta eftir nýjasta útspil leikarans. Nýverið var nefnilega tilkynnt að Bale hygðist taka þátt í endurreisn kvikmyndabálksins um Tortímandann.**

Framleiðendur fjórðu myndarinnar um Tortímandann tilkynntu á Cannes-hátíðinni-með nokkru stolti að Bale hygðist leika John Connor. Og ekki bara í einni, ekki tveim heldur þremur framhaldsmyndum. Kvikmyndin hefur legið í nokkuð lausu lofti að undanförnu og sögusagnir gengið um að hún hefði jafnvel verið slegin út af borðinu. En nú er ljóst að sagan af John Connor og félögum heldur áfram.

**Alvöruleikari**

Framleiðendurnir reyndust þó heldur tregir í taumi þegar kom að því að upplýsa um söguþráðinn en staðfestu þó að umhverfi myndanna yrði bylting mannanna gegn ofurvaldi vélanna áður en frelsishetjan fær þá flugu í hausinn að senda fyrst fótgönguliða og síðar fyrrverandi óvin sinn til að vernda móður sína gegn drápsvélum framtíðarinnar. „Bale er alvöruleikari og þetta er því mikill fengur fyrir okkur,“ sagði Victor Kubicek hjá kvikmyndafyrirtækinu Halcyon á blaðamannafundi í Cannes.

„Bale var fyrsti valkostur okkar. Hann las handritið og féll strax fyrir því,“ bætti Kubicek við en hann vildi aftur móti ekkert tjá sig um hvort ríkisstjórinn í Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, kæmi til með að birtast í kvikmyndunum. Austurríska vöðvatröllið kom auðvitað þessari framtíðarsýn stórmyndasnillingsins James Cameron á kortið með ódauðlegum setningum eins og „I'll be back“ og „Hasta la vista, baby“.

**Keisari sólarinnar**

Bale er fæddur í velska smábænum Haverfordvest árið 1974 en fluttist fljótlega til Bournemouth í Englandi. Hann steig sín fyrstu skref á leiksviði aðeins tíu ára gamall þegar hann fór með aðalhlutverkið í sýningunni The Nerd eða Njörðurinn sem sett var upp á West End. Mótleikari hans var ekki af verra taginu, sjálfur Rowan „Mr. Bean“ Atkinson. Hann þótti sýna lipra takta og faðir hans, fjöllistamaðurinn og þúsundþjalasmiðurinn David Bale, ákvað að kasta frá sér sínum eigin ferli sem reynsluflugmaður til að taka að sér umboðsmennsku fyrir son sinn. Ferill Bales komst á mikið flug þegar hann skaut fjögur þúsund öðrum táningspiltum ref fyrir rass þegar þeir börðust um hlutverk Jims Graham í verðlaunakvikmynd Stevens Spielberg, Empire of the Sun.

**Á flug með Batman**

Ferill Bales eftir að fullorðinsárin tóku völdin hefur verið ansi skrykkjóttur. Eftir velgengni amerísku geðsjúklingsins tók Bale að sér svipaða rullu í Shaft, fremur mislukkaðri endurgerð á samnefndri kvikmynd frá árinu 1971. Ekki var framhald Bales af þeirri hörmung mikið skárra, Captain Corelli's Mandolin, þar sem hann þótti ekki sannfærandi í sínu hlutverki.

Leikarinn var hins vegar ekki dauður úr öllum æðum og gaf Matthew McConaughey ekkert eftir í Reign of Fire, ágætri drekamynd sem naut töluverðra vinsælda. The Machinist frá árinu 2004 sýndi svo að ekki varð um villst að Bale bjó yfir miklum hæfileikum. En jafnvel þótt kvikmyndin hefði fengið prýðilega dóma þá reyndist aðsóknin ekki til að hrópa húrra fyrir.

Batman Begins skaut Bale hins vegar upp á stjörnuhimininn enda kvikmyndin með því allra besta sem gerist í myndasöguheiminum. Sú einstaka velgengni hefur orðið til þess að stórir leikstjórar falast eftir kröftum hans; Michael Mann réð hann í Puplic Enemies á móti Johnny Depp. Auk þess mun Bale leika hershöfðingjann Steve Jacoby í kvikmyndinni Killing Pablo en honum var falið að elta uppi Pablo Escobar. Það verður hinn nýkrýndi Óskarsverðlaunahafi, Javier Bardem, sem sér síðan um að kólumbíski eiturlyfjabaróninn vakni til lífsins á hvíta tjaldinu. - fgg



**ÓTRÚLEG VELGENGNI** Batman Begins fékk frábæra dóma og hefur verið hælt sem einni bestu myndasögu-kvikmynd allra tíma.



**ÓLÍKINDATÓL** Christian Bale hefur síður en svo valið hina hefðbundnu leið upp á topp og nú er ráðgert að hann leiki John Connor í þremur kvikmyndum.

# Indiana frumsýndur í dag

Endurkoma ársins verður loks að veruleika hjá íslenskum aðdáendum Indiana Jones þegar fjórða myndin, Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull, verður tekin til sýningar í dag. Myndin var frumsýnd við hátíðlega athöfn á Cannes í síðustu viku og hefur hálfpartinn stolið senunni við frönsku Rívíeruna.

Þau Cate Blanchett, Harrison Ford og Steven Spielberg hafa verið ákaflega áberandi og Spielberg lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að gera fleiri myndir um Indiana. Viðtökur gagnrýnenda hafa verið jákvæðar en fréttaritari BBC í Frakklandi hafði þó eftir einum gesti að fjórða myndin hefði ekki staðið undir væntingum sannra aðdáenda mannsins með hattinn. Aðrir áhorfendur voru hins vegar ekki á sama máli og sá ágæti maður og aldrei þessu vant var stappað og klappað fyrir Kananum í frönskum bíósal.

Vefsíða IMDB er heldur ekkert að spara einkunnagjöfina, níu í einkunn af tíu segir allt sem segja þarf um hversu magnþrunginn upplifunin hefur verið. Rotten Tomatoes, sem kallar ekki allt ömmu sína, tekur ekki alveg svo djúpt í árina en myndin fær engu að síður 78 prósent af hundrað og telst því frábær að mati gagnrýnenda víða um heim. - fgg



**INDY MÆTTUR** Fjórða myndin verður frumsýnd á Íslandi í dag.

# ÞREFALDUR SIGURVEGARI Í EUROVISION

# JOHNNY LOGAN

## ÁSAMT 6 MANNA HLJÓMSVEIT

## BROADWAY FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 23. MAÍ




Þú mátt ekki missa af þessu einstaka kvöldi. Þetta verður heitasta ball ársins og betri upphitun fyrir sjálfa Eurovisionkeppnina er ekki til! Öllu verður tjaldað til svo kvöldið á Broadway verði sem glæsilegast og eftirminnilegast. Kappinn flytur að sjálfsögðu þekktustu og vinsælustu lögin sín, einnig smelli úr smiðju U2, Prince, Elvis auk írskra kráarslagara á borð við "Whiskey in the Jar" og mun írsk ballstemming ráða ríkjum þegar líður á kvöldið.

**Miðaverð 3.490 kr.**

**Miðaverð með glæsilegum þriggja rétta málsverði 7.490 kr.**

Meistari **Sverrir Stormsker** hitar upp á flyglinum!

BROADWAY midi.is

Miðasala á Broadway, á midi.is
og í verslunum Skífunnar og BT úti á landi.
Miðapantanir í síma 770 6767.

performer
performer.is



> **Prófaðu …**

*… að nota búlgúr í staðinn fyrir hrísgrjónin eða kúskúsið. Það er bragðgott og gott undir tönn og hentar alveg jafn vel sem meðlæti með kjúklingi, fiski og grænmetisréttum.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR LEIKKONA

# Getur ekki verið án hvítlauks



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Hvítlauks!

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Hryggurinn hennar mömmu með stökkri „pöru" – og svo Peking-önd í pönnukökum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Hafragrautur (því miður, því ég veit að hann er svo hollur!).

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Hvítlauksolían sem ég bý til sjálf og einnig Agave/Tamarin-olían mín – skæðustu vopnin í matargerð!

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Helst einhvern viðbjóð, sykur, hveiti, ger, sem ég veit að er baneitrað allt saman. Sé svo eftir öllu þegar ég kvelst af magaverk!

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ávexti og ávaxtasafa, hrísmjólk og grænmeti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Vatn!

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Krókódíll og strútur.

# Rabarbarabaka

Rabarbari vex eins og honum sé borgað fyrir það í fjöldamörgum görðum þessa dagana. Það styttist snarlega í að hægt verði að nýta hann í hitt og þetta, og þá er ekki úr vegi að skella í gamla og góða rabarbaraböku inn á milli sultunartarna. Þessi er þægileg, fljótleg og afspyrnugóð.

**Fylling:**
3 rabarbarastilkar
2 msk. kartöflumjöl
¾ dl sykur
**Deig:**
3 ½ dl hveiti
1 dl kókosmjöl
1 dl sykur
150 g smjör

Skerið rabarbarann í um ½ cm þykka bita og setjið í eldfast mót. Stráið kartöflumjöli og sykri yfir.

Blandið saman hveiti, sykri og kókosmjöli í deigið. Klípið smjörið ofan í og blandið saman. Deigið á ekki að vera slétt. Dreifið jafnt yfir rabarbarann.

Bakið við 225 gráður í um 20 mínútur. Berið fram með rjóma, vanillusósu eða vanilluís. Einnig má skipta einhverjum hluta rabarbarans út fyrir jarðarber.



**GIRNILEGUR RABARBARI** Í mörgum görðum leynast myndarlegir rabarbaragarðar sem brátt verður hægt að nýta í hitt og þetta. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sangría á svalirnar

Þegar hlýnar í veðri færast svala- og garðasamsæti ofarlega á vinsældalista margra. Þá er ekki úr vegi að hafa eitthvað svalandi og bragðgott, eins og spænska sangríu, við höndina. Sangría er til í fjöldamörgum útgáfum, en inniheldur þó oftast rauðvín, niðursneidda ávexti, sætu í formi hunangs eða appelsínusafa, smá skvettu af koníaki eða öðru áfengi og sódavatni. Með þetta innihald má svo leika sér eins og hugurinn girnist. Þessa uppskrift að sangríu er að finna á heimasíðunni wine.about.com.

1 flaska rauðvín (til dæmis Rioja)
1 sítróna í bátum
1 appelsína í bátum
2 msk. sykur
1 skot koníak
2 bollar engiferöl eða sódavatn

Hellið rauðvíninu í könnu og kreistið safann úr ávöxtunum ofan í hana. Reynið að forðast að steinarnir blandist við. Bætið ávöxtunum út í ásamt sykri og koníaki. Kælið, jafnvel yfir nótt. Bætið gosi út í rétt áður en sangrían er borin fram. Ef drekka á sangríuna samstundis má nota kælt rauðvín og nóg af klökum í glösin.



**SVALANDI SUMARDRYKKUR** Sangría er til í mörgum útgáfum og ávallt gómsæt á sumrin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sumarsúpa Steinunnar

**Steinunn Camilla Sigurðardóttir, söngkona í Nylon, er mikill sælkeri og nautnaseggur, að eigin sögn. Hún deilir uppskrift að sumarlegri gazpacho-súpu með lesendum Fréttablaðsins.**



**SÆLKERI OG NAUTNASEGGUR** Nylonstúlkan Steinunn Camilla Sigurðardóttir er úr fjölskyldu matarunnenda og byrjaði ung að prófa sig áfram í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Steinunn Camilla tilheyrir fjölskyldu þar sem matarást er allsráðandi. „Foreldrar mínir eru bæði snilldarkokkar og systur mínar líka. Ég er líka mikil matmanneskja og sælkeri," segir Steinunn, sem kveðst hafa farið að prófa sig áfram í eldhúsinu ung að árum. „Mér finnst rosalega gaman að elda og ég held ég hafi góða tilfinningu fyrir kryddum. Ég er mikið í því að setja dass af hinu og þessu. Ég er hins vegar mjög lélegur bakari, þar sem það virkar ekkert rosalega vel að nota dass af lyftidufti í bakstri. Það er hins vegar mjög spennandi. Maður veit aldrei hvernig baksturinn endar," segir Steinunn kímin.

Gazpachosúpunni kynntist Steinunn á Spáni þar sem hún dvaldi reglulega á sumrin. „Þetta er spænsk, köld súpa, sem er svolítil naglasúpa. Hún er mjög mismunandi eftir héruðum á Spáni, en þessi uppskrift er útgáfan sem ég hef þróað fyrir mig," útskýrir Steinunn, sem aðhyllist annars enga sérstaka matarhefð. „Ég borðaði reyndar ekki fisk í mörg ár, en núna finnst mér mjög gaman að prófa að gera fiskrétti. Ég er mjög hrifin af humri, og við Nylonstelpurnar hittumst oft og grillum hvítlaukshumar og fáum okkur hvítvínsdreitil og ótrúlega gott ávaxtasalat með," segir Steinunn, sem hefur grillið innan seilingar allan veturinn. „Ég fer bara í snjógallanum út ef veðrið er þannig. Íslensk veðrátta er bara skemmtileg," segir hún.

Steinunn segir nóg að gera hjá Nylon þessa dagana þó að minnst af því fari fram hér á landi. „Við erum að taka upp og vinna í ýmsum málum. Annars er ég bara að njóta lífsins, ég bý mér til tíma til þess," segir Steinunn brosandi.

**Gazpacho**
5-6 heilir þroskaðir tómatar
2 hvítlauksgeirar
1 rauð paprika
¼ gúrka
½ rauðlaukur
1 lítill rauður chilipipar
1 epli
1 lime
½ sítróna
4 msk olía
2 msk ný pressaður appelsínusafi
1/2 bolli vatn
Salt
Pipar
Hvítlauksduft
Sítrónupipar
**Meðlæti:**
Cherry-tómatar, skornir smátt
Rauðalaukur, skorinn smátt
Rauð og græn paprika, skorin smátt
Gúrka, skorin smátt
Brauðteningar

Grænmeti skorið niður, chilipiparinn er skorinn í tvennt, skafinn að innan og skorinn smátt. Hvítlaukurinn kraminn og settur með grænmetinu, olíunni og appelsínusafanum í blandara. Öllu blandað saman.

Eplið skorið niður. Sítróna og lime skorin í bita, afhýdd og sett í bitum í blandarann og kryddað eftir smekk. Það er mikilvægt að setja klípu af salti og pipar út í en annað fer eftir smekk hvers og eins.

Þegar það er búið að blanda öllu saman er ½ bolla af vatni bætt við og svo er súpan sigtuð í skál. Notið plastsleif til að pressa hana í gegnum sigtið. Hún er mjög þykk og því þarf smá þolinmæði við sigtunina. Súpan er svo geymd í kæli í 1-2 klst.

Sáldrið meðlætinu yfir þegar súpan er komin í skál. Í stað brauðteninga má nota fínar bruður, sem eru brotnar í litla bita.

sunna@frettabladid.is




Ferskasta fiskmetið...
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallerý fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Ferskur sorbet í eftirrétt

Ásgeir Sandholt, konditor í samnefndu bakaríi, hefur ráð undir rifi hverju hvað varðar sorbet-gerð, enda býður Sandholt upp á girnilegan ís og sorbet í húsnæði sínu að Laugavegi. „Sorbet er í rauninni bara vatn, sykur og svo ávöxturinn sem gefur bragðið. Það skiptir þess vegna öllu máli að hafa góða ávexti. Fyrir peru-sorbet læt ég til dæmis flytja inn perur frá Provence í Frakklandi og ég fæ mangó frá Indlandshafi af því að þau eru best þar," segir Ásgeir.

Meðalmatgæðingur getur lært af þessu að nota þá ávexti sem eru ferskir hverju sinni. „Gerið jarðarberja-sorbet um sumar, þegar þau eru sæt og góð, og notið frekar appelsínur, sítrónur og banana á veturna," bendir Ásgeir á. Hann segir lítið mál að gera sorbet heima við, þótt engin sé ísvélin. „Maður blandar bara saman sykursírópi við ávexti sem eru maukaðir í matvinnsluvél eða með töfrasprota. Svo er sorbetinn settur í frysti og hrært í honum á um klukkutíma fresti í þrjá, fjóra tíma. Það er líka hægt að skella honum aftur í vélina þegar hann er frosinn, þá brotna ískristallarnir niður aftur," útskýrir Ásgeir, sem lét okkur í té þessa grunnuppskrift að sorbet. Þeir sem ekki leggja í hana geta hins vegar lagt leið sína í Bakarí Sandholt á Laugavegi.



**ÁVEXTIRNIR AÐALMÁLIÐ** Ásgeir Sandholt segir það skipta öllu máli að nota góða ávexti í sorbet, enda inniheldur hann lítið annað en ávexti, sykur og vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Síróp:**
105 g sykur
165 ml vatn
50 g acaciu hunang
2 blöð matarlím

Matarlími má sleppa ef íssins er neytt innan tveggja daga. Annars er það bleytt í köldu vatni í 5-10 mín. og svo leyst upp í ávaxtasírópinu eftir suðu.

Hitið vatn í um 40° C. Bætið sykri og hunangi saman við og hitið að suðu. Kælið, blandið ávaxtamauki saman við.

**Bragðtegundir:**
660 g jarðarberjamauk - fæst frosið
400 g bananamauk og 40 g sykur
500 g bláberjamauk

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Skynsemin velur Bónus!

## Grill-lambalærissneiðar, villibráðakryddaðar
frá Kjarnafæði

**1.398** kr./kg.
Merkt verð 1.998 kr./kg.




**Heimilis-pylsur** frá Kjarnafæði.
**476** kr./kg.
Merkt verð 635 kr./kg.

**Nautahakk, frosið** frá Kjarnafæði.
**798** kr./kg.
Merkt verð 1.140 kr./kg.

**Herragarðs grísakótilettur** frá Kjarnafæði.
**1.189** kr./kg.
Merkt verð 1.698 kr./kg.

**Piparsteik beinlaus** frá Kjarnafæði.
**1.298** kr./kg.
Merkt verð 1.442 kr./kg.

**Kofareykt folaldakjöt m/beini** frá Kjarnafæði.
**382** kr./kg.
Merkt verð 637 kr./kg.




BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

## > HEILLAÐUR AF KANYE

P. Diddy varð vægast sagt heillaður af tónleikum Kanye West á dögunum. Eftir að hafa farið á tónleikana setti Diddy myndband á YouTube þar sem hann segir Kanye hafa breytt lífi sínu. „Ég var með miklar væntingar til Kanye, en tónleikarnir breyttu lífi mínu og ég varð ástfanginn af hip-hop tónlist á ný,“ segir Diddy meðal annars í myndbandinu.



fólk

folk@frettabladid.is



## CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVIKMYNDAHÁTÍÐ HEIMS

# *Maradona í fylgd Kusturica*

Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna í höllinni eftir sýningu Emirs Kusturica á nýju heimildarmyndinni um Diego Armando Maradona. Tveir þungavigtarkappar, annar í kvikmyndum og hinn í fótbolta, leiða saman hesta sína eða í þetta sinn bolta sína. Kapparnir tveir mættu saman á rauða dregilinn og léku listir sínar með fótbolta við mikinn fögnuð viðstaddra.

Maradona er konungur boltans og Kusturica, sem tvisvar hefur unnið Gullpálmann, er mikill áhugamaður um fótbolta.

Myndin lagðist vel í áhorfendur og var oft klappað meðan á sýningu stóð. Fótboltasöngurinn frægi „ólei“ ómaði í lok sýningar þegar fólk stóð upp og hyllti þessa stærstu fótboltastjörnu allra tíma. Það er augljóst að Maradona er svo miklu meira en bara fótboltastjarna, hann er stjarna. Í heimalandi sínu er hann hylltur eins og guð. Myndin er opinská, einlæg og persónuleg mynd. Maradona hleypir Kusturica nálægt sér og í myndinni kynnumst við manninum á bak við boltann, sem föður, tónlistarmanni og pólitíkus. Maradona er mjög pólitískur og sagði Bush að fara til fjandans oftar en einu sinni í myndinni. Þá kemur fram að sá maður sem hann lítur einna mest upp til er Fidel Castro sem kemur fram í myndinni.

Maradona talar um baráttuna við kókaínið sem velti honum af þeim stalli sem hann var á og hvernig hann náði að rísa upp aftur sem helsta stjarna Argentínu. Maradona segir í lok myndarinnar, eftir að öll flottustu og frægustu mörk hans hafa verið sýnd: „spáðu í hvað ég hefði verið góður fótboltamaður hefði ég ekki verið á kóki.“



**TVEIR GÓÐIR** Kusturica og Maradona í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

Önnur merkileg mynd var frumsýnd í keppninni í gær, það var Changeling eftir sjálfan Clint Eastwood og skartar Angelinu Jolie í aðalhlutverki. Changeling er einstaklega vel gerð í alla staði og sagan sem er sannsöguleg gerist 1928. Klassísk Hollywood-mynd og klassísk Eastwood-mynd sem fer líklega alla leið í Óskarinn.

# Rónar á nýrri plötu Klive

Tveir rónar koma við sögu á nýrri plötu raftónlistarmannsins Klive, sem heitir réttu nafni Úlfur Hansson. Á plötunni, sem heitir Sweaty Psalms, eru ellefu lög unnin úr ýmsum hljóðum sem Klive hefur numið úr ferðalögum sínum um Reykjavík. Á meðal þeirra er söngur rónanna á lagi Gylfa Ægissonar, Minning um mann. „Þeir koma fimm eða sex sinnum fram á plötunni án þess að vita af því,“ segir Úlfur. Rónarnir höfðu ekki hugmynd um að Úlfur væri að taka upp sönginn en Úlfur segir það ekkert gera til. „Ég gaf þeim bjór og mér finnst ég því alveg hafa borgað þeim,“ segir hann og bætir því við að þeir hafi átt erfitt með að muna textann. „Það var rosalega fallegt að heyra þá syngja þetta og gleyma textanum. Þetta var tragíkómískt og ég er mjög ánægður með að hafa náð þessu á „teip“.

Úlfur segir að systir sín, listakonan Elín Hansson, hafi hvatt sig til að gefa plötuna út. „Ég hefði ekki gert þetta nema systir mín hefði sparkað mér út í þetta. Mér datt aldrei í hug að þetta færi á prent,“ segir hann og játar að Elín sé eflaust aðdáandi sinn númer eitt.

Úlfur er einnig meðlimur í þungarokkssveitinni Swords of Chaos og segir raftónlistina góða tilbreytingu frá henni. „Þegar ég er búinn að fá nóg af rokkinu fer ég að vinna raftónlistina og öfugt. Það er margt sem tengir þessar stefnur saman og mér finnst það koma sterkt fram í tónlistinni minni.“ - fb



**KLIVE** Tónlistarmaðurinn Klive hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Sweaty Psalms.






# Höfundur birtist sem víkingur

**Út er komin sérdeilis glæsileg bók eftir þá Brian Pilkington og Terry Gunnell um Huldufólk á Íslandi – The Hidden People of Iceland. Gunnel gerir meira en smíða textann, hann situr jafnframt fyrir á einni teikningu Pilkingtons.**

„Já, akkúrat. Hann stóð mér svo nærri. Og svo er hann svolítið eins og víkingur, með þannig hár og skegg. Hann virkar vel sem fyrirmynd,“ segir teiknarinn Brian Pilkington.

Í nýrri bók hans og Terry Gunnell, The Hidden People of Iceland, mun víkingur þar virka kunnuglegur á þá sem til þekkja. Enda fer Pilkington ekki í grafgötur með það að Gunnell er fyrirmyndin. „Nei, hann sat nú ekki fyrir. Ég tók ljósmynd af honum og vann myndina út frá henni. Ég setti hann í búning þannig að hlutföllin væru rétt.“ Pilkington segir þetta alþekkt úr listasögunni og nefnir hinn bandaríska Norman Rockwell, sem hann segir besta teiknara 20. aldarinnar, sem dæmi um mann sem notaði nágranna sína óspart sem fyrirmyndir í teikningar sínar. „Þetta er ágæt aðferð.“ Hér á landi þekkjum við einnig dæmi þess. Þeir sem skoða altaristöfluna í kirkjunni í Flatey munu sjá veruleg líkindi milli Jesú og sonar listamannsins Baltasars, Baltasars Kormáks kvikmyndagerðarmanns.

Pilkington segist hafa byrjað að vinna bókina bæði hvað varðar texta og myndir en textinn hafi reynst honum erfiður. „Það er svo erfitt að vinna með huldufólk.“ Pilkington fékk því Gunnell til að skrifa textann og þar var kominn hárréttur maður til starfans: dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Gunnell hefur ritað og kennt námskeið um íslenska þjóðtrú og þjóðsögur. Pilkington sjálfur er margverðlaunaður teiknari og gekk samstarf þeirra vel. Báðir eru þeir frá Bretlandi en hafa búið á Íslandi í áratugi. Pilkington kemur frá Liverpool en er nú á 30. ári sínu á Íslandi. Hann er nú að teikna jólasveina í bók sem stendur til að gefa út fyrir næstu jól. „Já, meira af jólasveinum. Það hentar mér vel og mínum stíl. Svo er ég með tröllabók í vinnslu. Fyrir fullorðna. Trolls, Wisdom and Philosophy.“ jakob@frettabladid.is



**DÓSENT OG VÍKINGUR** Terry Gunnell var akkúrat rétti maðurinn til að skrifa textann í bókina um huldufólkið.



**BRIAN PILKINGTON** Teiknarinn snjalli frá Liverpool hefur nú verið búsettur á Íslandi í 30 ár.



**VÍKINGURINN GUNNELL** Ekki fer fram hjá þeim sem þekkja Terry Gunnell að þarna er hann „lifandi“ kominn í gervi víkings.

# Undirbýr 60 ára starfsafmæli

„Ég ætla að gefa fólki smá frí frá mér þetta árið. Engin plata,“ segir Ragnar Bjarnason. „Ég er búinn að gefa út plötu síðustu þrjú ár en ætla að taka frí í ár. Svo verð ég náttúrlega 75 ára á næsta ári og þá gerir maður eitthvað,“ segir Raggi kampakátur. Raggi verður ekki einungis 75 ára á næsta ári heldur á hann einnig stór-starfsafmæli. Hvorki meira né minna en sextíu ár eru liðin frá því að Raggi steig fyrst á stokk. „Ég var byrjaður að tromma við gömlu dansana þegar ég var fimmtán ára, byrjaði ekki að syngja fyrr en seinna. Þannig að það eru sextíu ár frá því að ég byrjaði,“ segir Raggi, sem hefur lifað margar hljómsveitir og tísku-sveiflur. „Maður er búinn sjá ýmislegt og margt breyst í þessu á sextíu árum. Nýir söngvarar hafa komið fram á sjónarsviðið, sumir hafa hætt og allt þar fram eftir götunum,“ segir Raggi og bendir á að landslagið í tónlistinni hafi ekki einungis breyst. Tækninni hafi einnig fleygt stórlega fram. „Ég er eini maðurinn sem hefur sungið inn á lakkplötu. Svo 48 snúninga, svo 45, 33 og svo diskana,“ segir Raggi og hlær við upprifjunina. Hann segir þó samstarfsmennina standa upp úr þegar öllu er á botninn hvolft. „Það er náttúrulega gaman að fá tækifæri til að vinna með öllum þessum krökkum. Þetta er allt í svo háum standard,“ segir Raggi Bjarna, ennþá fimmtán ára í anda. -shs



**UNGUR Í ANDA** Raggi fagnar sextíu ára starfsafmæli á næsta ári.

# Semur í þunglyndi

Breska nýstirnið Adele segist aðeins semja tónlist þegar hún er í sjálfsmorðshugleiðingum. „Ég hef engan tíma til að semja þegar mér líður vel því þá er ég úti að skemmta mér,“ sagði söngkonan í viðtali við breska dagblaðið Daily Star og bætti við að af þeim sökum myndi hún eflaust aldrei semja gleðiríkt lag.

Adele svaraði einnig fyrir þá gagnrýni sem hún hefur fengið fyrir að vera of ung til að syngja um ástarsorg. Söngkonan, sem er tvítug, svaraði breskum gagnrýnendum með því að segja samband sitt við strákinn sem síðasta breiðskífa fjallaði um hefði eflaust verið þýðingarmeira en hjá mörgum fertugum einstaklingum.



**SYNGUR EKKI UM GLEÐI OG HAMINGJU** Hin tvítuga Adele semur tónlist þegar hún er í sjálfsmorðshugleiðingum



**TOMMY LEE JONES** Næsta verkefni Tommys Lees Jones verður kvikmyndin Islands in the Stream.

# Tekst á við Hemingway

Næsta verkefni leikarans Tommy Lee Jones verður kvikmyndin Islands in the Stream sem er byggð á samnefndri bók Ernests Hemingway. Jones ætlar að leikstýra myndinni, skrifa handritið, framleiða hana og fara með aðalhlutverkið í henni.

Þeir Morgan Freeman og John Goodman eru báðir í viðræðum um að leika í myndinni, sem var áður gerð árið 1977 með George C. Scott í aðalhlutverki. Bókin Islands in the Stream var gefin út árið 1970, níu árum eftir að Hemingway framdi sjálfsvíg. Á sínum tíma tók hann hluta úr bókinni og breytti henni í skáldsöguna Gamli maðurinn og hafið.



**SUPER MAMA DJOMBO** Vestur-afríska sveitin spilar á tvennum tónleikum á Nasa 30. og 31. maí.

# Spila lög af nýrri plötu

Hljómsveitin Super Mama Djombo frá Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku spilar á tvennum tónleikum á Nasa á Listahátíð 30. og 31. maí. Sveitin mun spila lög af nýrri plötu sinni, Ar Puro, sem hún tók upp á síðasta ári í hljóðveri Sigur Rósar, Sundlauginni. Verður þetta í fyrsta sinn sem hún spilar lög af plötunni utan heimalands síns.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hjartaknúsarinn og kvennabósinn **Jude Law** er sagður eiga í ástarsambandi við Kimberly Stewart, dóttur söngvarans Rods Stewart. Ljósmyndir af þeim í innilegum faðmlögum á næturklúbbi birtust á dögunum í bresku slúðurpressunni og hafa vakið mikla athygli. Law á fjögur börn með fyrrverandi eiginkonu sinni, Sadie Frost, en þau skildu fyrir fimm árum. Hann trúlofaðist síðan leikkonunni Sienna Miller en þau hættu saman eftir að hann hélt framhjá henni með barnfóstru sinni.



**Harrison Ford**, sem leikur fornleifafræðinginn Indiana Jones, segist aldrei lesa gagnrýni um myndir sínar og hafi aldrei gert. „Ég vil ekki trúa því slæma sem er skrifað og heldur ekki því góða. Það skiptir hvort sem er ekki neinu máli," sagði hann. Fjórða myndin í seríunni, Indana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull, var frumsýnd í Cannes á dögunum og hefur hún víðast hvar fengið góða dóma.

Leikkonan **Denise Richards** telur að samband hennar og rokkarans Richie Sambora hefði haldist hefðu fjölmiðlar ekki sakað hana um að hafa eyðilagt hjónaband hans og leikkonunnar Heather Locklear. „Þau voru að fara að skilja. Við vorum vinir þegar það gerðist. Hún var byrjuð með öðrum þegar við byrjuðum saman," sagði Richards, sem er afar ósátt við það hvernig slúðurpressan smjattaði á sambandi þeirra.



# Geiri má vera með nektardans

**Geiri á Goldfinger hrósar nú sigri. Samkvæmt glænýjum úrskurði dómsmálaráðuneytisins ber Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að endurskoða umsögn sína um Goldfinger – en sýslumaður byggði bann sitt við rekstri nektardansstaðar síðastliðið haust á henni.**



GEIRI MEÐ FRÍÐU FÖRUNEYTI Segir niðurstöðu ráðuneytisins sigur fyrir sig og liður í því að hann fái uppreisn æru.

„Þetta er augljós niðurstaða. Svo geta menn haft sínar skoðanir á þessu til og frá," segir Brynjar Níelsson, lögmaður Ásgeirs Þórs Davíðssonar veitingamanns, sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger. Dómsmálaráðuneytið hefur gefið fyrirskipun þar sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er gert að endurskoða umsögn sína um Goldfinger. Að sögn Geira þýðir þetta einfaldlega að hann má bjóða upp á nektardans á Goldfinger. „Þetta er sigur. Sem sýnir og sannar að ég hef ekki verið brotlegur við lögin. Liður í að fá uppreisn æru. Því þetta segir einnig til um að orðrómur um vændi, mansal og eiturlyfjasölu er úr lausu lofti gripinn.

Síðastliðið haust var Geira synjað um rekstrarleyfi og kærði Brynjar þá niðurstöðu sýslumanns. Niðurstaðan byggist á umsögn ýmissa aðila svo sem eldvarnareftirlits og byggingafulltrúa þar sem fram kom að ekkert reyndist athugavert við reksturinn. Lögreglan gaf hins vegar neikvæða umsögn og lögum samkvæmt ber sýslumanni að hafna rekstrarleyfi sé ein umsagna neikvæð.



STEFÁN EIRÍKSSON Lögreglustjóra og hans mönnum er gert að endurskoða umsögn sína um starfsemi Goldfinger.

Brynjar segir umsögn lögreglu hafa byggst á hugmyndafræði um hvað sé siðlegt og hvað ekki. Hvað hugsanlega geti fylgt rekstri súlustaða; mansal, eiturlyfjasala og vændi. Ekkert slíkt hafi komið upp við skoðun. Og það er einfaldlega ekki í verkahring lögreglu að byggja sína umsögn á hugmyndafræði heldur fara að lögum. „Ég kærði þetta því til dómsmálaráðuneytisins, sagði þetta ólögmæt sjónarmið og krafðist þess að niðurstaða sýslumanns, sem kveður á um þetta bann við nektardansi, yrði felld úr gildi."

Geiri, sem fékk að halda áfram rekstri meðan málið var til umfjöllunar, fagnar nú sigri. Telur þetta reyndar ekki einungis sigur fyrir sig heldur sigur yfir forræðishyggju sem Geiri segir allt lifandi að drepa hér á landi. „Þetta er réttindamál fyrir alla íslensku þjóðina."

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfræðingur hjá lögreglunni, tjáði Fréttablaðinu að úrskurður ráðuneytisins hefði ekki enn borist lögreglunni og sagði blaðið vera að segja sér fréttir: „Já, nei, ég hef ekki séð þetta. Þannig að eitthvað verðum við að doka við með að tjá okkur um þetta eða þá hvaða forsendur þar búa að baki."

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn **Joaquin Phoenix** þurfti að hætta við ferðalag sitt á kvikmyndahátíðina í Cannes eftir að hann fékk heiftarlega magakveisu. Phoenix ætlaði að mæta á frumsýningu nýjustu myndar sinnar Two Lovers en þurfti að hætta við á síðustu stundu eftir að læknar sögðu honum að halda kyrru fyrir.



Leikkonan **Scarlett Johansson** óttaðist mjög að tónlistarmanninum Tom Waits myndi ekki líka við fyrstu sólóplötu hennar, Anywhere I Lay My Head. Á plötunni syngur hún lög eftir Waits á sinn seiðandi hátt. „Ég óttaðist að ef við gerðum eitthvað sem félli Tom Waits ekki í geð myndi hann elta mig uppi með hamri," sagði Scarlett. „Vinir hans hafa sagt mér að hann sé mjög ánægður með plötuna. Hann hefur sýnt mér mikinn stuðning úr fjarlægð," bætti hún við hæstánægð.




Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Skólaslit

Skólanum verður slitið föstudaginn 23. maí kl. 14 í Íþróttahúsi FB við Austurberg.
Allir nemendur sem ljúka eftirtöldum prófum fá skírteini afhent við skólaslitin:

Handíðabraut
Þriggja ára myndlistarbraut
Skiptinemar
Burtfararprófi á rafvirkjabraut
Burtfararprófi á húsasmiðabraut
Burtfararprófi á snyrtibraut
Sjúkraliðabraut
Stúdentsprófi
Starfsbraut

Æfing vegna skólaslitanna verður á fimmtudagskvöldið kl. 18:00 og þurfa allir útskriftarnemar að mæta.

Allir velunnarar skólans eru velkomnir á skólaslitin.

Skólameistari

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
www.fb.is


# Friðrik eins og Grísli í Bangsímon

Fulltrúar Íslands í Eurovision, þau Regína Ósk og Friðrik Ómar, ætla að taka stóra sviðið með trompi í Belgrad í kvöld. Um fátt hefur verið meira rætt en útlitsbreytingu íslensku keppendanna og hárgreiðslumaðurinn Nonni Quest sér mikla breytingu á söngfuglunum.

Fjölmiðlar hafa keppst um að flytja fréttir af „make-over" þeirra Friðriks og Regínu enda næsta víst að útlitið skiptir ekkert síður miklu máli en lagið. Fréttablaðið fékk hárgreiðslumeistarann Nonna Quest til að rýna í bæði gamlar og nýjar myndir af Eurobandinu og fara í gegnum ferlið; stig af stigi. „Það fyrsta sem maður sér er náttúrulega að þau hafa bæði lagt mikið af og þá sérstaklega Regína. Þau eru bæði útitekin með eindæmum og það stafar örugglega ekki af íslenska sólarljósinu heldur brúnkuklefunum vinsælu," segir Nonni eftir að hafa setið drykklanga stund yfir myndunum, pælt og spekúlerað. „Ég fór reyndar á RÚV-vefinn og kíkti á photo-sjoppaða útgáfuna og þar eru þau alveg skelfilega gervileg. Sem betur fer fór það útlit ekki með til Serbíu," heldur Nonni áfram.



MIKLAR BREYTINGAR Eins og sjá má á tiltölulega nýlegum myndum hafa Friðrik og Regína gengið í gegnum miklar útlitsbreytingar; hvíttun, brúnkuklefar og hárlitun.

Hárgreiðslumaðurinn er alveg sannfærður um að þau Friðrik og Regína hafi látið hvítta á sér tennurnar, tennurnar séu svo hvítar að þau gætu verið fyrirsætur í Colgate-auglýsingu. Nonni bendir reyndar á að aðgerð á borð við hvíttun njóti töluverðra vinsælda hjá fólki sem kemur opinberlega fram í sjónvarpi. „Þemað hjá þeim er þessi samsetning á svörtu og neonbleiku og sá stíll fer þeim mjög vel. Reyndar verð ég að viðurkenna að Friðrik, með fullri virðingu fyrir honum, minnir mig svolítið á Grísla í Bangsímon. Hann er svona bleikur og algjört krútt," útskýrir Nonni og leggur mikla áherslu á að samlíkingin sé alls ekki illa meint.



SÁTTUR Nonni telur þessar útlitsbreytingar vera vel heppnaðar þar til annað kemur í ljós. Svarti og neonbleiki liturinn fari þeim Friðriki og Regínu hins vegar ákaflega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Nonni segist sáttur við þessar útlitsbreytingar. Regína sé með ögn ljósara hár en undanfarið en Friðrik sé bara með hefðbundna herraklippingu með strípum. „Ég held að Eurovision eigi ákaflega vel við þau, þau er bleik og alveg þvottekta týpur í þetta. Eurovision-farar eru yfirleitt svona hressar týpur og undir þá skilgreiningu falla þau Friðrik og Regína. Þau virðast geta brostið í söng hvenær sem er eins og lífið sé einhver allsherjar söngvamynd." - fgg

Útsölumarkaður Noa Noa
hefst í dag í **Skeifunni 17**

**Þú tekur 3 flíkur en borgar aðeins fyrir 2**

**- á 40% afslætti!**

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

NOA NOA®

Ódýrasta flíkin fylgir með.

# Aðdáandi Charlies Chaplin

Stuttmynd Stefáns Friðriks Friðrikssonar, Yfirborð, var valin besta útskriftarmyndin hjá Kvikmyndaskóla Íslands fyrir skömmu. Myndin fjallar um leigubílstjóra og fjárfesti sem lenda í óvæntum aðstæðum á leið sinni til Ísafjarðar. Með aðalhlutverkin fara Ellert A. Ingimundarson og Friðrik Friðriksson.

Stefán Friðrik segir að tökur á myndinni hafi gengið vonum framar. „Við fengum tvo og hálfan dag til að taka upp og þetta gekk mjög vel miðað við það. Við þurftum að hafa hraðar hendur,“ segir hann og ber aðalleikurunum vel söguna. „Það var frábært að vinna með þeim. Þetta eru atvinnumenn fram í fingurgóma.“

Stefán mælir hiklaust með Kvikmyndaskólanum fyrir fólk sem vill læra grunnatriðin í kvikmyndagerð og ef það vill ná sér í sambönd við fólk úr bransanum. „Þetta er búinn að vera frábær tími og bekkurinn er búinn að vera eins konar fjölskylda í þessi tvö ár. Það er mikið búið að ganga á.“

Stefán, sem er mikill aðdáandi Charlies Chaplin, segir óljóst hvort hann helli sér núna út í kvikmyndabransann þrátt fyrir nýfengin verðlaun. „Ég ætla að reyna að fá mér vinnu í bransanum til að byrja með og sjá síðan hvað setur. Það er ekkert verið að auglýsa sérstaklega eftir leikstjórum en það væri gaman að leggja þetta fyrir sig.“ - fb



**STEFÁN FRIÐRIK FRIÐRIKSSON** Mynd Stefáns, Yfirborð, var valin besta útskriftarmyndin hjá Kvikmyndaskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tónleikar í Toronto

Rokksveitin goðsagnakennda Led Zeppelin ætlar að spila á fernum tónleikum í Toronto Skydome-höllinni í Kanada í ágúst. Kanadíska netsíðan Much Music telur sig hafa heimildir fyrir þessu.

Zeppelin, sem spilaði síðast á endurkomutónleikum í O2-höllinni í London í desember, hefur ekki staðfest fregnirnar. Á síðunni kemur fram að Zeppelin ætli ekki í tónleikferð um Bandaríkin eins og margir hafa haldið fram. Söngvarinn Robert Plant verður á tónleikaferð í sumar með Alison Krauss og hefur Zeppelin hingað til ekkert viljað tjá sig um hugsanlega tónleika í framtíðinni.



**LED ZEPPELIN** Fregnir herma að sveitin haldi ferna tónleika í Kanada í ágúst.

# Sumarvertíð tölvunörda

Fjöldi áhugaverðra tölvuleikja er á leiðinni hingað til lands í júní og ættu tölvuleikjaaðdáendur því að hafa nóg fyrir stafni í sumar.



**INDÍANA JONES LEGO** Ævintýrum Indíana Jones eru gerð góð skil í tölvuleiknum Lego Indiana Jones.

Fyrstur til leiks, eða 6. júní, mætir Lego Indiana Jones: The Original Adventures frá höfundum Lego Star Wars-leikjanna og viku síðar lætur græna skrímslið Hulk á sér kræla í leik sem er byggður á samnefndri kvikmynd sem er væntanleg í sumar.

Tveir leikir í viðbót byggðir á kvikmyndum eru væntanlegir: The Bourne Supremacy og Kung Fu Panda. Einnig má nefna leik byggðan á Ólympíuleikunum í Peking og partíleikinn Guitar Hero Aerosmith.

# Hugarástand hefst á ný

**Plötusnúðarnir Frímann og Arnar sameina krafta sína á ný eftir nokkurra ára hlé á skemmtistaðnum Tunglinu á föstudagskvöld. Ætla þeir að halda uppi góðri stemningu með blöndu af house- og teknó-tónum. Sérstaklega verður aukið við hljóðkerfi staðarins til þess að tónarnir skili sér örugglega í hlustir dansþyrstra.**

**Þáttur þeirra félaga, Hugarástand, hóf göngu sína á útvarpsstöðinni Skratz 94,3 árið 1994 og var við lýði í um fimm ár. Samhliða þættinum hófust klúbbakvöldin Hugarástand sem voru haldin á hinum ýmsu skemmtistöðum.**




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið





## > Óvissa um framtíð Brynjars Þórs

Það verður ekkert af því að KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson spili með High Point háskólanum en hann hafði skrifað undir fjögurra ára samning í maíbyrjun. Brynjar fékk símtal frá þjálfaranum þar sem að hann tilkynnti honum að skólinn samþykkti ekki samning Brynjars. Skólinn sagði umsóknarfrestinn liðinn og einnig höfðu þeir áður lokað á fjölmarga alþjóðlega nemendur sem sóttu um inngöngu. Brynjar er að skoða aðra möguleika og það gæti alveg farið svo að hann spilaði áfram með KR næsta vetur en hann ætlar sér að samræma skólann og körfuboltann.



**sport**

sport@frettabladid.is

**STEFÁN ÞÓR ÞÓRÐARSON:** ÁTTI EKKI VON Á ÞVÍ AÐ VERA VALINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ

# *Einn af fáum sem hafa aldrei tapað landsleik*

Það kom nokkuð á óvart að Stefán Þór Þórðarson skyldi hafa verið valinn í íslenska landsliðið á nýjan leik í gær. Skagamaðurinn Stefán hefur ekki verið í landsliðinu síðan árið 1999 er hann lék fimm landsleiki fyrir Íslands hönd. Þrátt fyrir að hafa leikið vel í Svíþjóð hlaut hann aldrei náð fyrir augum fyrrverandi þjálfara. Stefán játaði að kallið hefði komið sér á óvart.

„Ég væri að ljúga ef ég segðist hafa átt von á þessu. Ég játa það alveg fúslega að þetta kom mér þægilega á óvart," sagði Stefán og sagði vissulega svolítið sérstakt að komast aftur í landsliðið nú þegar hann væri kominn heim á nýjan leik.

„Ég ætlaði samt aldrei að vera einn af þessum atvinnumönnum sem koma heim til þess að deyja. Það var alveg ljóst," sagði Stefán sem eins og áður segir hefur ekki verið í hópnum síðan árið 1999. Það vita fáir að það boðar gott að hafa Stefán í landsliðinu.



„Ég er einn af fáum landsliðsmönnum sem státa af því að hafa aldrei tapað landsleik. Það er hlutur sem ég hef alltaf verið stoltur af," sagði Stefán en einn af leikjunum fimm sem hann tók þátt í var jafnteflisleikurinn frægi gegn nýkrýndum heimsmeisturum Frakka.

Stefán segir annars gott að vera kominn heim og honum líkar lífið vel á Akranesi. „Það er mjög gaman að spila með ÍA og ég hlakka gríðarlega til hvers leiks. Ég reyni að njóta hvers leiks til fullnustu og legg mig alltaf fram af öllum krafti," sagði Stefán. Hann hefur þó ekki haft úr miklu að moða það sem af er en hann segir leik liðsins hafa batnað gegn Fram þegar ÍA fór í að spila 4-3-3.

„Það voru mikil batamerki á sóknarleik okkar. Miðjuspilið miklu betra og fleiri sendingar í teiginn. Þetta var talsvert betra," sagði Stefán en er hann sáttur við eigin frammistöðu?

„Svona ágætlega. Það hefur verið stígandi í þessu hjá mér og leikurinn gegn Fram sá skásti," sagði Stefán að lokum.



**AÐ STANDA SIG VEL** Jóhann Berg Guðmundsson hefur spilað vel með Blikum í upphafi sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðustu tíu leikir Breiðabliks:

## Aðeins undir í fimm mínútur

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann langþráðan sigur í Landsbankadeildinni á þriðjudagskvöldið þegar liðið sótti þrjú stig í Vesturbæinn.

Þetta var fyrsti sigur liðsins í sumar eftir jafntefli í fyrstu tveimur umferðunum. Blikar hafa nú aðeins verið undir í samtals fimm mínútur af síðustu 900 mínútunum sem liðið hefur spilað í Landsbankadeildinni.

Blikar lentu undir á móti Val í 13. umferð í fyrra en voru búnir að jafna eftir tvær mínútur. Í 1-2 tapi á Skaganum tveimur umferðum síðar þá skoruðu Skagamenn sigurmark sitt tveimur mínútum fyrir leikslok sem var eina skiptið sem ÍA var yfir í leiknum. Í lokaumferðinni í fyrra komust Framarar síðan í 1-0 en Blikar jöfnuðu strax mínútu síðar.

Eftir þrjár umferðir á þessu tímabili þá hafa Blikar aldrei lent undir, þeir hafa verið yfir í 132 mínútur og leikir þeirra hafa verið jafnir í 128 mínútur. - óój

**SÍÐUSTU 10 LEIKIR BLIKA**

| | |
|---|---|
| Sigrar | 3 |
| Jafntefli | 6 |
| Töp | 1 |
| Stig fengin | 15 (af 30) |
| Blikar yfir í leikjunum | 398 mínútur |
| Blikar undir í leikjunum | 5 mínútur |
| Jafnt í leikjunum | 487 mínútur |

Keflavík með 9 stig eftir 3 leiki:

## Gerðist síðast fyrir 11 árum

**FÓTBOLTI Keflvíkingar hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína í Landsbankadeildinni og sitja við hlið Fjölnis í toppsætinu.**

**Þetta er í fyrsta sinn í ellefu ár sem Keflavíkurliðið nær að vinna þrjá fyrstu leiki sína en það gerðist síðast sumarið 1997 þegar liðið vann sex fyrstu leiki tímabilsins.**

**Keflavík hefur þrisvar sinnum áður náð að vinna tvo fyrstu leiki sína frá 1997 en í öll þrjú skiptin mistókst liðinu að vinna þrjá leikinn.**

**Það stefndi í það einnig núna en tvö mörk á lokamínútunum tryggði 2-1 útisigur á HK og bestu byrjun liðsins í heil ellefu ár.** - óój

# Sigurður sækir til sigurs í Serbíu

Íslensku A-landsliðin voru kynnt í gær. Kvennaliðið leikur gegn Serbíu í undankeppni EM en karlarnir vináttuleik við Wales. Tólf leikmenn karlaliðsins hafa leikið minna en tíu leiki. Þóra Helgadóttir var valin á ný.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið á erfitt ferðalag til Serbíu fyrir höndum. Ísland lagði Serba 5-0 síðasta sumar en Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir að lið þeirra sé mikið breytt.

„Við ætlum að sækja til sigurs. Þær pökkuðu í vörn gegn Frökkum og ég býst við því sama af þeim núna.Við þurfum að vinna. Við munum halda okkar skipulagi og spila eins og við höfum verið að spila. Ég sé ekki ástæðu til að breyta því," sagði Sigurður. Landsliðið hefur leikið alls sex vináttuleiki undanfarið, fyrst á Algarve í Portúgal og síðan í Finnlandi, en liðið tapaði ekki leik í undirbúningnum.

Þóra B. Helgadóttir tilkynnti í upphafi árs að hún væri hætt að leika með landsliðinu. Hún hefur þó ákveðið að gefa kost á sér á nýju en Guðbjörg Gunnarsdóttir mun ekki leika knattspyrnu á næstunni vegna meiðsla.

„Það er allt í góðu á milli okkar Þóru. Hún hringdi í mig í vikunni og gaf kost á sér og sagði að hana langaði til að taka þátt í þessu með okkur. Ég fagna því enda ekkert nema jákvætt að geta valið úr okkar bestu leikmönnum. Hún styrkir okkur mikið," sagði Sigurður sem lýsir árinu sem mest spennandi ári í sögu kvennaknattspyrnunnar á Íslandi.

Ísland þarf enn tíu stig til að komast á EM sem er yfirlýst markmið landsliðsins. „Það er til mikils að vinna og ef við sigrum í Serbíu erum við að búa til mjög spennandi leiki hérna heima," sagði Sigurður.

Kvennalandsliðið kemur saman um helgina og fer utan á mánudag. Leikið er á miðvikudag. Næstu leikir Íslands eru svo gegn Slóvenum og Grikkjum á Laugardalsvelli í júní.




**LANDSLIÐSÞJÁLFARAR** Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson kynntu landslið sín saman í höfuðstöðvum KSÍ í gær. Til vinstri við Ólaf er Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

### Tólf menn undir tíu landsleikjum

Ólafur Jóhannesson fer með nokkuð reynslulítið lið í vináttuleikinn gegn Wales á miðvikudaginn. Tólf leikmenn hafa leikið tíu landsleiki eða minna og einn nýliði er í hópnum, Arnór Smárason. Ólafur vildi velja bæði Stefán Gíslason og Eið Smára Guðjohnsen í liðið en Stefán er meiddur og Barcelona vildi ekki hleypa Eiði í leikinn. Ekki er um alþjóðlegan landsleikjadag að ræða.

„Það er erfitt að svara því beint hvort þetta sé sterkasti hópurinn sem völ er á. Ég er líka í því að skoða leikmenn. Það eru margir leikmenn sem myndu sóma sér vel í landsliðinu en ég þarf að skoða þetta og til þess eru þessir vináttuleikir. Ég er að leita að kjarnanum sem ég vil fara með í aðalleikina sem er um 25 leikmenn," sagði Ólafur.

Eiður Smári gekk hart að forráðamönnum Barcelona til að fá sig lausan sem og KSÍ en allt kom fyrir ekki. „Það er mjög slæmt að vera án Eiðs. Við lögðum mikla áherslu á að fá hann."

Ólafur lagði strax áherslu á þegar hann varð landsliðsþjálfari að nýta tímann vel. Hann gerði með sér samkomulag við KSÍ um að spila eins marga leiki og mögulegt væri, á öllum alþjóðlegum leikdögum og helst fleiri til. Karlalandsliðið hefur nú spilað fimm vináttuleiki á skömmum tíma. „Ef við fáum ekki þessa leiki þá vitum við ekkert hvað við erum að gera. Við þurfum að kynnast mönnum og kynna fyrir þeim hvað við viljum gera," sagði landsliðsþjálfarinn Ólafur. hjalti@frettabladid.is

**KVENNALANDSLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Sandra Sigurðardóttir | (Stjarnan) |
| Þóra B. Helgadóttir | (Anderlecht) |
| Ásta Árnadóttir | (Valur) |
| Dóra María Lárusdóttir | (Valur) |
| Dóra Stefánsdóttir | (FC Malmö) |
| Edda Garðarsdóttir | (KR) |
| Embla Grétarsdóttir | (KR) |
| Erla Steina Arnardóttir | (Kristianstad) |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | (Breiðablik) |
| Guðrún Sóley Gunnarsdóttir | (KR) |
| Hallbera Gísladóttir | (Valur) |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | (KR) |
| Katrín Jónsdóttir | (Valur) |
| Katrín Ómarsdóttir | (KR) |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | (Valur) |
| Ólína Viðarsdóttir | (KR) |
| Rakel Hönnudóttir | (Þór) |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | (Stjarnan) |

*Valur og KR eiga hvort um sig fimm leikmenn í hópnum. Þrír leikmenn spila erlendis.*

**KARLALANDSLIÐIÐ**

| | |
|---|---|
| Kjartan Sturluson | (Valur) |
| Fjalar Þorgeirsson | (Fylkir) |
| Arnór Smárason | (Heerenveen) |
| Aron Einar Gunnarsson | (AZ Alkmaar) |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | (Valur) |
| Eggert Gunnþór Einarsson | (Hearts) |
| Emil Hallfreðsson | (Reggina) |
| Grétar Rafn Steinsson | (Bolton) |
| Gunnar H. Þorvaldsson | (Vålerenga) |
| Hannes Þ. Sigurðsson | (Sundsvall) |
| Helgi Valur Daníelsson | (Elfsborg) |
| Hermann Hreiðarsson | (Portsmouth) |
| Jónas Guðni Sævarsson | (KR) |
| Kristján Örn Sigurðsson | (Brann) |
| Pálmi Rafn Pálmason | (Valur) |
| Ragnar Sigurðsson | (IFK Gautaborg) |
| Stefán Þórðarson | (ÍA) |
| Theodór Elmar Bjarnason | (Lyn) |

*Fimm leikmenn spila á Íslandi og alls hafa tólf leikmenn spilað færri en tíu landsleiki. Aðeins Hermann, Kristján Örn og Grétar Rafn hafa leikið yfir tuttugu landsleiki.*

Guðmundur Guðmundsson valdi sautján manna hóp fyrir ferð landsliðsins til Spánar um helgina:

# Erfið dagskrá fram undan hjá íslenska landsliðinu

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær þá sautján leikmenn sem hann tekur með sér til Spánar en liðið hélt utan í morgun og mun leika æfingaleiki við Spánverja á laugardag og sunnudag. Guðmundur valdi upprunalega 23 manna leikmannahóp fyrir verkefnin tvö sem eru fram undan. Út detta núna þeir Ólafur Gíslason markvörður sem og útileikmennirnir Guðlaugur Arnarsson, Rúnar Kárason og Andri Stefan. Logi Geirsson er svo úr leik vegna meiðsla og svo er óvissa með þátttöku Sverre Jakobssonar en hann er staddur í Þýskalandi ásamt unnustu sinni og þau eiga von á barni.

Guðmundur sagði í útvarpsþættinum Skjálfanda í gær að þessi hópur væri ekki endilega sá hópur sem hann tæki með í forkeppni Ólympíuleikanna sem fram fer aðra helgi í Póllandi.

Undirbúningurinn er ekki auðveldur fyrir Guðmund, sem hefur verið án þeirra Snorra Steins Guðjónssonar, Arnórs Atlasonar og Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar í vikunni þar sem þeir voru enn að spila í Danmörku. Vignir Svavarsson hefur verið í meðferð en er að koma til, Alexander er slappur í ökklunum en verður vonandi í lagi og svo er Sverre fjarstaddur eins og áður segir.

Ferðin í dag er fyrsti leggur í löngu ferðalagi landsliðsins en það fer frá Spáni á mánudag yfir til Magdeburg í Þýskalandi. Þaðan verður svo ekið yfir til Póllands á fimmtudag í næstu viku og haldið aftur til Magdeburg á mánudeginum. Þar verður liðið út vikuna áður en það heldur til Makedóníu. - hbg

**ÍSLENSKI HÓPURINN**

| | |
|---|---|
| Birkir Ívar Guðmundsson | (Lübbecke) |
| Björgvin Páll Gústavsson | (Fram) |
| Hreiðar L. Guðmundsson | (Savehof) |
| Alexander Petterson | (Flensburg) |
| Arnór Atlason | (FC Köbenhavn) |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | (GOG) |
| Bjarni Fritzson | (St. Raphael) |
| Einar Hólmgeirsson | (Flensburg) |
| Guðjón V. Sigurðsson | (Gummersbach) |
| Hannes Jón Jónsson | (Fredrecia) |
| Ingimundur Ingimundarson | (Elverum) |
| Ólafur Stefánsson | (Ciudad Real) |
| Róbert Gunnarsson | (Gummersbach) |
| Sigfús Sigurðsson | (Ademar Leon) |
| Snorri Steinn Guðjónsson | (GOG) |
| Sturla Ásgeirsson | (Århus GF) |
| Vignir Svavarsson | (Skjern) |



**HRESSIR** Ólafur Stefánsson og Guðmundur landsliðsþjálfari voru í góðum gír á landsliðsæfingu í Framheimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SUMAR
TILBOÐ
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI
LANDSINS MESTA ÚRVAL
EEE PC
NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP
VERÐ FRÁ
29.900
HVERGI BETRA VERÐ!
500GB
HARÐDISKUR
Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer
32MB BUFFER SATA2 NCQ
9.990
SERIAL ATA 3 Gb/s
500GB
FLAKKARI
500GB flakkari með 32MB buffer og eSATA&USB2 tengjum
32MB BUFFER SATA2 NCQ
14.900
500GB
SPILARI
Frábær margmiðlunar-spilari með 720P Upscaling ofl. ofl.
19.900
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Manchester meistari eftir vítakeppni

**John Terry, fyrirliði Chelsea, skaut í stöng úr síðustu vítaspyrnunni þegar hann gat tryggt sínu liði Evrópubikarinn í fyrsta sinn og Edwin Van der Sar tryggði síðan Manchester United sigurinn í Meistaradeildinni með því að verja víti frá Nicholas Anelka.**

**FÓTBOLTI** Manchester United varð Evrópumeistari Meistaraliða í þriðja sinn eftir sigur á Chelsea í framlengdri vítakeppni á Luzhniki-vellinum í Moskvu í gær. Leikurinn var skemmtilegur og vel leikinn og í lokin fór fram ein dramatískasta vítaspyrnukeppni í manna minnum.

### Stutt á milli fyrir Terry

Það er oft stutt á milli þess að vera hetja og skúrkur. Því fékk John Terry að kynnast í vítaspyrnukeppni í úrslitaleik Meistaradeild Evrópu í gærkvöldi.

Þegar Terry fór á vítapunktinn til þess að taka fimmtu vítaspyrnu Chelsea þá gat hann tryggt Chelsea fyrsta sigurinn í Meistaradeildinni þar sem að Petr Cech hafði áður varið vítaspyrnu frá gulldrengnum Cristiano Ronaldo.

En Terry rann til og skaut í stöng og það þurfti að fara í bráðabana sem endaði með því að Edwin Van der Sar varði vítaspyrnu Nicholas Anelka og tryggði United tvennuna.

### Chelsea án titils á tímabilinu

Chelsea endaði þar með titlalaust á þessu tímabili en þurfti að horfa á erkifjendur sína í Manchester United taka báða stóru titlana með minnsta mun.

Cristiano Ronaldo kom Manchester United yfir með frábæru skallamarki eftir að Wes Brown og Paul Scholes höfðu leikið laglega saman á hægri kantinum og Brown síðan sent fallega fyrirgjöf á fjærstöngina.

Peter Cech varði stórkostlega í tvígang á 35. mínútu þegar United-menn náðu laglegri sókn. Fyrst varði hann skalla frá Carlos Tevez af stuttu færi og svo aftur þegar Michael Carrick átti skot utan teigs eftir að Chelsea mistókst að hreinsa almennilega frá.

Manchester United fékk á þessum kafla hvert tækifærið á fætur öðru en leikmönnum liðsins tókst ekki að bæta við mörkum sem átti eftir að koma þeim fljótlega í koll.

Chelsea-mönnum óx ásmegin þegar leið á hálfleikinn og náðu upp ágætri pressu undir lok hans. Frank Lampard hafði þó heppnina með sér þegar hann náði að jafna leikinn en boltinn datt þá fyrir hann á vítateignum eftir að skot Michaels Essien hafði farið í báða miðverði Manchester-liðsins. Chelsea var komið aftur inn í leikinn.

### Chelsea með skot í stöng og slá

Eftir að Manchester menn höfðu haft tögl og haldir mestan hluta fyrri hálfleiks þó komu Chelsea-menn mjög grimmir inn í seinni hálfleik.

Hvað eftir annað átti Chelsea hættuleg skot en engin hittu markið eða ekki fyrr en að skot Didier Drogba hafnaði í utanverðri stönginni.

Þegar fór að líða á hálfleikinn þá jafnaðist leikurinn aftur og fljótlega varð ljóst að bæði lið voru farin að horfa til framlengingar og ætluðu ekki að taka neina áhættu.

Fyrsta skipting leiksins kom ekki fyrr en á 87. mínútu en hún var söguleg því um leið og Ryan Giggs kom inn á fyrir Paul Scholes þá varð hann leikjahæsti leikmaður Manchester frá upphafi.

Avram Grant, þjálfari Chelsea, setti Salomon Kalou inn á í upphafi framlengingarinnar og skömmu síðar náði Chelsea upp góðri sókn sem endaði með því að Frank Lampard sneri sér í teignum og átti skot í slána. Michael Ballack átti flotta sendingu en Lampard hafði ekki heppnina með sér.

### Dauðafæri hjá Ryan Giggs

Bæði lið voru að ógna í framlengingunni og á 100. mínútu fékk Ryan Giggs frábært færi til þess að halda upp á daginn en John Terry náði að bjarga skoti hans á marklínu.

Ryan Giggs fékk frábæra sendingu frá Patrice Evra en afgreiðslan var alls ekki nægilega góð og ólíkt Walesnbúanum frábæra að missa einbeitingu á svona úrslitastundu.

Það varð reyndar allt vitlaust í lok seinni hluta framlengingarinnar sem endaði með því að Didier Drogba var rekinn út af fyrir að slá til Nemanja Vidic. Chelsea varð því án einnar af sinni bestu vítaskyttu í vítaspyrnukeppninni.

Vítaspyrnukeppnin bauð síðan upp á mikla dramatík eins og áður er lýst en á endanum hafði Sir Alex Ferguson og lærisveinar hans í Manchester United haldið upp á 40 ára afmæli fyrsta sigursins í Evrópukeppninni árið 1968 með því að færa félaginu Evrópubikarinn í þriðja sinn.

ooj@frettabladid.is







**ÚRSLITIN RÁÐAST** Edwin Van der Sar var hetja United í gær. Til vinstri fagnar hann klúðri John Terry og hér fyrir ofan ver hann lokaspyrnu Nicholas Anelka. NORDICPHOTOS/GETTY

## VÍTAKEPPNIN

| MAN UTD. CHELSEA | 6-5 |
|---|---|
| **1-0 Carlos Tevez, Man. Utd** | **mark** |
| 1-1 Michael Ballack, Chelsea | mark |
| **2-1 Michael Carrick, Man. Utd** | **mark** |
| 2-2 Juliano Belletti, Chelsea | mark |
| **Cristiano Ronaldo, Man. Utd** | **varið** |
| 2-3 Frank Lmapard, Chelsea | mark |
| **3-3 Owen Hardgraves, Man. Utd** | **mark** |
| 3-4 Ashley Cole, Chelsea | mark |
| **4-4 Nani, Man. Utd** | **mark** |
| John Terry, Chelsea | stöng |
| **BRÁÐABANI** | |
| **5-4 Anderson, Man. Utd** | **mark** |
| 5-5 Salomon Kalou, Chelsea | mark |
| **6-5 Ryan Giggs, Man. Utd** | **mark** |
| Nicholas Anelka, Chelsea | varið |

## MAN. UTD 1-1 CHELSEA

*1-o Cristiano Ronaldo (26.)*
*1-1 Frank Lampard (45.)*
*Man. United vann 6-5 í framlengdri vítakeppni.*

Luzhniki-völlurinn í Moskvu, áhorf.: xxx
Lubos Michel, Slóvakíu.

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–24 (5–3) |
| Varin skot | Van der Sar 1 – Cech 4 |
| Horn | 5–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 25–22 |
| Rangstöður | 1–2 |
| Hlutfall tíma með boltann | 58%–42% |

**Man. Utd 4–4–2** Edwin Van der Sar - Wes Brown (120. Anderson), Rio Ferdinand, Nemanja Vidic, Patrice Evra - Owen Hardgreaves, Paul Scholes (87. Ryan Giggs) , Michael Carrick, Cristiano Ronaldo - Wayne Rooney (101., Nani), Carlos Tevez

**Chelsea 4–3–3** Petr Cech - Michael Essien Ricardo Carvalho, John Terry, Ashley Cole - Claude Makelele (120. Juliano Belletti) , Michael Ballack, Frank Lampard -Joe Cole (99., Nicholas Anelka), Didier Drogba, Florent Malouda (92. Salomon Kalou).

**Gul spjöld:** Paul Scholes (21.), Rio Ferdinand (43.), Nemanja Vidic (112.), Carlos Tévez (116.) - Claude Makelele (21.), Ricardo Carvalho (45.+2), Michael Ballack (116.) **Rauð spjöld:** Didier Drogba (116.)


**Knattspyrnudeild Þróttar**

**auglýsir eftir aðstoðarþjálfurum í 4. 5. og 6.flokk karla í knattpyrnu sumarið 2008.**

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn í að aðstoða í flokkunum og leggja sitt af mörkum til að efla þessa flokka hjá félaginu og vinna skv. stefnu félagsins.
Viðkomandi verður að geta hafið störf sem allra fyrst.
Tekið verður við umsóknum til mánudags 26.maí á netfanginu eysteinn@trottur.is.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Eysteinn Íþróttafulltrúi Þróttar í síma 690-0642.**




**MET** Ryan Giggs býr sig undir að fara inn á völlinn í sínum 759. leik fyrir Manchester United. Sir Alex Ferguson fylgist með úr fjarlægð. NORDICPHOTOS/GETTY

## FLESTIR LEIKIR FYRIR MANCHESTER UNITED

| | |
|---|---|
| 759 | Ryan Giggs 1990 - |
| 758 | Bobby Charlton 1956 – 1973 |
| 688 | Bill Foulkes 1952 – 1970 |
| 569 | Paul Scholes 1994 - … |
| 541 | Gary Neville 1992 - … |
| 539 | Alex Stepney 1966 – 1978 |
| 535 | Tony Dunne 1960 – 1973 |
| 529 | Denis Irwin 1990 – 2002 |
| 510 | Joe Spence 1919 – 1933 |
| 485 | Arthur Albiston 1974 – 1988 |



**1-0** Cristiano Ronaldo kemur hér Manchester yfir í leiknum með glæsilegum skalla. Þetta var 42. mark hans á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

## TJALDMARKAÐUR

## Nýjar vörur komnar í hús

Aðeins tvö Verð!

99,-

499,-

Barnafatnaður, dömufatnaður og herrafatnaður í ótrúlegu úrvali.

Buxur í öllum stærðum og gerðum og bolir. Mikið úrval af stígvélum, skóm, nærfatnaði og sokkum!

Nýtt korta-tímabil

Opnunartími frá 11 - 18

FAXAFENI 10

S. 534 4450

## > Mel Gibson



Gibson leikstýrði og skrifaði handritið að The Passion of the Christ sem þykir umdeild mynd. Gibson er kaþólskur og á sjö börn, öll með konunni sem hann hefur verið giftur í 28 ár. Gibson leikur í myndinni The Singing Detective sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ KALKÚN HLJÓTA SÖMU ÖRLÖG OG SILVÍA NÓTT

# *Eurovision vill ekki dónaskap*

Írski kalkúnninn Dustin hlaut sömu örlög í undankeppni Eurovision og Silvía Nótt hér um árið. Hvorugt þeirra komst áfram í úrslitin auk þess sem baulað var hressilega á þau er þau stigu af sviðinu.

Hvort Dustin hverfi jafnsnögglega af yfirborðinu og Silvía gerði hér á landi eftir Eurovision á aftur á móti eftir að koma í ljós. Þessar viðtökur sem þau fengu gefa sterklega til kynna að grínatriði með kjaftforum og ofurhreinskilnum dónum eiga ekki upp á pallborðið í keppninni. Eflaust hefði Tony Clifton, hin óþolandi persóna grínistans Andys Kaufman, fengi sömu útreið ef hún hefði einhvern tímann fengið að taka þátt í Eurovision.

Persónur eins og Dustin og Silvía þurfa langan aðlögunartíma ef grínið á mögulega að virka og hann hafa þær bara ekki í Eurovision. Keppnin er og hefur alltaf verið yfirborðskennd þar sem umbúðirnar skipta mestu máli. Um leið og keppendur mæta þangað með einhverja stæla í farteskinu móðgast fólk og lokar einfaldlega eyrunum.

Annars var fjölbreytnin það besta við fyrra undanúrslitakvöldið ásamt því að bæði Norðmenn og Finnar komust áfram. Það þýðir væntanlega fleiri stig fyrir okkur ef við náum loksins í úrslitin.



**SILVÍA NÓTT** Lítið hefur heyrst til Silvíu eftir að hún var bauluð af sviðinu í Eurovision.



**DUSTIN** Írski kalkúninn komst ekki áfram í úrslitin þrátt fyrir góða tilburði.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Skífulistinn
STÖÐ2 EXTRA



▶ **20.00** Everybody Hates Chris
SKJÁREINN



▶ **20.00** F1 Við rásmarkið
STÖÐ2 SPORT



▶ **20.45** Notes From the Underbelly
STÖÐ2



▶ **21.00** Skyndiréttir Nigellu
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Leiðarljós**

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 Litli draugurinn Laban** Sænskar teiknimyndir byggðar á vinsælli barnabók eftir Inger og Lasse Sandberg.

**17.25 Krakkar á ferð og flugi**

**17.50 EM 2008** Upphitunarþáttur fyrir EM í fótbolta í Sviss og Austurríki, sem hefst 7. júní. Í þáttunum er skyggnst bak við tjöldin, liðin og leikstaðirnir kynntir sem og rifjuð upp skemmtileg atvik úr fyrri keppnum.

**18.20 Fréttir**

**18.50 Veður**

**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 - Forkeppni** Bein útsending frá seinni undanriðlinum í Belgrað. Íslendingar eru fyrstir á svið. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.

▶**21.00 Skyndiréttir Nigellu** Nigella Lawson sýnir hvernig matreiða má girnilega rétti með hraði og lítilli fyrirhöfn.

**21.30 Trúður** Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Fé og freistingar** Bandarísk þáttaröð um ungan mann sem tekur við af pabba sínum sem lögmaður auðugrar fjölskyldu í New York.

**23.10 Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni** Sýnt verður stutt skemmtiatriði sem flutt var í auglýsingahléi í söngvakeppninni fyrr í kvöld.

**23.20 Draugasveitin** Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.

**00.10 EM 2008**

## BÍÓ

**06.00 The Singing Detective**

**08.00 Kicking and Screaming**

**10.00 The Holiday**

**12.15 FJÖLSKYLDUBÍÓ. Robots**

**14.00 Kicking and Screaming**

**16.00 The Holiday**

**18.15 Robots** Skemmtileg tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna.

**20.00 The Singing Detective** Gamansöm söngvamynd.

**22.00 Palindromes**

**00.00 Tristan + Isolde**

**02.05 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse**

**04.00 Palindromes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Homefront**

**10.55 Matur og lífsstíll**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Wings of Love**

**13.55 Wings of Love**

**14.40 Amazing Race**

**15.25 Eldsnöggt með Jóa Fel**

**15.55 Tutenstein**

**16.18 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.43 Nornafélagið**

**17.08 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends**

**20.20 The New Adventures of Old Christine**

▶**20.45 Notes From the Underbelly** Andrew og Lauren eru farin að velta því fyrir sér hvort þau eigi að fjölga mannkyninu. Vandinn er bara sá að þau geta ekki ákveðið sig og það er lítil hjálp í þeirra nánustu.

**21.10 Bones** Bones Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu.

**21.55 Moonlight** (1.16) Nýr, rómantískur spennuþáttur með yfirnáttúrulega ívafi sem frumsýndur var í Bandaríkjunum fyrr í vetur.

**22.40 ReGenesis** Hörkuspennandi þættir sem fjalla um störf sérdeildar innan lögreglunnar í Toronto.

**23.30 9 1/2 Weeks**

**01.25 Cold Case**

**02.10 Big Shots**

**02.55 Flight of the Phoenix**

**04.45 Saved**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1** Bein útsending frá æfingum í Mónakó.

**09.30Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Chelsea leikur frá því í gær.

**11.25 Meistaradeildin - Meistaramörk**

**11.55 Formúla 1** Sýnt frá æfingum í Mónakó.

**16.30 Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Chelsea.

**18.20 Meistaradeildin - Meistaramörk**

**18.40 PGA Tour 2008 -** Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.35 Inside the PGA** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.

▶**20.00 F1 Við rásmarkið** Hitað upp fyrir keppnina í Mónakó. Sérfræðingar og og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.40 Sterkasti maður í heimi 1985** Þáttur um keppnina Sterkasti maður heims árið 1985. Jón Páll Sigmarsson tók í fyrsta sinn þátt í keppninni árið 1983 og er þegar þarna er komið við sögu orðin stórstjarna í aflraunum eftir að hafa sigrað árið 1984.

**21.40 Meistaradeild Evrópu** Man. Utd - Chelsea leikur frá því í gær.

**23.30 Meistaradeildin - Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd.

**19.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.30 EM 2008 - Upphitun** Þýskaland - Austurríki. Frábærir þættir þar sem liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt til leiks.

**20.00 EM 2008 - Upphitun** Króatía - Pólland

**20.30 PL Classic Matches Bestu** leikir úrvalsdeildarinnar West Ham - Bradford, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.00 PL Classic Matches** Leeds - Liverpool, 00/01.

**22.30 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**23.30 Coca Cola-mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar.

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.20 Vörutorg**

**17.20 How to Look Good Naked** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Innlit / útlit** (e)

**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

▶**20.00 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Tasha hættir með kærastanum og fær Chris til að hlaupa í skarðið og fylgja sér í mannfagnað. Það reynist þó flóknara en það virtist í fyrstu.

**20.30 The Office** Bandarísk gamansería. Phyllis verður fyrir barðinu á flassara og allir á skrifstofunni eru í uppnámi. Michael ákveður að fara með stelpurnar í verslunarleiðangur þar sem hann tekur stórar persónulegar ákvarðanir. Á meðan reynir Dwight að hafa hendur í hári öfuguggans.

**21.00 Jekyll** (3:6) Þáttaröð frá BBC þar sem hin klassíska saga um doktor Jekyll og herra Hyde er sett í nútímabúning. Tom reynir að komast að sannleikanum um uppruna sinn og hverjir eru að fylgjast með honum.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York. Bræður úr auðugri fjölskyldu eru myrtir og grunur leikur á að morðinginn sé fjölskyldumeðlimur.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (e)

**00.20 Cane** (e)

**01.10 C.S.I.**

**01.50 Vörutorg**

**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




Rúnar og Heiða í Nikita
Kjósa að vinna meira og tala minna




Allt sem þú þarft... ...alla daga

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL 21.55
### Moonlight - NÝTT

Nýr rómantískur spennuþáttur með yfirnáttúrulega ívafi sem frumsýndur var í Bandaríkjunum fyrr í vetur. Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírur standa fyrir með því að nota yfirnáttúrulega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu. Og þótt líf hans sé flóknara en hjá öðrum flækist það ennþá meira þegar hann fellur flatur fyrir einum skjólstæðingi sínum og úr verður ást sem aldrei getur blómstrað.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 – seinni forkeppni
### SJÓNVARPIÐ kl. 19.00

Það er komið að seinni undanriðli sem sýndur er beint frá Belgrad kl. 19. Nítján þjóðir keppa en aðeins tíu komast áfram í aðalkeppnina sem verður á laugardaginn. Íslendingar eru fyrstir á svið. Kynnir er Sigmar Guðmundsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Lesarinn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Söngvaleikurinnn Allra meina bót
**23.10** Krossgötur
**00.50** Veðurfregnir
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Talk Show With Spike Feresten** Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpsons. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**18.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** Jerry Seinfeld er farsæll uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á fáránlegum tiltækjum.
**20.30 Talk Show With Spike Feresten**
▶ **21.00 Skífulistinn**
**22.00 Grey's Anatomy** Fjórða sería þessa vinsæla þáttar.
**22.45 Medium**
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson og heimastjórn stöðvarinnar skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson, formaður Jafnréttindafélags Íslands, ræðir um þau þjóðmál sem efst eru á baugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet **11.25** Vestlandets flotteste friluftsområde **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Ønskehaven **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Væddemålet **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Hammerslag **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi **21.00** Anklaget **21.40** Fart på karrieren **22.40** Naruto Uncut

## NRK 1

**7.15** I kveld **7.45** Forbrukerinspektørene **8.10** Redaksjon EN **8.40** Hagen i Hune **9.10** Naboer **9.35** Naboer **10.00** NRK nyheter **10.10** Migrapolis: En nabo til besvær **10.40** Telefontider **11.35** 'Allo, 'Allo! **12.05** Landsbylegane **13.00** Giro d'Italia direkte: 12. etappe **15.25** Oddasat - Nyheter på samisk **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bjørnen i det blå huset **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Höök **20.30** Omid Djalilishow **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tout sur ma mère **22.50** Spooks **23.45** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**8.55** Banderoll **9.10** Banderoll - debatt **9.25** Katten, musen, tiotusen - sydkurdiska **9.35** Bibliska berättelser - spanska **10.00** Rapport **10.05** Lantz i P4 **10.35** Var fan är mitt band? **12.40** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sofia Karlsson **15.55** Anslagstavlan **16.00** Bolibompa **16.20** Dagens visa **16.25** Simskola **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Eurovision Song Contest - semifinal 2 **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Uppdrag Granskning **22.25** Sändningar från SVT24




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér alltaf hafragraut með lífrænu kókosmjöli, kanil, rúsínum og einni skeið af hunangi.“*

Védís Hervör Árnadóttir söngkona.

# Brynhildur fær limmu en ekki þyrlu

„Við vorum aðeins forsjálli núna en í fyrra og verðum því ekki með sýningu kvöldið sem Gríman verður afhent. Brynhildur fær því ekki þyrlu en kannski að við splæsum í limmu handa henni þótt það sé eflaust óþarfi enda býr hún við hliðina á Þjóðleikhúsinu,“ segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Landnámssetursins. Sýning Brynhildar og eiginmanns hennar, Atla Rafns Sigurðssonar, Brák, hlaut þrjár tilnefningar til Grímunnar en þetta er annað árið í röð sem sýning frá setrinu í Borgarnesi hlýtur náð fyrir augum valnefndarinnar. Í fyrra fékk Benedikt Erlingsson einnig þrjár tilnefningar fyrir sýningu sína, Mr. Skallagrímsson, og kom heim í heiðardalinn með tvær; besti leikari og besta handrit.

Sigríður segir þau á Landnámssetrinu að vonum ákaflega ánægð með þessa miklu viðurkenningu. „Við ætlum ekkert að fagna of snemma og það er bara mikill heiður fyrir þetta leikhús að hljóta þessar tilnefningar,“ segir Sigríður en bætti því við að vonandi væri Söguleikhúsið í Borgarnesi nú búið að festa sig í sessi sem framtíðarleikhús. Sigríður upplýsti að bæði Brynhildur og Benedikt yrðu með sínar sýningar áfram næsta ár og því væri kannski ekki mikið pláss fyrir nýjar sýningar. „En fólk er að sjálfsögðu velkomið að koma með sínar hugmyndir til okkar. Við tökum alltaf vel á móti spennandi hugmyndum,“ segir Sigríður.

- fgg





**VINSÆL** Sýning Benedikts, Mr. Skallagrímsson, fékk tvær Grímur í fyrra. Brák Brynhildar Guðjónsdóttur er tilnefnd til þriggja.



**LÁRÉTT**
**2.** þvottaefni, **6.** ryk, **8.** segi upp, **9.** fugl, **11.** guð, **12.** miklu, **14.** þrætur, **16.** óð, **17.** af, **18.** auð, **20.** persónufornafn, **21.** málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík, **3.** tímaeining, **4.** ávaxtatré, **5.** keyra, **7.** andstaða, **10.** svörður, **13.** rangl, **15.** rótartauga, **16.** frændbálkur, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** sápa, **6.** ím, **8.** rek, **9.** lóm, **11.** ra, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ær, **17.** frá, **18.** tóm, **20.** ég, **21.** tina.
**LÓÐRÉTT:** **1.** pils, **3.** ár, **4.** perutré, **5.** aka, **7.** mótþrói, **10.** mór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** ætt, **19.** mn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Gunnar Bergmann Jónsson.
2. Ísland.
3. Arnór Atlason.












**SÖNGSTJARNA:** HÆTT KOMIN OG ÞRJÁ SÓLARHRINGA Á SJÚKRAHÚSI

# Jóhanna Guðrún næstum blind

„Það mátti ekki tæpara standa. Ef ekki hefði verið gripið í taumana hefði ég tapað sjóninni eða hún skerts verulega. Á tímabili leit út fyrir að svo yrði en ég er nú að ná fullum bata. Ég er mjög þakklát að ekki fór verr en á horfðist,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún – sem kemur fram undir listamannsnafninu Yohanna.

Jóhanna Guðrún, sem búsett er í Danmörku, flaug til landsins á föstudag og leitaði þá þegar til læknis síns sem lét umsvifalaust leggja hana inn. Jóhanna hafði áður séð roða í vinstra auga sínu og leitaði til læknis í Danmörku. Hann taldi þetta tilfallandi en svo versnaði augað og þessu fylgdi mikill höfuðverkur.

„Ég er svo heppin að mamma er hjúkrunarkona og hana grunaði að ekki væri allt með felldu,“ segir Jóhanna, sem þjáist af ákveðinni og sjaldgæfri tegund gigtarsjúkdóms. Læknir hennar hér á landi þekkti til ástands hennar og sjúkdómsgreindi hana þegar: Alvarlegar bólgur í sjónhimnu sem tengjast gigtarsjúkdómnum. Hann sendi Jóhönnu Guðrúnu þegar á sjúkrahús þar sem hún hlaut viðeigandi meðhöndlun. Hún lá þrjá sólarhringa á sjúkrahúsinu en er nýlega komin heim.

„Danski læknirinn þekkti ekki tenginguna við sjúkdóminn sem ég er með. Enda er þetta sjaldgæft. Þeir héldu eðlilega að þetta væri eitthvað annað. Ég ákvað að drífa mig heim og það mátti ekki vera degi síðar. Heilbrigðiskerfið hér er frábært. Alltaf þegar ég hef verið veik hef ég fengið toppumönnun,“ segir Jóhanna.

Söngkonan unga ætlar hvergi nærri að leggja árar í bát. Hún fer aftur utan til að halda tónleika sem er útskriftarverkefni hennar við Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn – söngskóli fyrir atvinnusöngvara. Hún kemur svo aftur til þess eins að halda utan til Nashville í Bandaríkjunum um næstu mánaðamót. Jóhanna er með samning við Sony sem kveður á um að hún dvelji í þrígang í stúdíói í mekka kántrítónlistarinnar við það eitt að semja lög fyrir sig og aðra. „Það verður æðislegt og ég hlakka mikið til. Þar verð ég að semja á fullu og kannski jafnvel koma eitthvað fram,“ segir Jóhanna Guðrún sem sannarlega var hætt komin.

jakob@frettabladid.is



**JÓHANNA GUÐRÚN** Sjaldgæfur gigtarsjúkdómur hennar kallaði fram svæsnar augnhimnubólgur sem ógnuðu sjón hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Keppir í Mr. Gay Europe

Hreinn Erlingsson mun taka þátt í keppninni Mr. Gay Europe í Búdapest í júlí. Þó að mörg lönd séu með undankeppni áður en að Evrópukeppninni kemur er þátttaka Hreins komin til eftir öðrum leiðum. „Ég rakst bara á heimasíðu keppninnar á netinu í apríl. Ég hafði aldrei heyrt um hana áður, en vinir mínir mönuðu mig til að fara í þetta, svo ég sendi inn umsókn. Fjórum klukkutímum seinna var svo hringt í mig og mér boðið að taka þátt,“ útskýrir Hreinn. Keppnin fer fram í Búdapest í ár og stendur yfir frá 2. til 6. júlí. „Ég hugsaði bara – af hverju ekki? Allt uppihald er frítt, svo þetta verður bara góð skemmtun og upplifun,“ segir Hreinn.

Hann mun keppa við fulltrúa landa á borð við Írland, Rúmeníu og Rússland, en enn er óljóst hverjir verða fulltrúar Austurríkis, Belgíu, Tékklands, Ungverjalands, Möltu, Hollands og Noregs.



**ÍSLAND Í GAY EUROPE** Hreinn Erlingsson verður fulltrúi Íslands í keppninni Mr. Gay Europe í Búdapest í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Keppnin sjálf er bara svona eins og Miss America,“ segir Hreinn kíminn, en hann hefur ekki tekið þátt í svipuðum keppnum áður. „Það verður baðfatasýning og svo er dómnefnd sem maður fær að spjalla við. Svo er líka hæfileikakeppni, sem ég veit reyndar ekkert hvað ég á að gera í,“ útskýrir hann.

Hreinn hlakkar, eðlilega, til ferðarinnar og keppninnar í júlí. „Það er alltaf gaman að fara eitthvað svona og prófa eitthvað nýtt,“ segir hann. Hann kveðst þó ekki hafa verið í stífum undirbúningi frá því að hann fékk inngöngu í keppnina. „Ég reyndi nú að drífa mig í ræktina, sem hefur alveg gert sitt, en ég er ekkert búinn að fara í tannhvíttun eða neitt þannig,“ segir Hreinn hlæjandi. „Ég ætla ekkert að fara út í neinar öfgar með þetta. Ég er bara að fara til að skemmta mér.“

- sun

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt og glæsilegt Kringlublað kom út á dögunum og er það hið vandaðasta. Ritstjórn og útlitshönnun blaðsins er í höndum hjónanna **Odds Þórissonar** og **Marie France Þórisson**. Þau hjónin eru skynsöm og fara eftir hinu fornkveðna, að ekki skuli leita langt yfir skammt. Þannig eru myndir af Marie sjálfri með dóttur þeirra hjóna á einni síðu, tveimur börnum Odds af fyrra sambandi á sitthvorri síðunni og bróður Odds á öðrum stað blaðinu. Til hvers að sækja vatnið yfir lækinn?



Eins og frægt er orðið ákvað Eurobandið að gefa út sína fyrstu plötu upp á eigin spýtur. Tónlistarmenn sem gera slíkt taka alla áhættu á sig, og fá þá í staðinn allan gróðann sem verður af sölu plötunnar. Þau **Friðrik Ómar** og **Regína Ósk** ætla ekki að sitja uppi með lager af plötunni og deyja ekki ráðalaus. Hafa þau brugðið á það ráð að bjóða með plötunni pitsu frá Dominos og tveggja lítra kók í kaupbæti.



Vegir guðs eru órannsakanlegir. Í síðasta hefti Séð og heyrt er fjallað ítarlega um komandi brúðkaup **Bubba Morthens** og **Hrafnhildar Hafsteinsdóttur** sem verður haldið 5. júní. Bubbi ætlar að gifta sig á Reynivöllum í Kjós enda er það sóknarkirkja hans, rétt hjá Meðalfellsvatni. En nú vill svo skemmtilega til að ritstjóri Séð og heyrt, **Eiríkur Jónsson**, og **Petrína Sæunn Úlfarsdóttir** giftu sig einmitt þar í sumar. Fetar Bubbi þannig í fótspor síns forna fjanda Eiríks, en þeir hafa eldað grátt silfur saman, hann sem poppstjarna og Eiríkur sem blaðamaður. Brúðkaup Eiríks var reyndar án tilstands og var það séra **Gunnar Kristjánsson** sem helgaði giftingu hans en meira verður við að vera hjá Bubba og segir sitt að það er séra **Pálmi Matthíasson** sem framkvæmir hjónavígsluna.



- shs/jbg

heima Öndvegi

# LAGERSALA

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

# 25 - 80%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!



**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## *Verið hrædd!*

Á sunnudaginn sat ungur lyfjafræðinemi og steytti hnefana framan í sjónvarpskerm. Það sauð á honum gremjan. Hvernig dirfðust þau? Hann var að horfa á grillveislu. Grillkjötið var átrúnaðargoð unga mannsins, sjálfur Luftstürmmeister Magnús Þór Hafsteinsson. Samfylkingarmoggasmástirnið Kristrún Heimisdóttir, Egill Helgason, Reynir Traustason og Amal Tamimi skiptust á að snúa grillteininum. Þetta voru einkar ósvífnar árásir. Því gat þetta fólk ekki séð að það er ódýrara að senda klippur og kjöt til útlanda en að flytja hlekkjað og hungrað fólk til Íslands?

**„ÞAU** skulu fá þetta borgað!“ hugsaði lyfjafræðineminn og í huga hans varð til skammarræða hvers affall rataði í bloggfærslu strax sama daginn. En það var ekki nóg. Hér dygði ekki minna en útvarpsávarp! Hann gerði sitt besta til að byrgja inni gremjuna uns honum tókst að skreiðast fram fyrir hljóðnema. Þetta yrði epískt. Hann skyldi tala blaðlaust! Þannig héldist innblásturinn. Ekkert of ígrundað. Útblástur sálarinnar skyldi sigla á öldum ljósvakans, hreinn og ómengaður eins og hinsta andvarp berklasjúkrar jómfrúar.

**„GÓÐAN** daginn, kæru Íslendingar!“ Þjóðin lagði við hlustir. Um allt Breiðholtið hætti fólk við að spenna á sig spelkur, skrúfa toppana af lyfjaglösum og losa innsiglin af vindlingapökkum. „Ég á ekki orð!“ Já, lyfsali framtíðarinnar átti ekki orð. Ekki eitt aukatekið orð yfir þessu og enn síður yfir hinu. Hann beinlínis átti svo fá orð að nær verður ekki komist því að þegja í útvarpserindi.

**ÞÓ** lumaði hann auðvitað á nokkrum vel völdum orðum. Minna mætti það nú vera. Hér var enda um að ræða vonarstjörnu allra fjósbitapúka landsins. Höfundur slagorðsins Þeir eru að berja Íslendinga! léti sig ekki reka algjörlega kjaftstopp á eyrnafjörur landans. Ekki á sama tíma og axarmorðingjar ráfuðu um miðborgina og ungir Skagasveinar færu í rúmið klukkan tíu á föstudagskvöldum af ótta við að rekast á starandi og blóðhlaupin maskarainnrömmuð girndaraugu einstæðra mæðra út um bréfalúguop á djammbúrkum.

**NEI,** nú skyldi ekki þagað! Og þrátt fyrir að eiga ekki orð mæltist pillupotaranum vel: „Verið hrædd! Verið hrædd við kjöt af drepsjúkum rollum. Verið hrædd við axarmorðingja. Verið hrædd við vergjarnar konur. Verið hrædd við börnin þeirra. En umfram allt verið hrædd við eitthvað.

**VIÐ** Maggi skulum passa ykkur.“

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 22. maí, 144. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.50 | 13.24 | 23.01 |
| Akureyri | 3.11 | 13.09 | 23.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


